**SNÆR SELJAN**

*Væri alveg til í að mæta Rússunum aftur*

ferðir bílar veiði sumar heimili

allt Í MIÐJU BLAÐSINS




**HÁSKÓLI**

*Nýstárlegar námsleiðir, fjölbreytni og gróska*

Sérblað um háskóla

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG.










# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

30. janúar 2008 — 117. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


**MIÐVIKUDAGUR**

**Styttri afgreiðslutíma**



Elín Guðrún Gunnlaugsdóttir, íbúi í miðborginni, krefst styttri afgreiðslutíma skemmtistaða.

FÓLK 34

**Mývargur**

Einar Már Jónsson skrifar um mývarginn sem fælir burt unga óknyttapésa með næma heyrn.

Í DAG 20

**Rappstríð**



Íslenskir rapparar deila hart hver á annan. Bent Rottweilerhundur segir þetta storm í vatnsglasi.

FÓLK 36

**Scholes hetja United**



Paul Scholes skaut Man. Utd í úrslitaleik Meistaradeildarinnar.

ÍÞRÓTTIR 38

**VEÐRIÐ Í DAG**




**HVASSAR HVIÐUR** Í dag verða norðan 8-15 m/s víðast hvar en þó snarpari vindur í hviðum við fjöll, einkum syðra. Snjókoma eða slydda norðan til, slydda eða rigning fyrir austan annars skýjað með köflum.

VEÐUR 4

# Hjúkrunarfræðingar ganga út á miðnætti

**Stjórnendur heilbrigðismála fóru í gærkvöldi yfir viðbragðsáætlun sem notast á við vegna uppsagna hjúkrunarfræðinga. Neyðaráætlun kynnt seinna í dag.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Ég vona að hjúkrunarfræðingar geri sér grein fyrir þeirri ábyrgð sem þeir axla með þessum aðgerðum,“ sagði Björn Zoëga, forstjóri Landspítalans, eftir að skurð- og svæfingarhjúkrunarfræðingar tilkynntu í gær að uppsagnir þeirra myndu standa.

Uppsagnir hjúkrunarfræðinganna taka gildi á miðnætti. Þá fer af stað neyðaráætlun á Landspítalanum. Anna sagði í gærkvöldi að of snemmt væri að segja til um hvaða áhrif aðgerðirnar myndu hafa á starfsemi spítalans og hag sjúklinga. Ekki væri búið að ljúka gerð neyðaráætlunarinnar en hana á að kynna seinni part dags að sögn Önnu Stefánsdóttir, annars forstjóra spítalans.

Forstjórar spítalanna á höfuðborgarsvæðinu og í nágrenni þess, funduðu í gærkvöldi í heilbrigðisráðuneytinu ásamt Guðlaugi Þór Þórðarsyni heilbrigðisráðherra og fulltrúa landlæknis. Á fundinum var farið yfir viðbragðsáætlanir vegna aðgerða hjúkrunarfræðinga. Guðlaugur sagði að loknum fundi að allir forstjórar kragasjúkrahúsanna hefðu lýst sig reiðubúna að veita Landspítalanum eins mikið liðsinni með því að bæta á sig verkefnum. Þegar var búið að ganga frá því að sjúkrahúsið á Akureyri gerði það eins og lög kveða á um.

Björn segir það mikil vonbrigði að hjúkrunarfræðingar hafi ákveðið að standa við uppsagnirnar. Stjórnendur spítalans hafi rétt fram sáttarhönd með því að ákveða að breytingum á vaktafyrirkomulagi yrði frestað um fimm mánuði. Vigdís Árnadóttir, trúnaðarmaður á skurðdeild Landspítalans, segir að með því sé aðeins verið að fresta vandanum.

Lára Scheving Thorsteinsson, fulltrúi landlæknis, segir að breytingar á vöktum ógni ekki öryggi sjúklinga eins og hjúkrunarfræðingar hafa sagt. „Hins vegar ógnar það sjúklingum að ganga út af spítalanum,“ segir hún.

Nær allir af þeim geislafræðingum sem starfa á spítalanum hafa einnig sagt upp störfum. Í gærkvöldi höfðu þeir ekki tekið ákvörðun um framhaldið.

- kdk/ sjá síðu 10



**VORVERK Í LAUGARNESINU** Hrafn Gunnlaugsson kvikmyndagerðarmaður vann að því í gær að koma fyrir forláta akkeri í garðinum við húsið sitt á Laugarnestanganum. Akkerið færði honum gamall sjómaður fyrir nokkrum árum en það er ekki fyrr en núna sem Hrafn fann því stað. Garðinn kallar Hrafn „náttúrugallerí“, en hann hófst handa við að byggja hann upp fyrir tveimur áratugum í framhaldi af leikmyndasmíð á túninu með Karli Júlíussyni leikmyndahönnuði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**GÍSLI ÖRN GARÐARSSON** Leikritið Ást eftir Gísla Örn verður frumsýnt í lok maí.

Setja upp leikrit í London:

## Þekktar sápustjörnur í Ást

**FÓLK** Þekktar stjörnur úr breskum sjónvarpsþáttum og sápuóperum skipa stærstu hlutverkin í uppsetningu Lyric Hammersmith-leikhússins á söngleiknum Ást eftir Gísla Örn Garðarsson og Víking Kristjánsson.

Bond-pían Honor Blackman hlaut ekki náð fyrir augum Gísla eftir fjölmenn áheyrendapróf, en hún lék Pussy Galore í Goldfinger. Sýningin verður frumsýnd 29. maí en hún hefur verið löguð að bresku þjóðlífi og því hefur íslensku slögurum verið skipt út fyrir vinsæla enska tónlist.

- fgg / sjá síðu 42

Um 800 milljarða innlán:

## Icesave í evrum

**VIÐSKIPTI** Landsbankinn mun bjóða upp á innlánsreikninginn Icesave í evrulöndum frá og með næsta mánuði og er stefnt að því að taka reikninginn upp í fjórum til fimm löndum á þessu ári auk Bretlands, þar sem 220 þúsund sparifjáreigendur hafa bundið fé í honum frá því hann var stofnaður fyrir hálfu öðru ári.

Kaupþing hefur boðið upp á innlánsreikninginn Kaupthing Edge í hálft ár og eru viðskiptavinir þegar orðnir ríflega hundrað þúsund í átta löndum.

Samkvæmt heimildum Markaðarins nema heildarinnlán á þessum reikningum nú um 800 milljörðum króna, sem kemur sér vel fyrir bankana nú þegar fátt er um fína drætti á alþjóðlegum fjármögnunarmörkuðum.

- bih / Sjá Markaðinn

Kaupendur lóða á höfuðborgarsvæðinu ná ekki að fjármagna kaupin:

## Tugum lóða hefur verið skilað

**VIÐSKIPTI** „Fólk nær ekki að fjármagna lóðakaupin. Bankarnir eru ekki tilbúnir að lána nema á mun lakari kjörum en áður,“ segir Hrólfur Jónsson, yfirmaður Framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar.

Um 25 lóðum sem úthlutað var við rætur Úlfarsfells hefur verið skilað. Einhverjum þeirra mun raunar hafa verið úthlutað að nýju. Við úthlutun í fyrravor var hægt að fá lóð þar undir einbýlishús fyrir um ellefu milljónir króna. Síðan þá hefur byggingakostnaður hækkað mikið, auk þess sem lánakjör hafa versnað mikið.

Um fimmtán prósentum lóða sem nýlega var úthlutað á Völlunum í Hafnarfirði hefur verið skilað. Þar er komið að gjalddaga og fólk ræður ekki við kaupin, samkvæmt upplýsingum frá Hafnarfjarðarbæ.

Eftir því sem næst verður komist hefur fólk gengið úr skaftinu með lóðakaup á síðustu stundu í nýjum hverfum í Mosfellsbæ, þar sem bankinn hefur haldið að sér höndum.

Í Kópavogi var í september úthlutað lóðum í Vatnsendahlíð. Þegar hefur sautján lóðum af rúmlega 200 verið skilað aftur til bæjarins.

- ikh / Sjá Markaðinn


E S E D R A



Rafkaup
Ármúla 24 • S: 585 2800
OPIÐ LAUGARDAG KL:11-16

Einstaklingstilboð nr. 1
Pizzasneið, lítill pastaréttur og gosglas
890 kr.
sbarro

Stjörnutorgi Kringlunni og Suðurlandsbr. 46
www.sbarro.is • sími 517 7750

germanwings.com
Nýtt: Flug til Þýskalands!
Frá 19€ Ásamt*

*Ásamt skatti, báðar leiðir og fyrir áfanga, takmarkaður fjöldi.
Pantaðu núna: germanwings.com

SPURNING DAGSINS



*Geirmundur, sér nokkuð á sveiflunni?*

„Hún er enn þráðbein.“

Geirmundur Valtýsson, konungur skagfirsku sveiflunnar, fagnar fimmtíu ára tónlistarafmæli um þessar mundir.

Framkvæmdastjóri S8 vandar Háskóla Íslands ekki kveðjurnar:

# Háskólinn klekkir á keppinauti

**VIÐSKIPTI** Jóhann Halldórsson, framkvæmdastjóri S8, gagnrýnir harðlega framgöngu stjórnarmanna Háskóla Íslands (HÍ) sem hafa mótmælt harðlega sölu borgarinnar á sex þúsund fermetra lóð næst höfuðstöðvum Íslenskrar erfðagreiningar í Vatnsmýri.

Starfsmenn framkvæmda- og eignasviðs borgarinnar höfðu gengið frá samkomulagi um sölu lóðarinnar til S8, en Kristín Ingólfsdóttir gerði alvarlegar athugasemdir við söluna og í framhaldinu sagði Ólafur F. Magnússon borgarstjóri í Fréttablaðinu síðastliðinn sunnudag að afgreiðslu málsins yrði frestað uns sátt hafi náðst um málið.



**HÁSKÓLI ÍSLANDS** Hart er barist um lóðina næst höfuðstöðvum Íslenskrar erfðagreiningar.

„Málið er það að H.Í. og S8 eru í samkeppni í lokuðu útboði um byggingu og leigu á húsnæði fyrir Matís sem á að koma á lóðinni og það sem vakir fyrir stjórnarmönnum háskólans er að útiloka okkur frá þátttöku í útboðinu til að tryggja sína hagsmuni,“ segir Jóhann. Hann segir enn fremur að samningur borgarinnar og S8 hafi þegar verið undirritaður og bíði einfaldlega formlegrar afgreiðslu. Aðspurður hvað S8 hyggist gera ef málið fái ekki formlega afgreiðslu segir hann: „Við hugsum ekkert um það enda treystum við því að borgin standi við gerða samninga.“ Skilafrestur í útboðinu er til 8. maí. Málið verður væntanlega tekið fyrir á borgarráðsfundi í dag.

Ekki náðist í Kristínu Ingólfsdóttur rektor, Ólaf F. Magnússon borgarstjóra né Vilhjálm Vilhjálmsson, formann borgarráðs. **- jse**

Przewmyslaw Plank:

# Framseldur til Póllands

**DÓMSMÁL** Björn Bjarnason dómsmálaráðherra hefur fallist á að Pólverjinn Przemyslaw Plank, sem setið hefur í gæsluvarðhaldi í um tvær vikur, verði framseldur til Póllands. Plank er grunaður um að hafa verið í hópi fjögurra manna sem frömdu morð.

Auk þess hafa pólsk lögregluyfirvöld hann grunaðan um að tengjast skipulagðri glæpastarfsemi.

Ríkissaksóknari hefur ákvörðun ráðherra til skoðunar, eins og lög og reglur gera ráð fyrir, en Plank getur vísað málinu til dómstóla kjósi hann svo. **- mh**

Kaupa helming í SecurStore:

# Ætla sér stóra hluti í Bretlandi

**VIÐSKIPTI Bjarni Ármannsson og Örn Gunnarsson hafa til jafns keypt helmingshlut í tölvufyrirtækinu SecurStore á Akranesi.**

**Örn, sem lætur af störfum hjá Saga Capital, verður framkvæmdastjóri og Bjarni stjórnarformaður. Kaupverð er ekki gefið upp en áætluð velta fyrirtækisins, sem sótt hefur fram í Bretlandi með öryggisafritunarþjónustu yfir netið, er áætluð 200 milljónir króna í ár.**

**Fyrri eigendur félagsins sem leitt hafa uppbyggingu þess og markaðssókn starfa þar áfram og eiga helming á móti nýju fjárfestunum. - ókÁ / sjá Markaðinn**



**PRÚÐBÚNIR VERZLINGAR** Prúðbúnar stúlkur Verzlunarskólans hafa glatt augu borgarbúa frá 1924. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Peysufatadagur Verzlinga:

# 85 ára hefð viðhaldið í gær

**SKÓLASTARF** Fjórðubekkingar í Verzlunarskóla Íslands héldu peysufatadaginn svokallaða hátíðlegan í 85. sinn í gær og viðhéldu þar hefð sem nær allt til ársins 1924. Um er að ræða um 300 nemendur sem eru að ljúka verslunarprófi eftir tveggja ára nám. Taka þeir hlé frá prófléstri og fagna vorkomu með þessum hætti.

Eftir dagskrá í skólanum var gengið niður Laugaveginn að Ingólfstorgi, þar sem dansað var við harmónikkuleik. Snæddur var hádegisverður í Perlunni og lauk dagskránni með dansleik um kvöldið. **- shá**

# Borgi sjálfur beyglu eftir fljúgandi bolta

**Eiganda bíls sem skemmdist illa undan fótbolta við Egilshöll er neitað um bætur frá tryggingafélagi þar sem aðeins hafi verið um slys að ræða sem engum hafi verið að kenna. Boltar fljúga reglulega yfir lága girðingu og út á Víkurveg.**

**TRYGGINGAR** „Ég legg til að Víkurvegi verði hreinlega lokað úr því að þetta á að vera svona,“ segir eigandi bíls sem skemmdist þegar fótbolta var skotið í hann við Egilshöll.

„Konan mín var að aka um Víkurveg að kvöldlagi þegar fótbolti kom yfir girðingu við völl hjá Egilshöll og lenti á vinstra frambrettinu þannig að það eyðilagðist. Og þetta er örugglega ekki síðasti boltinn sem kemur yfir þessa girðingu því hún er alltof lág,“ segir Guðmundur M. Kristjánsson.

Reikningurinn vegna viðgerðar á bílnum ætlaði Guðmundur að fá greiddan hjá Egilshöll. Hann segir að framkvæmdastjóri þar hafi sagt að húsið væri vel tryggt. „Þá kom í ljós að tryggingafélagið neitaði að borga því þetta væri bara óhapp,“ segir Guðmundur sem sjálfur situr því uppi með 124.249 króna kostnað vegna þess eins að konan hans ók bílnum um eina af götum borgarinnar.

Í bréfi sem VÍS sendi Guðmundi kemur fram það álit að Egilshöll hafi ekki skapað sér skaðabótaábyrgð með frágangi við fótboltavöllinn. „Líta verður á þetta atvik sem slys og því engum að kenna,“ segir VÍS sem síðan bendir Guðmundi á hann geti skotið ákvörðun félagsins til tjónanefndar vátryggingafélaganna eða úrskurðarnefndar í vátryggingamálum.

Guðmundur segist algerlega ósammála því að frágangurinn við knattspyrnuvöllinn sé forsvaranlegur.



**GUÐMUNDUR M. KRISTJÁNSSON** Bíll Guðmundar skemmdist undan fótbolta við Egilshöll. Þær tíu mínútur sem ljósmyndari Fréttablaðsins staldraði við á mánudag komu tvívegis boltar fljúgandi út á götu. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

„Það sjá allir að þessi girðing er alltof lág, aðeins rúmir þrír metrar. Boltarnir fljúga þarna reglulega yfir og út á Víkurveg sem vill til að er fjölfarin aðalbraut. Það getur ekki verið eðlilegt að fólk sem ekur um götur borgarinnar lendi í stórútgjöldum vegna þess að hlutir komi óvænt fljúgandi í bíla þeirra,“ segir Guðmundur sem kveðst íhuga næstu skref:

„Það kostar þrjátíu þúsund bara að fá viðtal við lögfræðing og ég hef ekki ráð á því. En ég býst við að ég reyni þó að koma málinu einhvern veginn fyrir þessar úrskurðarnefndir. Ég get ekki látið bjóða mér hvað sem er.“

gar@frettabladid.is

> Boltarnir fljúga þarna reglulega yfir og út á Víkurveg sem vill til að er fjölfarin aðalbraut.
>
> GUÐMUNDUR M. KRISTJÁNSSON

Geir Haarde forsætisráðherra:

# ESB-aðild ekki sett á dagskrá

**ALÞINGI Það er ekki meiningin að Sjálfstæðisflokkurinn skipti um afstöðu til aðildar að Evrópusambandinu. Geir H. Haarde forsætisráðherra svaraði því til, spurður á Alþingi í gær.**



**GEIR H. HAARDE**

**Hann sagði stjórnarsáttmálann hvorki kveða á um að ganga eigi í Evrópusambandið né heldur að ekki eigi að ganga í sambandið. „En ef það ætti að gera það þyrfti að semja um það upp á nýtt og þá þyrfti Sjálfstæðisflokkurinn að skipta um afstöðu frá því sem hann hefur í dag og það er ekki meiningin,“ sagði Geir. - bþs**

Mótmælendur og lögregla:

# Koma fyrir allsherjarnefnd í dag

**ALÞINGI** Fulltrúar atvinnubílstjóra og lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu koma fyrir allsherjarnefnd Alþingis í dag og ræða atburðina sem urðu við Norðlingaholt síðasta vetrardag. Þá sló í brýnu milli mótmælenda og lögreglu. 21 var tekinn höndum og hald lagt á sextán bíla.



**BIRGIR ÁRMANNSSON**

„Við munum fá lýsingu á atburðum dagsins og nefndarmenn fá færi á að spyrja menn út úr,“ sagði Birgir Ármannsson, formaður nefndarinnar, í samtali við Fréttablaðið.

Fulltrúar dómsmálaráðuneytisins koma einnig fyrir nefndina. **- bþs**




Kjarasamningur grunnskólakennara getur reynst sveitarfélögum erfiður:

# Breytum ekki forsendum

**GRUNNSKÓLAKENNARAR** Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri í Kópavogi, er sáttur við kjarasamninginn sem grunnskólakennarar hafa gert. „Ljóst er að þetta verður örugglega mörgum sveitarfélögum erfitt,“ segir hann en telur samninginn hagstæða lendingu fyrir báða. „Við verðum bara að finna leið til að kljúfa það þótt okkar bæjarfélag sé vel sett og betur rekið en mörg önnur. Við munum væntanlega skera niður í framkvæmdum á móti.“

Ólafur F. Magnússon borgarstjóri fagnar kjarasamningnum og telur að hann skapi frið um skólastarfið. Samningurinn þýðir um 600 milljóna króna kostnaðarauka fyrir borgina sé ekki tekið tillit til þeirrar eingreiðslu sem borgin hafi greitt kennurum.

„Við þurfum ekki að breyta grunnforsendum í borgarrekstrinum en þetta kallar alltaf á nýtt mat við gerð næstu áætlunar út frá þeim kostnaði sem af þessum samningi hlýst,“ segir Ólafur.

Ragnheiður Skúladóttir, trúnaðarmaður kennara í Ingunnarskóla, telur að kennarar séu þokkalega sáttir. Hún bendir á að kennarar hafi verið mjög svartsýnir fyrirfram. Ungir kennarar fá mest út úr kjarasamningnum og það telur Ragnheiður að „við gömlu refirnir“ séu sáttir við.



**ÓLAFUR F. MAGNÚSSON** „Við þurfum ekki að breyta grunnforsendum í borgarrekstrinum.“



**GUNNAR I. BIRGISSON** „Við verðum bara að finna leið til að kljúfa það.“

Norðurþing rekur þrjá grunnskóla. „Við verðum bara að líta á þetta jákvæðum augum, bretta upp ermarnar og reyna að standa í stykkinu hvað peningana varðar,“ segir Bergur Elías Ágústsson sveitarstjóri. **- ghs**




# GOTT Á HAUS
# NOTUM HJÁLM

Eimskip og Kiwanis færa öllum börnum á sjöunda aldursári reiðhjólahjálm að gjöf. Eimskip og Kiwanis hafa undanfarin fimm ár átt farsælt samstarf og hafa dreift rúmlega 23.000 hjálmum til grunnskólanema vítt og breitt um landið.

Reiðhjólahjálmar geta komið í veg fyrir alvarlega höfuðáverka og jafnvel bjargað mannslífum.

Reykjavíkurborg Kiwanis UMFERÐARSTOFA EIMSKIP

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 08-0763

## GENGIÐ 29.04.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 73,82 | 74,18 |
| Sterlingspund | 145,75 | 146,45 |
| Evra | 114,9 | 115,54 |
| Dönsk króna | 15,4 | 15,49 |
| Norsk króna | 14,404 | 14,488 |
| Sænsk króna | 12,277 | 12,349 |
| Japanskt jen | 0,7087 | 0,7129 |
| SDR | 119,92 | 120,64 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
148,3362

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Guðni Ágústsson segir Framsókn hafa sýnt ábyrgð við stjórn efnahagsmála:

# Ekki mistök að lækka skatta

**STJÓRNMÁL** Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins, segir Seðlabankann staðfesta það sem flokkur hans hafi haldið fram frá haustdögum; að ríkisstjórnin hafi ekki gert sér grein fyrir aðsteðjandi efnahagsvanda.

Seðlabankinn svaraði í fyrradag spurningum þingflokks Framsóknar um efnahagsmál. Í svarinu kemur fram að stjórnvöld hafi ekki sýnt nægilegt aðhald í efnahagsstjórn, samhliða stóriðjuframkvæmdunum á Austurlandi. Nefndar eru – ásamt öðru – breytingar á útlánastefnu Íbúðalánasjóðs og skattalækkanir sem ákveðnar voru í tíð ríkisstjórnar



**GUÐNI ÁGÚSTSSON** formaður Framsóknarflokksins.

Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks.

Guðni segir þessar ákvarðanir hafa verið mikilvægar. Íbúðalánasjóði sé ætlað að gera fólki kleift að eignast þak yfir höfuðið. „Það er rangt að segja að 90 prósenta lánin hafi valdið glundroða. Glundroðinn varð fyrst þegar bankarnir komu á fullri ferð og ætluðu að ganga frá Íbúðalánasjóði með því að yfirbjóða hann.“ Þá hafi skattalækkanirnar verið mikilvægar, ekki síst lækkun matarskattsins. Hún greiði niður verðbólguna. „Þessar skattalækkanir voru ekki hagstjórnarmistök,“ segir Guðni.

Hann gagnrýnir aukningu ríkisútgjalda á fjárlögum ársins í ár og segir Seðlabankann staðfesta að taka þurfi með öðrum hætti á vandanum. - bþs

Sveitarstjórn Bolungarvíkur:

# Grímur fær biðlaun í 6 mánuði

**SVEITARSTJÓRNARMÁL Grímur Atlason, fráfarandi bæjarstjóri í Bolungarvík, fær biðlaun í sex mánuði samkvæmt ráðningarsamningi sem við hann var gerður í júlí 2006. Samningur hans gerði ráð fyrir 600 þúsund króna fastlaunagreiðslu og ómæld yfirvinna er innifalin í þeirri greiðslu. Grími var sagt upp störfum eftir að nýr meirihluti var myndaður í Bolungarvík í síðustu viku og miklar deilur fylgt í kjölfarið**

**Grímur hefur ekki gert upp við sig hvað hann ætlar að taka sér fyrir hendur en segir allt koma til greina. - shá**



**SINUELDUR** Ítrekað hefur verið kveikt í sinu við Hvaleyrarvatn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sinubruni við Hvaleyrarvatn:

# Þrír menn handteknir

**SINUBRUNI** Um fjörutíu slökkviliðsmenn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins auk tíu björgunarsveitarmanna frá Hafnarfirði börðust í fyrrinótt við eld í sinu við Hvaleyrarvatn við Hafnarfjörð.

Er talið að allt að fimm þúsund tré hafi skemmst í brunanum á ræktunarsvæði Skógræktarfélags Hafnarfjarðar. Búið var að slökkva mesta eldinn um klukkan sex í gærmorgun en slökkviliðsmenn voru á vakt fram undir klukkan tíu. Lögreglan handtók þrjá menn um tvítugt við Hvaleyrarvatn í fyrrinótt. Eru þeir grunaðir um að hafa kveikt eldinn og voru þeir yfirheyrðir í gær. Málið er í rannsókn. - ovd

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Harður árekstur

Fjórir menn voru fluttir á slysadeild eftir harðan árekstur tveggja fólksbíla á mótum Kringlumýrarbrautar og Suðurlandsbrautar laust fyrir klukkan tíu á mánudagskvöldið. Þurfti slökkvilið að beita klippum við að ná einum mannanna úr bílnum. Reyndust mennirnir ekki alvarlega slasaðir. Bílarnir eru báðir ónýtir.

Rangt heimilisfang var gefið upp á vinnustofu Rannveigar Tryggvadóttur leirlistakonu í dagskrá um Opið hús listamanna á Kópavogsdögum, í sérblaði um Kópavogsdaga í Fréttablaðinu í gær. Rannveig tekur á móti gestum á vinnustofu sinni að Kársnesbraut 114 í Kópavogi.

# Ávextirnir og flugfargjöld hafa hækkað mest af öllu

**Ávextir hækka mest af öllum liðum í vísitölu neysluverðs milli mánaða, 13,6 prósent. Flug og flutningar flugleiðis hækka um 13,2 prósent. Forsvarsmenn flugfélaganna neita því að verðlag hafi hækkað svo mikið.**

**EFNAHAGSMÁL** Ávextir hækkuðu mest milli mánaða af öllum liðum sem Hagstofa Íslands reiknar með inn í vísitölu neysluverðs. Samtals hækkuðu ávextir um 13,6 prósent frá því sem þeir voru í mars.

Flugfargjöld og flutningar á vörum flugleiðis hækkuðu mikið í vísitölunni milli mánaða, um 13,2 prósent. Flestir þættir sem falla undir ferðir og flutninga, meðal annars bensín og bílakaup, hækkuðu mikið milli mánaða en meðaltalshækkun í þeim lið var átta prósent.

Þar af hækkuðu bílar um ellefu prósent og varahlutir í farartæki um 8,1 prósent.

Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair, segir verð hafa hækkað lítið sem ekkert hjá félaginu milli mánaða. „Það er langt í frá að fargjöld Icelandair hafi hækkað um 13,2% milli mánaða. Öll flugfélög eru að glíma við mikla hækkun eldsneytisverðs og fargjöld hafa hækkað hér sem annars staðar en reyndar lítið sem ekkert hjá okkur milli mars og apríl. Hagstofan notar aðferð við sína mælingu sem getur verið mjög ónákvæm til skamms tíma og sú virðist raunin að þessu sinni.“

Guðrún R. Jónsdóttir, deildarstjóri vísitöludeildar hjá Hagstofu Íslands, segir mælingar á verðlagi byggjast á athugun á netfargjöldum flugfélaga á völdum stöðum. Verðið, með sömu forsendum, sé borið saman og verðbreytingin sé sú sem um munar hlutfallslega.

Matthías Imsland, forstjóri Iceland Express, segir mælingaraðferð Hagstofunnar líklega ástæðu þess að verðbreyting til hækkunar

> Hagstofan notar aðferð við sína mælingu sem getur verið mjög ónákvæm til skamms tíma og sú virðist raunin að þessu sinni.
>
> **GUÐJÓN ARNGRÍMSSON**
> UPPLÝSINGAFULLTRÚI ICELANDAIR

mælist svo mikil milli mánaða. Hún sé ekki í takt við veruleikann hjá Iceland Express frekar en Icelandair. Hins vegar sé rekstrarkostnaður flugfélaga alls staðar í heiminum að vaxa, einkum vegna hækkandi eldsneytisverðs, og að það skili sér út í verð á flugfargjöldum. „Hér er að auki hörð samkeppni sem heldur okkur á tánum,“ segir Matthías.

Úlfar Steindórsson, forstjóri Toyota á Íslandi, segir ellefu prósenta hækkun á bílum milli mánaða eingöngu skýrast af veikingu krónunnar. „Það er ekkert annað sem er að hækka verð á bílum en gengi krónunnar. Frá áramótum og til dagsins í dag hefur gengi krónunnar veikst um 24 prósent. Þetta hefur auðvitað áhrif á verðið.“

Úlfar segir einnig að breytingar á verklagi tollsins, frá 1. febrúar síðastliðnum, hafi leitt til þess að sveiflur á genginu komi fyrr fram í verðlagi. „Áður var það þannig að tollgengi hvers mánaðar var ákvarðað 28. dag mánaðarins á undan og var í gildi allan mánuðinn. Núna ákvarðast tollgengið á því hvernig gengið var daginn áður en tollafgreiðsla fer fram. Þetta þýðir að hækkunin kemur fram strax.“

magnush@frettabladid.is



**BÍLAR VIÐ HÖFNINA** Verð á nýjum bílum hækkaði um ellefu prósent milli mánaða. Úlfar Steindórsson, forstjóri Toyota á Íslandi, segir veikingu krónunnar vera einu ástæðuna fyrir verðhækkuninni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## VERÐHÆKKANIR MILLI MÁNAÐA

| Vara | Hækkun |
|---|---|
| Matur og drykkjarvörur | 6,4 % |
| - Brauð og kornvörur | 5,3 % |
| - Kjöt | 6 % |
| - Drykkjarvörur | 6 % |
| - Ávextir | 13,6 % |
| Áfengi og tóbak | 1,2% |
| Föt og skór | 4 % |
| Húsnæði, hiti og rafmagn | 1 % |
| Húsgögn, heimilisbúnaður o.fl. | 4,9 % |
| Heilsa | 2,6 % |
| - Lyf | 3,5 % |
| Ferðir og flutningar | 8 % |
| - Bílar | 11 % |
| - Varahlutir | 8,9 % |
| Póstur og sími | 0,1 % |
| Tómstundir og menning | 1,9 % |
| - Sjónvörp, myndbönd, tölvur o.fl. | 4 % |
| Menntun | 0,0% |
| Hótel og veitingastaðir | 2,1 % |
| Aðrar vörur og þjónusta | 1,5 % |

HEILBRIGÐ NÝSKÖPUN

Hópur nemenda í heilbrigðisverkfræði við Háskólann í Reykjavík hlaut nýsköpunarverðlaun forseta Íslands árið 2008.

Umsóknarfrestur er til 30. maí
Kynntu þér námið á www.hr.is

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 08-0608

## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson**
Veðurfræðingur

**ÁFRAM VINDASAMT**
Í dag verður áfram stíf norðan eða norðaustan átt á landinu, sýnu hvössust suðaustan til. Það lægir heldur með kvöldinu síst þó reyndar sunnan og austan Vatnajökuls. Á morgun og hinn eru áfram horfur á norðaustlægum áttum, stífum á Vestfjörðum annars skaplegri vindur.



**Á MORGUN** 5-13 m/s.

**FÖSTUDAGUR** 8-15 m/s á Vestfjörðum, annars hægari.

### HEIMURINN

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 16° |
| Billund | 17° |
| Ósló | 14° |
| Stokkhólmur | 16° |
| Gautaborg | 18° |
| London | 11° |
| París | 13° |
| Frankfurt | 16° |
| Friedrichshafen | 21° |
| Berlín | 20° |
| Alicante | 24° |
| Mallorca | 21° |
| Basel | 16° |
| Eindhoven | 15° |
| Las Palmas | 23° |
| New York | 15° |
| Orlando | 27° |
| San Francisco | 15° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.




## Nýr og glæsilegur
# Sælureitur
er kominn inn á öll heimili landsins

Lestu allt um viðarvörn bls. 90- 99

Lestu allt um pallagerð bls. 110-117



Þú getur fundið verðin á vörum sælureitsins á www.husa.is

# ALLT FYRIR PALLINN
## Á EINUM STAÐ





**Skjólgirðing, Vilníus**
180x80/95 sm
603300
**3.390**



**Skjólgirðing, Vilníus**
180x80 sm
603290
**3.290**



## Gagnvarin fura
Algengasta pallaefni á Íslandi.

| 21 x 95 mm | 28 x 95 mm | 98 x 98 mm |
|---|---|---|
| 0.9 - 4.5 m | 0.9 - 4.5 m | |
| 621601 | 628601 | 698600 |
| **139** kr/m | **199** kr/m | **499** kr/m |



## Lerki
Umhverfisvænt pallaefni án allra aukaefna. Fúavarið frá náttúrunnar hendi, harðgert og með mikla endingu. Mjög vinsælt pallaefni á Norðurlöndum.

21 x 90 mm 721600 **219** kr/m
28 x 95 mm 728600 **269** kr/m



**Skjólgirðing, Skandik** **13.900**
180x180 sm
603150



**Skjólgirðing, Skandik** **13.900**
180x180 sm
603205



**Girðingastaur fúavarinn**

Þvermál 50mm, lengd 120 sm
600002
**169 kr/stk**

Þvermál 50mm, lengd 150 sm
600004
**199 kr/stk**

Þvermál 70mm, lengd 180 sm
600008
**369 kr/stk**

HÚSASMIÐJAN x blómaval Frábær saman

## KJÖRKASSINN



*Telur þú í lagi að verslun 10-11 í Austurstræti sé opin allan sólarhringinn?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 41,3% |
| NEI | 58,7% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Er launahækkun grunnskólakennara með nýjum kjarasamningi of há?*

Segðu skoðun þína á visir.is

vísir

Fyrsti ársfjórðungur sérlega erfiður fyrirtækjum í fjármálaþjónustu:

# Exista tapar fimm milljörðum

**VIÐSKIPTI** Bókfært tap hluthafa fjármálaþjónustufyrirtækisins Existu á fyrsta ársfjórðungi nemur 43,8 milljónum evra, eða tæplega 5,1 milljarði króna miðað við gengi evru í gær. Félagið birti uppgjör sitt eftir lokun markaða í gær.

Á sama tímabili í fyrra nam hagnaður félagsins 640,7 milljónum evra. Tap fjórðungsins skýrist af verðbreytingum á skráðum eignum félagsins. Á fyrsta ársfjórðungi í fyrra hækkuðu skráðar eignir um 38,2 milljónir evra, en rýrnuðu á þessu ári um sem nemur 173,2 milljónir evra.

Heildareignir félagsins nema hins vegar 7,4 milljörðum evra, eða tæpum 858 milljörðum króna, og lækkuðu um 8,1 prósent í fjórðungnum. Eigið fé Existu nemur 2,3 milljörðum evra (267 milljörðum króna) og handbært fé nemur 485 milljónum evra (56,2 milljörðum króna) við lok fjórðungsins. Tryggt lausafé er sagt nægilegt til að mæta endurfjármögnun félagsins þar til í desember 2009.

Lýður Guðmundsson, stjórnarformaður Existu, segist sáttur við útkomu fjórðungsins, sem reynst hafi fyrirtækjum í fjármálaþjónustu sérlega erfiður. Hann segir að þrátt fyrir neikvæða afkomuhafi Exista staðið vörð um „sterkar fjárhagslegar undirstöður, öfluga lausafjárstöðu og framúrskarandi eignir“. **- óká**



**Á KYNNINGARFUNDI** Lýður Guðmundsson, stjórnarformaður Existu, segir að á tímum umróts á alþjóðamörkuðum hafi tekist að tryggja fjárhagsstyrk og lausafé félagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ólympíukyndilshlaupið:

# Mótmælt víðast nema í N-Kóreu

**VÍETNAM, AP** Þótt fagnaðarhróp hafi verið áberandi er hlaupið var með ólympíukyndilinn um götur stærstu borgar Víetnams í gær gekk hlaupið ekki alveg truflanalaust fyrir sig. Mótmælendur voru handteknir í höfuðborginni Hanoi. Ho Chi Minh-borg var einn síðasti viðkomustaðurinn á ferð kyndilsins um heimsbyggðina áður en hlaupið verður með hann um Kína.

Á svo til öllum viðkomustöðum kyndilsins nema í N-Kóreu þurfti öryggisgæslu til að mótmælendur gegn framgöngu kínverskra stjórnvalda í Tíbet og mannréttindamálum almennt næðu ekki að hindra för hlauparanna. **- aa**


FLUGFÉLAG ÍSLANDS
flugfelag.is
Burt úr bænum
Hópaferðir fyrir öll tilefni


Upplýsingar:
Sími 570 3075
hopadeild@flugfelag.is


## Dýflissan í Amstetten

Teikning byggð á lýsingu austurrísku lögreglunnar




Ljósmyndir: Rannsóknarlögreglan í Austurríki, Getty

© GRAPHIC NEWS


RVK • Þingvallavatn • Selfoss • RVK

AO ATLANTSOLÍA
Sparaksturskeppni
1. verðlaun 25.000 króna bensínúttekt.
Laugardaginn 3. maí. Skráning á www.atlantsolia.is
Skemmtilegur fjölskyldubíltúr frá Bíldshöfða.


# Dýflissan var byggð sem kjarnorkubyrgi

**Lögreglan í Austurríki segir að DNA-rannsókn hafi staðfest að Josef Fritzl sé faðir þeirra sex barna, sem enn eru á lífi af þeim sjö, sem dóttir hans eignaðist í kjallaraholunni þar sem hún hefur verið fangi föður síns í nærri aldarfjórðung.**

**AUSTURRÍKI** Kjallaraholan, sem Elizabeth Fritzl og þrjú barna hennar þurftu að hírast í, var smíðuð sem kjarnorkubyrgi fyrir um þrjátíu árum, þegar kalda stríðið var í hámarki. Á þeim tíma töldu margir þörf fyrir slíkt byrgi, þar sem fjölskyldan gæti skotist í skjól og lifað af kjarnorkustyrjöld.

Josef Fritzl sótti um opinbert leyfi fyrir slíku byrgi árið 1978 og hafði lokið við smíði þess árið 1983. Aðeins ári síðar, í lok ágúst árið 1984, lokaði hann átján ára gamla dóttur sína þar inni og slapp hún ekki úr prísundinni fyrr en nú um síðustu helgi, nærri 24 árum síðar.

Hann hafði níðst á henni kynferðislega síðan hún var ellefu ára gömul. Stuttu áður en hann lokaði hana inni hafði hún reynt að strjúka að heiman. Hann segist hafa viljað vernda hana fyrir eiturlyfjum.

Í byrginu eru tvö lítil svefnherbergi, hvort um sig með tveimur rúmum, auk salernis-, hreinlætis- og eldunaraðstöðu. Lofthæð er mest 170 sentímetrar og rýmið í heild innan við sextíu fermetrar. Þar ól hún föður sínum sjö börn og þrjú þeirra bjuggu þar alla ævi: tveir drengir sem nú eru fimm og átján ára, og nítján ára stúlka sem liggur fárveik á sjúkrahúsi.

> Fritzl var algerlega rólegur og sýndi engar tilfinningar í dómsalnum.
>
> **GERHARD SEDLACEK**
> SAKSÓKNARI Í AUSTURRÍKI

Drengirnir tveir eru sagðir við merkilega góða heilsu miðað við svo langa innilokun og sá yngri meira að segja brosmildur og kátur.

Í gær var skýrt frá því að rannsókn á lífsýnum úr Josef Fritzl staðfesti að hann sé faðir allra barnanna sex, sem enn eru á lífi. Sjöunda barnið lést nýfætt árið 1996.

Fritzl var leiddur fyrir dómara í gær sem úrskurðaði hann formlega í gæsluvarðhald.

„Fritzl var algerlega rólegur og sýndi engar tilfinningar í dómsalnum,“ sagði Gerhard Sedlacek saksóknari. Hann sagði að Fritzl hefði heldur ekki sagt margt um glæpi sína. Fritzl hafði á yngri árum hlotið dóm fyrir nauðgun og margir nágrannar hans vissu af því. Hann átti hús víða í Austurríki og var því mikið á ferðinni. Einnig ferðaðist hann reglulega til Taílands, og virðist hafa séð til þess að nægar matarbirgðir væru föngunum til reiðu á meðan.

Fritzl á yfir höfði sér allt að fimmtán ára fangelsi fyrir nauðganir. Einnig er verið að kanna hvort hægt verði að ákæra hann fyrir morð vegna þess að hann hafi látið undir höfuð leggjast að útvega einu barninu læknisaðstoð, sem hefði getað bjargað lífi þess. Barnið lést þriggja daga gamalt og hann brenndi líkið í miðstöðvarofni rétt fyrir utan dýflissuna.

**gudsteinn@frettabladid.is**


FLUGFÉLAG ÍSLANDS
flugfelag.is
Flugfrakt
Sækjum og sendum – hratt og örugglega á hagstæðu verði.


Til/frá Reykjavík
Akureyri 8-12 ferðir á dag
Egilsstaðir 5-7 ferðir á dag
Ísafjörður 2-3 ferðir á dag
Vestmannaeyjar 2-3 ferðir á dag
Aðeins eitt símtal í 570 3400 og málið er afgreitt.

# Hagkaup býður mesta vöruúrvalið!

OPIÐ til 20 alla daga










## Upplifðu nýja tíma!

## Snyrtivörudeildin Holtagörðum








Gildir til 4. maí eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

**VEISTU SVARIÐ?**



1 *Hvaða starfsstétt samþykkti kjarasamninga á mánudag?*

2 *Hvað heitir forsætisráðherra Finnlands, sem er í opinberri heimsókn á Íslandi?*

3 *Fyrir hverja syngur Ingó, söngvari Veðurguðanna, ekki?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 42

## Umræðan góð



BIRKIR JÓN JÓNSSON

Birkir Jón Jónsson þingmaður segir grein Jóns endurspegla mikla umræðu um Evrópusambandið í þjóðfélaginu. Umræðan sé skiljanleg í ljósi efnahagsástandsins nú. „Þetta er væntanlega lausn Jóns á því úrlausnarefni,“ segir Birkir.

Hann segir alla upplýsta umræðu um Evrópusambandið góða enda leggi menn enn þá mismunandi skilning í sum hugtök.

Það er mat Birkis að almennt sé fólk óráðið en meirihluti þjóðarinnar vilji skoða málin og ræða án þess að gefa sér niðurstöðuna fyrirfram. „Framsóknarflokkurinn hefur haft forystu í Evrópuumræðunni og það er mikilvægt að hann haldi því forystuhlutverki sínu,“ segir Birkir.

## Ágæt greining



MAGNÚS STEFÁNSSON

Magnús Stefánsson þingmaður segir Jón hafa greint ágætlega þau stóru mál sem liggja undir í Evrópusambandsmálinu.

„Jón telur tíma til kominn að við óskum eftir viðræðum og gengur þar með lengra en ég hef gert,“ segir Magnús sem vill að samningsmarkmið verði mótuð og á grundvelli þeirra verði þjóðin látin kjósa um hvort sækja eigi um eða ekki. Hann bendir á að þó Jón segist vilja sækja um komi afstaða hans til aðildar ekki fram í greininni.

Magnús segir mikla umræðu um málið í grasrót flokksins og þar séu skiptar skoðanir. „Ég hugsa að innlegg Jóns verði til að efla þá umræðu en það er ekki gott að segja til um hvort fylgismönnum aðildar fjölgi.“

## Ósammála Jóni



HÖSKULDUR ÞÓRHALLSSON

Höskuldur Þórhallsson þingmaður segir grein Jóns um margt ágæta. „Hún er liður í upplýstri umræðu, og það er jú stefna flokksins að spurningunni um aðild verði fyrst svarað eftir slíka umræðu. Aftur á móti er ég mjög ósammála niðurstöðu greinarinnar og tel, með vísun í ályktun flokksins, að langvarandi jafnvægi og stöðugleiki í efnahagsmálum sé meginforsenda í málinu. Sú er ekki staðan í dag og fyrst verðum við að ná tökum á þeim málum.“

Höskuldur segir það liggja fyrir að skiptar skoðanir séu innan Framsóknarflokksins um Evrópumálin og þar fari fram opinská umræða. Grein Jóns sé hvorki upphaf né endir þeirrar umræðu.

## Í ósamræmi við fyrri yfirlýsingar



BJARNI HARÐARSON

Bjarni Harðarson þingmaður segir Jón hafa sveigt af fyrri leið. „Greinin er ekki í neinu samræmi við stefnu Framsóknarflokksins og hún er heldur ekki í neinu samræmi við það sem Jón talaði fyrir á meðan hann var formaður. Hann lagði áherslu á að annars vegar hefðu menn gildi þjóðhyggjunnar hugstæð og hins vegar að til aðildar kæmi færum við ekki í ESB í veikleika. Hann hefur nú skipt um skoðun en ég get ekki séð að það tengist með nokkrum hætti þeim flokki sem hann veitti forystu.“

Bjarni telur ekki að grein Jóns muni hafa mikil áhrif á skoðun framsóknarmanna. „Hún mun ekki kúvenda skoðunum manna. Það er mjög skýrt að andstaða við aðildarviðræður, og það með aðild, er meiri innan Framsóknarflokksins en annarra flokka. Það er alveg sjálfsagt að þessi minnihlutahópur láti í sér heyra enda fylgismenn ESB í mikilli baráttu og vilja nýta sér óstöðugleikann í hagkerfinu til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.“



FORYSTA FRAMSÓKNAR Siv Friðleifsdóttir þingflokksformaður, Guðni Ágústsson formaður og Valgerður Sverrisdóttir varaformaður. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Titringur í Framsókn

**Framsóknarmenn greinir á um ágæti þeirrar skoðunar fyrrverandi formanns þeirra að Ísland eigi að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Sú skoðun gengur nokkuð lengra en stefna flokksins. Skjálftavirkni mældist í Framsókn í gær.**

**STJÓRNMÁL** Sú skoðun Jóns Sigurðssonar, fyrrverandi formanns Framsóknarflokksins, að Ísland eigi að sækja um aðild að Evrópusambandinu gengur lengra en ályktun flokksþings Framsóknar á síðasta ári. Hún gengur líka lengra en fyrri yfirlýsingar Jóns um Evrópumál.

Í grein í Morgunblaðinu í gær sagði Jón að Íslendingar eigi ekki að bíða lengur með framtíðarákvarðanir um aðildarumsókn að Evrópusambandinu; tími umsóknar sé kominn.

Formaður og varaformaður Framsóknarflokksins eru ósammála um raunhæfi þessarar skoðunar Jóns og samtöl við flokksmenn leiddu í ljós skiptar skoðanir um ágæti þess að greinin birtist. Töldu sumir hana geta skaðað flokkinn en aðrir sögðu hana heppilega til að draga fram ólíkar áherslur manna.

Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins, hefur farið fyrir andstæðingum aðildar. Hann segir að eins og nú hátti til sé ekki hægt að kljást við viðfangsefnið sem Jón setji fram í grein sinni, það er aðildarumsókn, því stjórnmálaumræðan hafi ekki snúist um það grundvallaratriði sem breyting stjórnarskrárinnar er. „Stjórnarskráin er algjörlega vanbúin undir málið og Samfylkingin og þeir stjórnmálamenn sem mest tala um Evrópusambandið hafa ekki krafist þess í ríkisstjórnarsamstarfinu að henni verði breytt,“ segir Guðni.

Valgerður Sverrisdóttir varaformaður segir hins vegar grein Jóns athyglisverða og „orð í tíma töluð“. Aðspurð segist hún sammála hverju orði sem í henni standi.

Guðni telur skoðun Jóns nú í ósamræmi við fyrri skoðanir hans. „Jón Sigurðsson kenndi mér þá mikilvægu lexíu að við myndum aldrei sækja um aðild í veikleika heldur, ef við ætluðum það einhvern tíma í framtíðinni, myndum við gera það í styrkleika.“ Spurður hvort grein Jóns muni hafa áhrif á aðildarumræðuna innan flokksins segist Guðni enga skoðun hafa á því. Valgerður er á hinn bóginn þeirrar skoðunar. „Já, auðvitað mun hún hafa áhrif. Allir í flokknum meta Jón mjög mikils og auðvitað hefur hann yfirburða þekkingu á þessum málum.“ Valgerður telur skoðun Jóns í samræmi við stefnu flokksins; þar sé öllu haldið opnu.

Siv Friðleifsdóttir þingflokksformaður segir Jón endurspegla viðhorf hluta flokksmanna. „Innan Framsóknarflokksins eru öfl sem vilja ganga í Evrópusambandið, öfl sem vilja bíða og sjá og öfl sem vilja ekki í ESB undir neinum kringumstæðum. Ég vil fara eftir stefnu flokksins sem er að undirbúa okkur og hvorki loka dyrum né sækja um strax.“ Fyrst af öllu þurfi að breyta stjórnarskránni og aðlaga hana nýjum veruleika í alþjóðasamstarfi. Siv segir grein Jóns mjög afgerandi og því kunni hún að hafa einhver áhrif á umræðuna innan flokksins. Málið verði eflaust rætt á næsta flokksþingi og ekki sé útilokað að einhverjar áherslubreytingar verði.

bjorn@frettabladid.is



JÓN SIGURÐSSON Fyrrverandi formaður Framsóknarflokksins.

### ÁLYKTUN FRAMSÓKNAR UM EVRÓPUMÁL

**Markmið**

Samskipti Íslendinga við Evrópusambandið byggjast fyrst og fremst á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Full ástæða er til þess að þróa frekar það samstarf þar sem það á við. Langvarandi jafnvægi og varanlegur stöðugleiki í efnahagsmálum er ein meginforsenda hugsanlegrar aðildar að Evrópusambandinu. Þannig geta Íslendingar byggt ákvarðanir sína á styrkleika og í samræmi við sinn eigin þjóðarmetnað, sem frjáls þjóð.

**Leiðir**

- Spurningunni um hvort Ísland eigi að gerast aðili að Evrópusambandinu verður fyrst svarað í kjölfar upplýstrar almennrar umræðu óháð flokkadráttum.
- Nauðsynlegt er að stjórnarskrá Íslands verði aðlöguð nýjum veruleika í Evrópu- og alþjóðasamstarfi, meðal annars til þess að tryggja að þátttaka Íslands í því sé hafin yfir allan vafa í nútíð og framtíð.
- Framsóknarflokkurinn lýsir sérstakri ánægju með störf Evrópunefndar flokksins. Framsóknarflokkurinn er eini stjórnmálaflokkurinn á Íslandi sem unnið hefur að skilgreiningu samningsmarkmiða fyrir Íslands hönd, ef til aðildarviðræðna við Evrópusambandið kæmi.

**Fyrstu skref**

Til að tryggja framtíðarhagsmuni þjóðarinnar er mikilvægt að stöðugt sé unnið að stefnumótun og markmiðasetningu Íslands í Evrópusamstarfi. Mikilvægt er að Framsóknarflokkurinn verði áfram leiðandi afl í Evrópuumræðu á Íslandi.


**Stangaveiði**



Stangveiði á vatnasvæði Elliðavatns hefst **1. maí.**
**Veiðileyfi eru seld á Kríunesi og Elliðavatni.**
Á sömu stöðum geta félagar úr Sjálfsbjörg, unglingar (innan 16 ára aldurs) og ellilífeyrisþegar í Reykjavík og Kópavogi fengið afhent veiðileyfi án greiðslu.

**Veiðifélag Elliðavatns**

FRAMKVÆMDA- OG EIGNASVIÐ

26. apríl - 3. maí



**Þú klippir -við hirðum**

Starfsmenn Framkvæmda- og eignasviðs Reykjavíkurborgar fara um borgina dagana 26. apríl til 3. maí og sækja garðaúrgang. Settu greinar í knippi, annan garðaúrgang í poka og komdu þessu fyrir á áberandi stað við lóðarmörk.

Ekki verða fjarlægð stór tré og trjástofnar. Eingöngu verður fjarlægður garðaúrgangur en ekki laus jarðvegur. Íbúum sem þurfa að losa sig við annað rusl eða muni er bent á Sorpu.

Nánari upplýsingar hjá símaveri í **síma 411 1111**.

Framkvæmda- og eignasvið Reykjavíkurborgar | Borgartúni 10-12 | www.reykjavik.is/fer

100 ÁRA
FRAM
STOFNAÐ 1908

# Fram býður til veislu

## 30. apríl – 100 ára afmælishóf

dagskrá

| | |
|---|---|
| **Kl. 19:00** | **Húsið opnar með fordrykk og léttum veitingum** |
| **Kl. 20:00** | **Setning og ávarp formanns** |
| **Kl. 21:15** | **Hátíðarkvöldverður (uppselt)** |
| **Kl. 23:30** | **Dansleikur með Sniglabandinu, Egill Ólafsson gestasöngvari**<br>**Miðasala við innganginn – verð 2000 kr.** |

## 1. maí – 100 ára afmælisdagur Fram

dagskrá

| | |
|---|---|
| **Kl. 10:00** | **Vormót Kiwanisklúbbsins Heklu í 7. flokki** |
| **Kl. 13:00** | **Söguganga frá gamla Framsvæðinu í Skipholti undir leiðsögn Framara og þaðan gengið í Safamýrina** |
| **Kl. 13:00** | **Skrúðganga frá Grensáskirkju yfir í Safamýri – lúðrasveit, fánar o.fl.** |
| **Kl. 13:20-15:20** | **Barnaskemmtun á Framsvæðinu:**<br>• **Skoppa og Skrítla**<br>• **Hljómsveitin Sprengjuhöllin**<br>• **Bjartur sýnir break-dans**<br>• **Leiktæki fyrir börnin á gervigrasvelli Fram**<br>• **Coke fótboltavöllur í boði Vífilfells** |
| **Kl. 14:00** | **Heiðursmerkjaveitingar frá sérsamböndum** |
| **Kl. 13:30-16:00** | **Veislukaffi í íþróttahúsi Fram, pylsur og gos fyrir börnin** |



**HORFNIR ÆTTINGJAR** Þessi kona í Kasmír-héraði heldur á mynd af týndum ættingja sínum á mótmælafundi samtaka foreldra horfinna persóna. Í Kasmír hafa meira en 8.000 manns horfið í átökum síðan 1989. Flestir þeirra hafa verið handteknir af indversku lögreglunni og síðan ekkert til þeirra spurst. NORDICPHOTOS/AFP

Fyrstu dómarnir falla yfir þátttakendum í uppþotunum í Lhasa í Tíbet:

# Dæmdir í þriggja ára til lífstíðarfangelsis

**KÍNA, AP** Kínverskur dómstóll í Lhasa, höfuðstað Tíbets, hefur dæmt 30 manns, þar á meðal sex búddamunka, í þriggja ára til ævilangrar fangelsisvistar fyrir þátt þeirra í uppþotunum í borginni í síðasta mánuði. Kínverskir ríkisfjölmiðlar greindu frá þessu í gær.

Þrír menn, einn þeirra búddamunkur sem sagður er heita Basang, fengu lífstíðardóma að sögn Xinhua-fréttastofunnar. Samkvæmt dómnum fór Basang fyrir tíu manna hópi – þar af var helmingurinn munkar – sem gekk berserksgang, rústaði héraðsstjórnsýsluskrifstofur, kveikti í búðum og réðst á lögreglumenn. Tveir munkanna fimm fengu 20 ára fangelsi og hinir þrír 15 ár.

Annar maður sem fékk lífstíðardóm var sagður heita Soi'nam Norbu, bílstjóri fyrir fasteignasölu í Lhasa sem slóst í lið með múg sem brenndi bíla, eyðilagði lögreglustöðvar og veittist að slökkviliði meðan á uppþotunum stóð. Þriðji lífstíðardæmdi maðurinn kvað heita Cering og vera þrítugur kaupsýslumaður. Ríkissjónvarpið CCTV sagði sjö hinna dæmdu hafa fengið 15 ára dóma og þar yfir en 20 á bilinu þrjú til 14 ár.

Kínversk yfirvöld segja 22 manns hafa látið lífið í óeirðunum sem hófust í Lhasa 14. mars, en tíbeska útlagastjórnin segir minnst 203 manns hafa beðið bana í hinum harkalegu aðgerðum sem kínversk yfirvöld gripu til í kjölfarið á uppþotunum. - aa



**FRÁ RÉTTARHALDINU** Sex búddamunkar voru meðal annarra dæmdir í fangelsi í Lhasa.



**HUNGURSNEYÐ** Mikil þörf er fyrir neyðaraðstoð víða í heiminum.

Matvælaáætlun SÞ:

## Framlag hækkað verulega

**UTANRÍKISMÁL** Íslensk stjórnvöld hafa ákveðið aukaframlag til Matvælaáætlunar Sameinuðu þjóðanna (WFP) sem nemur 500.000 Bandaríkjadölum eða um 37 milljónum íslenskra króna í kjölfar neyðarkalls stofnunarinnar. Á Matvælaáætlun SÞ í alvarlegum fjárhagserfiðleikum vegna gífurlegra hækkana sem orðið hafa á matvæla- og eldsneytisverði að undanförnu. Útgjöld vegna matvælakaupa stofnunarinnar hafa hækkað um 55 prósent frá júní 2007 til febrúar 2008.

Samkvæmt verkefnaskrá utanríkisráðuneytisins árið 2008 var gert ráð fyrir 300.000 Bandaríkjadölum í neyðaraðstoð á vegum WFP, sem hugsað er til að bregðast við þeim fjölda beiðna sem berast árlega. Er aukaframlagið til viðbótar þeirri aðstoð. - shá

# Segja upp og lýsa vantrausti á stjórnendur Landspítalans

**Hjúkrunarfræðingar segja að ekkert hafi komið fram hjá yfirmönnum spítalans um að hvikað verði frá breytingum á vaktafyrirkomulagi. Uppsagnirnar taka gildi á miðnætti en neyðaráætlun fer í gang þá.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Skurð- og svæfingarhjúkrunarfræðingar á Landspítalanum hætta störfum á miðnætti í kvöld. Þetta var ákveðið á fundi 80 hjúkrunarfræðinga í gær og í yfirlýsingu sem þar var kynnt var auk þess lýst vantrausti á yfirstjórn spítalans. Frestun á breytingum á vaktafyrirkomulagi sé einungis til þess fallið að fresta vandanum. Vigdís Árnadóttir, trúnaðarmaður á skurðdeild og ein talskvenna hjúkrunarfræðinga, segir illt til þess að vita að stjórnendurnir hafi jafn litla þekkingu á störfum inni á spítalanum og aðgerðir þeirra beri vott um.

Skurð- og svæfingarhjúkrunarfræðingar sem breytingar á vöktum taka til eru 104 og hafa 96 þeirra sagt upp störfum.

Björn Zoëga, forstjóri Landspítalans, segir ákvörðun þeirra fyrst og fremst mikil vonbrigði. „Við réttum fram sáttarhönd og urðum við áskorun þeirra eigin stéttarfélags. Ég vona að hjúkrunarfræðingar geri sér grein fyrir þeirri ábyrgð sem þeir axla með þessum aðgerðum," segir Björn og bendir á að breytingar á vaktafyrirkomulaginu hafi verið ákveðið til að uppfylla skilyrði á vinnutímatilskipun Evrópusambandsins. Hjúkrunarfræðingar gáfu þó lítið fyrir skýringar um að nauðsynlegt hafi verið að breyta vinnutímanum til að koma til móts við tilskipunina og sögðu á fundinum að í þessum aðgerðum fælist aðeins hagræðing sem myndi vega að öryggi sjúklinga og hafa í för með sér langar vaktir starfsmanna. Þær staðhæfingar sagði Björn þó af og frá og benti á að í gegnum tíðina hefði sjaldnast náðst hagræðing af því að fara eftir tilskipunum og reglugerðum um vinnutíma, þvert á móti.



**FARIÐ YFIR VIÐBRAGÐSÁÆTLUN** Forstjórar sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu og í nágrenni funduðu ásamt heilbrigðisráðherra í gærkvöldi og fóru yfir viðbragðsáætlun sem gripa á til vegna uppsagna hjúkrunarfræðinga. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

> Ég vona að hjúkrunarfræðingar geri sér grein fyrir þeirri ábyrgð sem þeir axla með þessum aðgerðum.
>
> **BJÖRN ZOËGA**
> FORSTJÓRI LANDSPÍTALANS

Forstjórar sjúkrahúsa á höfuðborgarsvæðinu og í nágrenni þess funduðu ásamt landlækni og heilbrigðisráðherra í heilbrigðisráðuneytinu í gærkvöldi og fóru yfir viðbragðsáætlun sjúkrahúsanna vegna aðgerða hjúkrunarfræðinganna.

„Ég er ekki á því að það eigi að neyða fólk til að vinna ef það vill það ekki en við erum að fara yfir stöðu mála," sagði Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra spurður hvort hægt sé að grípa til lagaákvæða til að fresta uppsögnunum. Neyðaráætlun verður sett í gang á Landspítala um miðnætti gangi uppsagnirnar eftir og segir Björn að starfsmenn sjúkrahússins á Akureyri séu þegar tilbúnir til að bregðast við stöðunni á Landspítalanum. Allt kapp verði lagt á að aðgerðirnar bitni sem minnst á sjúklingum spítalans.

karen@frettabladid.is


## Rekstrarvörustyrkir RV 2008

**RV veitir árlega styrki til félaga og samtaka sem sinna þörfum samfélagsverkefnum og leggja alúð við umhverfi sitt. Styrkirnir eru í formi vöruúttekta hjá RV sem styrkþegar geta nýtt vegna reksturs eða til fjáröflunar.**

Í ár verða veittir þrír rekstrarvörustyrkir og þurfa umsóknir um þá að berast á netfangið **styrkir@rv.is** fyrir 18. maí nk.

Í umsókn skal gerð grein fyrir þeim félögum sem sækja um styrk og verkefnum sem njóta eiga góðs af styrkveitingu.

**Tilkynnt verður um val á styrkþegum þann 5. júní nk. á heimasíðu fyrirtækisins.**

*RV er sérhæft dreifingarfyrirtæki sem sinnir þörfum fyrirtækja og stofnana fyrir almennar rekstrar og hreinlætisvörur. RV leggur sérstaka áherslu á heildarlausn hreinlætis- og öryggismála, svo og hjúkrunarvörur fyrir stofnanir og einstaklinga. Fyrirtækið var stofnað 18.maí 1982. RV á og rekur RV Unique rengøringssystemer í Rödekro á Suður-Jótlandi. RV Unique þjónar viðskiptavinum í Danmörku og Norður-Þýskalandi.*




Nánari upplýsingar á heimasíðu RV: www.rv.is

**Rekstrarvörur**
*- vinna með þér*

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

RV UNIQUE 040803


Verð hækkaði í öllum keðjum nema einni:

# Verð á kjötvörum hækkaði langmest

**MATARVERÐ** Verð vörukarfna Alþýðusambands Íslands, ASÍ, hækkaði um 0,7 til 5,7 prósent milli vikna í lágvöruverðsverslunum. Vörukarfan hækkaði hjá öllum matvöruverslunarkeðjum nema einni og er þá miðað við aðra og þriðju viku í apríl. Þetta kemur fram í samantekt ASÍ.

Verðhækkanir voru almennt mestar í lágvöruverðsverslunum, af þeim hækkaði karfan minnst hjá Krónunni, eða um tæplega eitt prósent, og mest í Kaskó, eða um tæp sex prósent. Karfan hækkaði um tæp þrjú prósent í Bónus og um 3,3 prósent í Nettó á milli vikna.

Í almennum matvöruverslunum hækkaði vörukarfan mest í Nóatúni, eða um tæp tvö prósent, og minnst í Samkaupum-Úrvali, eða um hálft prósent. Í klukkubúðunum hækkaði verð á vörukörfu ASÍ mest í 10-11, um 1,6 prósent, en lækkaði í Samkaupum-Strax um 1,3 prósent. það er jafnframt eina verslunin þar sem verð vörukörfunnar lækkaði á milli vikna.

Brauð, kornvörur, kjötvörur, mjólkurvörur, ostar og egg hækkuðu almennt mest í lágvöruverðsverslunum. Mjólkurvörur, ostar og egg hækkuðu mikið í öllum verslunum á milli þessara tveggja vikna eða á bilinu 3,7 prósent upp í 5,1 prósent. Mest hækkuðu kjötvörurnar í Kaskó, eða um 23 prósent, í Nettó um 10,3 prósent og Bónus um 5,3 prósent en kjötvörur hækkuðu aðeins um 1,5 prósent í Krónunni. - ghs



**MESTA OG MINNSTA HÆKKUN** Matarkarfan hækkaði minnst í Krónunni og mest í Kaskó.

**HÆKKUN MILLI VIKNA**

| Verslun | Hækkun |
|---|---|
| Krónan | 0,7% |
| Kaskó | 5,7% |
| Nóatún | 1,7% |
| Samkaup-Úrval | 0,5% |
| 10-11 | 1,6% |
| Samkaup-Strax | 1,3% |
| Bónus | 2,9% |
| Nettó | 3,3% |

HEIMILD: SAMANTEKT ASÍ

Læknadeila á Blönduósi:

# Óbreytt þjónusta eftir sátt

**HEILBRIGÐISMÁL** Lausn hefur tekist í deilu Heilbrigðisstofnunarinnar á Blönduósi og lækna sem þar starfa. Þeir höfðu sagt upp störfum frá 1. maí. Þetta þýðir að ekki verða breytingar á læknisþjónustu sem Húnvetningum hefur staðið til boða.

Tveir af þremur læknum við stofnunina sögðu upp störfum í janúar vegna breytinga á túlkun kjarasamnings. Heilbrigðisráðherra og heilbrigðisráðuneytið tóku að sér að miðla málum í deilunni. Ráðherra og ráðuneytið hafa verið í sambandi við deiluaðila og nú um helgina náðist svo sátt í málinu. **- shá**

Snörp vindhviða sprengdi hjólhýsi af undirvagni þess og þeytti yfir þjóðveginn:

# Vindhviða sprengdi hjólhýsi í tætlur

**SLYS** Mildi þykir að enginn skyldi slasast þegar hjólhýsi fauk út af veginum við Grundarhverfi á Kjalarnesi um klukkan hálfeitt í gær.

Að sögn varðstjóra lögreglunnar var hjólhýsið á ferð aftan í bíl þegar snörp vindhviða skall á því með þeim afleiðingum að yfirbygging hjólhýsisins fauk af grindinni, yfir veginn og splundraðist í móanum þar við.

Var töluverð hætta á ferðum því nokkur umferð var á veginum þegar slysið varð. Mikið lán þykir að enginn bíll kom úr gagnstæðri átt þegar yfirbygging hjólhýsisins sveif yfir veginn.

Mjög mikill vindur var á Kjalarnesi í gær og fór vindur yfir 40 metra á sekúndu í mestu vindhviðunum. Vegna veðurs var ekki hægt að hreinsa upp brakið og því beðið þar til vind lægði. **- ovd**



**LEIFARNAR AF HJÓLHÝSINU** Vegna veðurs þurfti að bíða með að hreinsa upp leifar hjólhýsisins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**JEREMIAH WRIGHT** Segist ekki vilja valda deilum, heldur aðeins lýsa ástandinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Vandræðaprestur Obama:

# Segist ekki vera í stjórnmálum

**BANDARÍKIN, AP** „Ég lýsi ástandinu í þessu landi,“ sagði presturinn Jeremiah Wright á fjölmennum fjáröflunarfundi NAACP í Detroit, þar sem Barack Obama, Hillary Clinton og Bill Clinton hafa áður flutt ræður.

Wright hefur með umdeildum ummælum sínum valdið Barack Obama vandræðum í prófkjörsbaráttu Demókrataflokksins. Obama leitaði á árum áður töluvert til Wrights. NAACP eru baráttusamtök fyrir réttindum minnihlutahópa í Bandaríkjunum.

„Ég er hérna ekki af pólitískum ástæðum,“ sagði hann. „Ég er ekki að bjóða mig fram til forseta. Ég hef verið að bjóða mig fram fyrir Jesús nokkuð lengi, og er ekki enn orðinn þreyttur á því.“ **- gb**



**NÝIR HJÓLREIÐAHJÁLMAR** Nemendur í fyrsta bekk Ártúnsskóla fengu sína hjálma afhenta í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/

Eimskip og Kiwanis gefa:

# Sjö ára börn fá hjólreiðahjálma

**ÖRYGGISMÁL** Mikilvægi notkunar hjólreiðahjálma er inntak kynningar- og fræðsluátaks Eimskipafélags Íslands og Kiwanis sem hófst í gær.

Af því tilefni verður öllum börnum á sjöunda aldursári á Íslandi og í Færeyjum gefnir hjólreiðahjálmar. Munu Kiwanisfélagar á næstu tveimur vikum heimsækja alla grunnskóla landsins, afhenda börnum hjálma og ræða við þau um umferðaröryggi og notkun hjálmanna. Undanfarin fimm ár hafa Eimskip og Kiwanis átt samstarf og hafa í sameiningu dreift rúmlega 23 þúsund hjálmum til grunnskólanemenda. **- ovd**





**GÆSIR MEÐ UNGAHÓP** Þessar tvær gæsir spókuðu sig á götum Baltimore í Bandaríkjunum ásamt myndarlegum ungahóp. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fjölmargir illa farnir eftir barsmíðar stjórnarliða í Simbabve:

# Tvö hundruð látnir lausir úr fangelsi

**SIMBABVE, AP** Nærri tvö hundruð manns voru látnir lausir úr fangelsi í gær. Þeir voru allir handteknir á föstudaginn þegar stuðningsmenn stjórnar Roberts Mugabe gerðu árás á skrifstofur helsta stjórnarandstöðuflokksins.

Alls voru 215 manns handteknir á föstudaginn, en 29 manns, aðallega konur og börn, fengu frelsið næstum því strax aftur.

Margir hinna handteknu höfðu leitað skjóls á flokksskrifstofunum í höfuðborginni, þangað sem þeir höfðu flúið undan vaxandi ofbeldi í sveitahéruðum þar sem flokkur Morgans Tsvangirai hafði fengið mikinn stuðning í kosningunum í lok mars.

Fréttastofa bresku sjónvarpsstöðvarinnar Sky sýndi í gær myndir af mönnum utan af landi, sem nú liggja á sjúkrahúsi í höfuðborginni illa farnir eftir barsmíðar, með brunasár og brotin bein. Mennirnir segja stuðningsmenn stjórnarflokksins hafa ráðist á þá og sagt þeim að styðja ekki Tsvangirai framar.

Óháð samtök sem sinntu kosningaeftirliti segja að Tsvangirai hafi fengið flest atkvæði í forsetakosningum, en þó ekki nægilega mörg til að komast hjá því að keppa við Mugabe í annarri umferð kosninga. Tsvangirai segist sjálfur hafa fengið meirihluta atkvæða og því sé engin þörf á seinni umferð. Mugabe forseti hefur hins vegar ekkert sagt um úrslitin, sem enn hafa ekki verið birt opinberlega þó mánuður sé liðinn frá kosningunum. - gb



**OFBELDI Í SVEITUM LANDSINS** Á blaðamannafundi í Harare í gær lýsti þessi kona því ofbeldi sem hún og heimilisfólk hennar höfðu orðið fyrir af hálfu stjórnarliða vegna þess að hún kaus stjórnarandstöðuna. NORDICPHOTOS/AFP

Kínaforseti fer til Japans:

## Fyrsta heimsóknin í áratug

**KÍNA, AP** Kínversk stjórnvöld staðfestu í gær að Hu Jintao Kínaforseti muni í næstu viku fara í opinbera heimsókn til Japans. Það verður í fyrsta sinn í áratug sem þjóðhöfðingi Kína sækir grannþjóðina heim.



**HU JINTAO**

„Við vonumst til að geta bætt gagnkvæmt pólitískt traust og hagnýtt samstarf á milli þjóða okkar," sagði Jiang Yu, talsmaður kínverska utanríkisráðuneytisins.

Jiang sagði að það þjónaði grundvallarhagsmunum beggja að bæta samskiptin og boðaði „hreinskilin skoðanaskipti" um sameiginleg hagsmunamál. - aa

Evrópusambandið kemur til móts við Serba:

## Undirrita nýjan aðlögunarsamning

**LÚXEMBORG, AP** Utanríkisráðherrar Evrópusambandsins undirrituðu í gær nýjan aðildarundirbúningssamning við Serbíu, í þeirri von að það muni verða Evrópusinnuðum stjórnmálaflokkum til framdráttar í kosningum þar í landi nú í maímánuði. Fyrir hönd Serba undirritaði Bozidar Djelic aðstoðarforsætisráðherra samninginn.

Fyrir gildistöku samningsins, sem býður Serbum margvíslega aðstoð og bestukjaraviðskipti, er þó sett það skilyrði að serbnesk stjórnvöld framselji eftirlýsta meinta stríðsglæpamenn til stríðsglæpadómstóls Sameinuðu þjóðanna í Haag. - aa



**SKÁLAÐ FYRIR SAMNINGI** Boris Tadic Serbíuforseti, Bozidar Djelic, varaforsætisráðherra Serbíu, og fulltrúar ráðherraráðs og framkvæmdastjórnar ESB skála fyrir samningnum í Lúxemborg í gær. NORDICPHOTOS/AFP



**HAFNA ÖLL TILBOÐINU** Félögin innan BHM vísa nú hvert á fætur öðru kjaraviðræðunum við samninganefnd ríkisins til ríkissáttasemjara en öll hafa félögin hafnað tilboði ríkisins. Náttúrufræðingar eiga bókaðan fund með samninganefnd ríkisins í næstu viku. Hér sést Páll Halldórsson, formaður Félags íslenskra náttúrufræðinga, ásamt félögum sínum, Guðmundi Víði Helgasyni og Agnesi Eydal. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Viðræðum vísað til ríkissáttasemjara

**Stéttarfélögin innan BHM vísa nú kjaraviðræðum við ríkið til sáttasemjara hvert á fætur öðru. Hjúkrunarfræðingar taka í dag ákvörðun um hvort þeir gera það. Samningarnir renna út á miðnætti í kvöld.**

**KJARAMÁL** Samninganefnd HuggGarðs og Ljósmæðrafélags Íslands hefur vísað kjaraviðræðum við samninganefnd ríkisins, SNR, til ríkissáttasemjara í ljósi þess hve mikið ber á milli aðila. Ríkissáttasemjari hefur boðað deiluaðila til fundar á mánudaginn kemur. Kjarasamningur félaganna rennur út á miðnætti í kvöld.

Inga Rún Ólafsdóttir, formaður samninganefndar HugGarðs og ljósmæðra, segir að samningafundur hafi reynst árangurslaus í gærmorgun. Samninganefnd HugGarðs og Ljósmæðrafélagsins hafi hafnað tilboði um kjarasamning til þriggja og hálfs árs með þremur krónutöluhækkunum, 18 þúsund krónur 1. maí, 13.500 krónur 1. maí 2009 og 6.500 krónur 1. janúar 2010 ásamt hækkunum á persónuuppbótum. Félögin vilji semja til eins árs án forsenduákvæða og fá prósentuhækkanir á launatöflu.

Inga Rún segir að tilboð ríkisins feli í sér kaupmáttarskerðingu. Tilboðið þýði mismikla hækkun eftir félögum en fyrsta greiðslan, 18 þúsund krónurnar, þýði 4,58 til 5,75 prósenta launahækkun meðan verðbólguspá ríkisins sé 8,3 prósent.

„Það er greinilegt að það ber haf á milli," segir hún og bendir á að forsenduákvæðin í kjarasamningi Starfsgreinasambandsins, SGS, og Samtaka atvinnulífsins, SA, frá því í febrúar séu þegar brostin. Ekki sé hægt að skrifa undir slíkan samning. Prósentutölurnar þurfi að hækka verulega „til að við séum að halda sjó" segir hún.



**STÁL Í STÁL** „Ég sé ekki annað en að þetta sé stál í stál varðandi samningstímann," segir Elsa B. Friðfinnsdóttir, formaður FÍH.

Alvarleg staða er komin upp í samningaviðræðum samninganefndar Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, SFÍH, og ríkisins, en samningsaðilar taka í dag eða á morgun ákvörðun um hvort þeir vísa viðræðunum til ríkissáttasemjara. Elsa B. Friðfinnsdóttir, formaður FÍH, segir að trúnaðarmenn komi til fundar í dag. Hún á ekki von á öðru en að viðræðunum verði vísað til sáttasemjara.

„Ég sé ekki annað en að þetta sé stál í stál varðandi samningstímann. SNR taldi ekki grundvöll fyrir áframhaldandi fundi í dag þannig að boltinn er hjá þeim en engu síður munum við hitta okkar fólk," segir hún.

Samninganefnd Sálfræðingafélags Íslands og SNR ákváðu í sameiningu í gær að vísa viðræðunum til sáttasemjara. Sálfræðingar hafa hafnað tilboði ríkisins.

Náttúrufræðingar eiga fund með SNR í næstu viku.

ghs@frettabladid.is




# DECUBAL

## KVEÐJUM ÞURRA HÚÐ

- Húðin okkar er viðkvæm og veðráttan á Íslandi getur verið húðinni erfið.
- Decubal er mjög vel rannsökuð húðlína og þróuð í samvinnu við norræna húðlækna.
- Decubal viðheldur heilbrigði og ferskleika húðarinnar – allt árið um kring.
- Kynntu þér eiginleika Decubal og kveddu þurra húð.




## KAUPAUKI

**Glæsileg rauð snyrtitaska fylgir ef keypt er fyrir 2500 kr. eða meira.**

**Tilboðið gildir til 10. maí eða meðan birgðir endast.***

Decubal húðvörurnar fást í öllum apótekum.

*Vörur fylgja ekki með





**PANDA Í SNJÓ** Þessi átta mánaða gamli pandabjörn renndi sér nokkrum sinnum í snjónum í dýragarði í San Diego í Kaliforníu. Fimmtán tonnum af snjó var sturtað þar niður til að undirbúa ísbjarnasýningu sem verður í næsta mánuði. NORDICPHOTOS/AFP

Göngubrú yfir Vatnsendaveg er stórskemmd eftir viðutan vörubílstjóra:

# Trygging borgi brúarviðgerð

**TRYGGINGAR** Kópavogsbær hefur sent tryggingafélaginu Verði kröfu um skaðabætur vegna skemmda á göngubrú eftir að vörubíl var ekið á hana í mars.

Vörubílstjórinn ók í ógáti um götur með pallinn í uppréttri stöðu eftir að hafa sturtað hlassi sínu. Starfsbróðir bílstjórans sem sá til náði ekki að vara hann við í tæka tíð áður en hann ók bílnum undir göngubrúna þar sem hún liggur yfir Vatnsendaveg við Vatnsendaskóla. Enginn var á brúnni þegar óhappið varð en bílstjórinn slasaðist lítillega. Bíll hans var talinn ónýtur eftir áreksturinn.

Þór Jónsson, upplýsingafulltrúi hjá Kópavogsbæ, segir að göngubrúin hafi skemmst nokkuð, sprungur hafi komið í steypt burðarvirki hennar og handrið gengið til. „Þó það sé talið óhætt að nota brúnna er ljóst að gera þarf við hana. Við teljum eðlilegt að tryggingafélag vörubílsins beri þann kostnað,“ segir Þór. - gar



**ÓHAPP Á VATNSENDAVEGI** Vörubíll var talinn ónýtur eftir að bílstjórinn ók á göngubrú við Vatnsendaskóla. MYND/INGVAR ÖLVER SIGURÐSSON

Formaður Landverndar:

# Afþakkar sætið

**VIÐSKIPTI** Björgólfur Thorsteinsson, formaður Landverndar, sem nýlega var skipaður varamaður í stjórn Landsvirkjunar tekur ekki sætið. Hann segir að málið hafi verið rætt á fundi stjórnar Landverndar og hafi þar komið fram efasemdarraddir. „Þar sem mér finnst mikilvægt að stjórn Landverndar sé samstillt um mikilvæg mál sem þetta, og þar sem mér er kappsmál að halda þeim góða starfsanda sem verið hefur innan samtakanna, hef ég ákveðið að taka ekki sæti sem varamaður Landsvirkjunar.“

Hann segir hugmyndina hins vegar athyglisverða og þakkar það traust sem honum hefur verið sýnt. - jse

www.volkswagen.is

Prófaðu að spara
Komdu og reynsluaktu Volkswagen með sparneytinni bensín- eða dísilvél.




| Polo | Golf | Passat | Touran | Tiguan |
|---|---|---|---|---|
| 4,5 | 5,0 | 5,8 | 5,9 | 6,9 |
| l/100 km | l/100 km | l/100 km | l/100 km | l/100 km |

Eyðsla, miðað við TDI® vél frá Volkswagen í blönduðum akstri.

Fíton/SÍA

Volkswagen – kolefnisjafnaður útblástur

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Götusópur útaf við Dalvík

Mikil mildi þykir að ökumaður götusóps skyldi ekki slasast þegar bíllinn fór útaf og endastakkst við Dalvík snemma í gærmorgun. Mikil snjókoma var á slysstað og að sögn lögreglumanna allt að 20 sentímetra jafnfallinn snjór.

### Sinubruni í Breiðholti

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins var kallað út laust fyrir hádegi í gær vegna elds í sinu milli Bakka- og Hólahverfa í Breiðholti. Greiðlega gekk að slökkva eldinn.

### Kerru hjálparsveitar stolið

Sleðakerru Hjálparsveitar skáta í Kópavogi var stolið fyrir utan húsnæði sveitarinnar við Kópavogshöfn. Um er að ræða hvíta tveggja sleða kerru frá Vögnum og þjónustu og er númerið LY-300. Stór merki hjálparsveitarinnar eru aftan á kerrunni. Þeir sem telja sig hafa upplýsingar um kerruna eru beðnir að hafa samband við lögreglu.

Á allra vörum, átak til kaupa á nýjum tækjum til að greina brjóstakrabbamein:

# Safna fé til kaupa á nýjum tækjum

**HEILBRIGÐISMÁL** Á allra vörum, átak gegn brjóstakrabbameini, hófst í gær. Markmið átaksins er að safna fé fyrir Krabbameinsfélagið til kaupa á nýjum tækjum til að greina brjóstakrabbamein í konum en unnið er að endurnýjun tækjanna um þessar mundir.

Bleikt varalitagloss frá Yves Saint Laurent verða næstu mánuði seld til styrktar verkefninu um borð í flugvélum Icelandair og í fríhafnarverslunum Flugfélags Íslands í Reykjavík og á Akureyri. Að auki verður hægt að kaupa varalitina hjá Krabbameinsfélaginu í Skógarhlíð í Reykjavík.

Í upphafi átaksins fengu tíu þjóðþekktar konur fyrstu varalitaglossin afhent. Meðal þeirra voru frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands og verndari Krabbameinsfélagsins, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra, Edda Björgvinsdóttir leikkona og Ragnheiður Gröndal söngkona.

Á Íslandi greinist ein af hverjum tíu konum með brjóstakrabbamein einhvern tíma á ævinni. - ovd



**FYRSTU VARALITAGLOSSIN AFHENT** Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, var á meðal þeirra tíu kvenna sem fengu fyrsta vararlitaglossinn afhentan. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Hækkun eldsneytisverðs gerir útgerðarmönnum erfitt fyrir:

# Veiðar borga sig varla vegna hás olíuverðs

**SJÁVARÚTVEGUR** Ef eldsneytisverð hækkar frekar sjá útgerðarmenn engan hag í því að stunda kolmunnaveiðar. „Það er alveg í járnum að það borgi sig að standa í þessu,“ segir Eggert Benedikt Guðmundsson, forstjóri HB Granda.

Hækkanirnar koma verst niður á þeim sem stunda kolmunnaveiðar, fyrir þá er langt á mið og aflaverðmætið lægra en á mörgum öðrum tegundum.

„Þessi hækkun á eldsneyti er að setja útgerð á kolmunna út á ystu mörk,“ segir Gunnþór Ingvason, framkvæmdastjóri Síldarvinnslunnar.



**UMFERÐ VIÐ VESTMANNAEYJAHÖFN** Nú er ekki aðeins spurt hvort verðmæti sé að hafa úr sjó. Hækkun eldsneytisverðs fær útgerðarmenn til að velta því fyrir sér hvort það sé þess virði að leggja úr höfn fyrir þetta verðmæti. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

„Olíukostnaður hefur í gegnum tíðina verið þetta frá 12 og til 15 prósent af rekstrarkostnaðinum en er nú kominn upp í 30 prósent. Þessi kostnaður er orðinn meiri en kostnaður vegna launa á nokkrum skipum,“ segir Gunnþór.

Aðalsteinn Ingólfsson, framkvæmdastjóri Skinney-Þinganes á Hornafirði, segir að þessi þróun hafi einnig áhrif á aðrar veiðar.

„Menn eru farnir að velta því fyrir sér hvort það borgi sig að stunda ákveðinn veiðiskap,“ segir hann. „Ef það er léleg veiði þá sitja menn frekar heima en að vera að leita eitthvað.“ **- jse**

Fiskmarkaður Íslands:

## Braut samkeppnislög

**VIÐSKIPTI** Samkeppniseftirlitið kemst að þeirri niðurstöðu að Fiskmarkaður Íslands (F.Í.) hafi brotið gegn samkeppnislögum og verði gert að greiða 10 milljónir í sekt. Brotið felst í því að viðskiptavinir F.Í. voru neyddir til að kaupa slægingu á þeim fiski sem þeir keyptu.

Einnig segir í ákvörðuninni að Reiknistofa fiskmarkaða hafi farið gegn 11. grein samkeppnislaga með því að setja fyrirtækið Frostfisk ehf., sem kvartaði til eftirlitsins vegna málsins, á válista og útiloka það þar með frá kaupum vegna ógreiddrar skuldar fyrir slægingu hjá F.Í. **- jse**

ALVÖRU SJÁLFSKIPTINGAR
TDI® ÖFLUGAR EN HLJÓÐLÁTAR DÍSILVÉLAR
EYÐSLUGRANNAR VÉLAR
$CO_2$ MINNI LOSUN ÚT Í UMHVERFIÐ
KOLEFNISJAFNAÐIR Í EITT ÁR
HAGKVÆMIR Í REKSTRI OG VIÐHALDI
UPPFYLLA STRÖNGUSTU ÖRYGGISSTAÐLA
SVEIGJANLEGIR SÖLUMENN

Sparneytni®

Polo er einn af fjölmörgum sparneytnum bílum frá Volkswagen

**Ef sparneytni væri skrásett vörumerki, væri það að sjálfsögðu í eigu Volkswagen**

Það er ekki hægt að fá einkaleyfi á orðinu sparneytni. Jafnvel þótt við hjá Volkswagen höfum í raun fundið upp það hugtak. Jafnvel þótt hönnuðir okkar séu á hverjum degi að finna upp leiðir til að auka sparneytnina enn frekar – til dæmis með nýju kraftmiklu TDI dísilvélunum. Komdu og kynntu þér Volkswagen, sölumenn okkar taka vel á móti þér.

Das Auto.

HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi
HEKLA

Ölgerðin kaupir þrjú fyrirtæki:

## Ekkert athugavert við kaupin

**VIÐSKIPTI Kaup Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar á þremur fyrirtækjum í drykkjarvöru og matvælaiðnaði raska ekki samkeppnisstöðunni á viðkomandi mörkuðum.**

**Þetta er niðurstaða samkeppniseftirlitsins sem tilkynnt var í síðustu viku eftir að hafa fjallað um kaup Ölgerðarinnar á fyrirtækjunum Sól, Samsöluvörur og hluta af matvælafyrirtækinu Bakó. Tilkynnt var um söluna í desember síðastliðinn.** **- jse**

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Fíkniefni á Suðurnesjum**

Lögreglan á Suðurnesjum stöðvaði bíl í fyrrinótt. Við leit í bílnum fannst lítilræði af meintu kannabisefni sem farþegi í bílnum viðurkenndi að eiga.

Japanska sendiráðið og Háskóli Íslands stóðu fyrir ræðukeppni:

# Héldu ræður á japönsku

**MENNING** Hin árlega ræðukeppni sendiráðs Japans og Háskóla Íslands var haldin í háskólanum fyrir skömmu. Það er ekki á allra færi að taka þátt því ræðumenn verða að gera grein fyrir máli sínu á japönsku. „Þetta er gert til að hvetja nemendur í japönsku áfram og gefa þeim færi á að heyra í öðrum nemendum tjá sig á tungumálinu,“ segir Tomoko Daimaru frá japanska sendiráðinu.

Keppt var í þremur flokkum en í þeim fyrsta voru framhaldsskólanemendur, í þeim næsta háskólanemendur sem hafa stundað japönsku í eitt ár og í þeim síðasta þeir sem numið hafa málið í tvö ár.

Finnur Trausti Finnbogason bar sigur úr býtum í fyrsta flokki, Niklas Kullström í öðrum og Ólafur Ágúst Sigurðsson í þeim þriðja. Hörður Mar Tómasson hlaut svo



**RÆÐUMAÐUR Í PÚLTI** Sveinn E. Ármannsson tók til máls í ræðukeppninni en einungis þeir sem hafa lært japönsku eru til vitnis um ágæti ræðunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

sérstök verðlaun fyrir sína frammistöðu og fékk hann í verðlaun ferð til Kaupmannahafnar þar sem hann mun þreyta alþjóðlegt próf í japönsku. **- jse**

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Innbrot við Hlíðarvatn**

Nokkur eignaspjöll hlutust af innbroti í tvö veiðihús við Hlíðarvatn í Selvogi um síðustu helgi. Úr öðru húsinu var tekið duftslökkvitæki og það tæmt innandyra í hinu húsinu. Engu var stolið úr húsunum.

**Sinubruni við Akranes**

Lögreglan á Akranesi fékk tilkynningu um eld í sinu við Akranes í gærmorgun. Slökkviliði gekk vel að slökkva eldinn sem talinn er hafa verið af mannavöldum.

**Hraðakstur á Suðurnesjum**

Lögreglan á Suðurnesjum tók tvo ökumenn fyrir of hraðan akstur á mánudagskvöldið. Sá fyrri mældist á 85 kílómetra hraða á klukkustund á Njarðarbrautinni, þar sem hámarkshraði er 50 km/klst. Seinni ökumaðurinn mældist á 95 kílómetra hraða við Grænás á Reykjanesbraut þar sem 70 km/klst. er hámarkshraði.

HUNDRAÐ ÁR LIÐIN FRÁ FÆÐINGU BJARNA BENEDIKTSSONAR

# Staðfastur og virtur þvert á flokkslínur

**Bjarni Benediktsson, fyrrum forsætisráðherra, fæddist fyrir nákvæmlega 100 árum. Bjarni gegndi flestum þeim trúnaðarstörfum sem hægt er að gegna fyrir þjóðina og var um langa hríð persónugervingur ráðamannsins. Fas hans og framkoma, orð og æði báru skörungsskap vitni. Hann var ekki óumdeildur frekar en aðrir menn í hans stöðu, en naut virðingar langt út fyrir raðir samherja. Árið 1970 lést hann í bruna ásamt eiginkonu sinni og dóttursyni.**

Bjarni fæddist í Reykjavík þeim hjónunum Benedikt Sveinssyni og Guðrúnu Pétursdóttur og var hann þriðji í röð sjö systkina. Ekki átti Bjarni langt að sækja áhuga á þjóðmálum, því Benedikt faðir hans var alþingismaður. Bjarni lærði lögfræði og gat sér snemma gott orð á þeim vettvangi. Hann lauk námi aðeins 22 ára gamall, með hæstu einkunn sem þá hafði verið gefin, og tveimur árum síðar var hann skipaður lagaprófessor við háskólann, aðeins 24 ára gamall.

Árið 1934 var Bjarni kjörinn í bæjarstjórn Reykjavíkur og sex árum síðar var hann skipaður borgarstjóri þegar Pétur Halldórsson lést langt fyrir aldur fram. Við það tækifæri lét hann af störfum við háskólann og sneri sér alfarið að stjórnmálunum, 32 ára gamall. Stór verkefni biðu hins unga borgarstjóra og ber þar hæst hitaveituna. Merkilegt má teljast að tekist hafi að ljúka við þær framkvæmdir; Reykvíkingum hafði fjölgað til muna, erlendur her var í borginni og erfitt um vik með aðföng í miðju stríði. Engu að síður tókst, undir forystu Bjarna, að gera stórátak í þeim efnum. Um fjögurra ára skeið, frá 1956 til 1959, var hann ritstjóri Morgunblaðsins samhliða þingmennskunni.

Borgarstjórastarfinu gegndi hann til ársins 1947, en þá var hann skipaður ráðherra í fyrsta skipti, en fráleitt það síðasta. Hann hafði verið kjörinn á þing árið 1942 og sat þar til æviloka.

Árið 1947 var Bjarni skipaður utanríkis- og dómsmálaráðherra og eftir það sat hann í ríkisstjórnum þegar Sjálfstæðisflokkurinn var við stjórnvölinn.

Sjálfstæðismál íslensku þjóðarinnar voru honum alla tíð hugleikin. Hann var utanríkisráðherra 1947 til 1953 í þremur ríkisstjórnum og síðar var hann ráðherra dóms-, kirkju og menntamála um nokkurra ára skeið, svo eitthvað sé nefnt. Árið 1963 var hann skipaður forsætisráðherra og gegndi því embætti til æviloka.

Bjarni var í framlínu íslenskra stjórnmála á helsta breytingaskeiði þjóðarinnar. Mikil átök voru á öllum sviðum þjóðlífsins og hugmyndafræðilegar línur voru skýrar. Stjórnmál þess tíma verða að skoðast undir mælikeri kalda stríðsins; óvægin orð voru látin falla á báða bóga.






KOMIÐ HEIM Bjarni, Sigríður og Anna dóttir þeirra á Reykjavíkurflugvelli ásamt þeim Jóhanni og Ragnheiði Hafstein.



RÖKFASTUR RÆÐUSKÖRUNGUR Bjarni þótti með eindæmum rökfastur og stóð fast á sinni meiningu.

Samferðamenn Bjarna hafa margir minnst þess að hann hafi verið óvenju skilvirkur í starfi. Hann hafi verið kröfuharður á samstarfsmenn sína, en fyrst og fremst á sjálfan sig. Agnar Kl. Jónsson sagði um hann að hann hafi tekið sér hinn fræga þýska stjórnmálaskörung Otto von Bismarck mjög til fyrirmyndar.

Víst er að Bjarni stóð fast á sínu. Eftir því var tekið á samningafundum í aðdraganda stofnunar Natό, hve hart hann stóð vörð um íslenska sérhagsmuni. Hann spurði fjölda spurninga og knúði fram svör við þeim svo málin lægju skýr fyrir. Hann gekk hart fram í því að sérstaða Íslendinga yrði viðurkennd. Fordæmisgildi þess hræddi Bandaríkjamenn en Bjarni og aðrir í sendinefndinni stóðu fast á sínu. Bjarni taldi enda að „Íslendingar væru að eðlisfari algjörlega frábitnir öllu ofbeldi og myndu aldrei taka upp vopnaburð."

Bjarni tók við embætti forsætisráðherra af Ólafi Thors árið 1963. Ríkisstjórn Sjálfstæðis- og Alþýðuflokks, Viðreisnarstjórnin, hafði þá setið síðan 1959. Bjarni hafði áður leyst Ólaf af um ríflega þriggja mánaða skeið í veikindum þess síðarnefnda. Viðreisnarstjórnin var gríðarlega vinsæl, líkt og seta hennar í þrjú kjörtímabil vitnar til um. Þær vinsældir voru ekki síst þakkaðar leiðtogum hennar, þeim Ólafi og Bjarna úr Sjálfstæðisflokknum og Gylfa Þ. Gíslasyni úr Alþýðuflokki.

Gylfi bar Bjarna vel söguna, bæði sem andstæðingi og samherja. Sagði hann mikinn stjórnmálamann, gáfaðan, ríkan af dómgreind, næman og hafa til að bera þá „góðvild sem aðeins fylgir göfugu hjarta."

Bjarni var tvíkvæntur. Árið 1935 kvæntist hann Valgerði Tómasdóttur, en hún lést aðeins nokkrum mánuðum síðar. Árið 1943 kvæntist hann Sigríði Björnsdóttur. Þeim varð fjögurra barna auðið, en þau eru: Björn, Guðrún, Valgerður og Anna. Þau Björn og Valgerður hafa bæði setið á Alþingi og Björn gegnt mörgum sömu ráðherraembættum og faðir hans.

Bjarni Benediktsson lést hinn 10. júlí árið 1970, aðeins 62 ára að aldri. Var hann þá staddur í sumarbústaði forsætisráðherra á Þingvöllum, ásamt Sigríði konu sinni og Benedikt dóttursyni þeirra. Aðfaranótt laugardags kom upp eldur í bústaðnum og áður en nokkuð varð að gert hafði hann brunnið til kaldra kola. Þjóðin var slegin óhug við þetta hörmulega slys og syrgði forsætisráðherra sinn. Lauk þar glæstum ferli eins svipmesta stjórnmálaskörungs síðustu aldar.

kolbeinn@frettabladid.is

## MIKILHÆFUR STJÓRNMÁLAFORINGI

Ingvar Gíslason tók sæti á Alþingi árið 1961. Hann man vel eftir Bjarna, þó hann hafi ekki kynnst honum náið. „Það var náttúrlega mikill stigsmunur á okkur, ég ungur, óbreyttur þingmaður í stjórnarandstöðu og hann mikilhæfur stjórnmálaforingi í ríkisstjórn sem ég studdi ekki," segir Ingvar.

„Mér virtist hann fremur lokaður og ég kynntist honum ekki náið. Ólafur Thors var mun opnari og ég spjallaði meira við hann. Bjarni kom mér fyrir sjónir sem fjarlægari foringi. Á þessum árum var býsna hörð stjórnarandstaða og við lágum ekki á liði okkar við að gagnrýna stjórnina. Bjarni naut þó mikils álits og var virtur sem frækinn stjórnmálaforingi, hvar í flokki sem menn stóðu."



INGVAR GÍSLASON

## HAFÐI STÓRT OG HLÝTT HJARTA

Matthías Johannessen var blaðamaður á Morgunblaðinu þegar Bjarni var ráðinn ritstjóri árið 1956. Þremur árum síðar varð Matthías ritstjóri við hlið Bjarna. Þeir kynntust náið sem samstarfsmenn og með þeim óx vinátta sem entist til æviloka Bjarna. Matthías segir Bjarna hafa verið óvenjulegan mann.

„Hann var óvenjuleg manneskja. Hann var fastur fyrir og gat verið harður í horn að taka ef út í það fór, sérstaklega ef honum mislíkaði eitthvað. En hann hafði líka stórt og hlýtt hjarta sem gott var að kynnast. Hann sýndi mér, þessum unga strák, umburðarlyndi, vináttu og traust. Það var mjög gaman að vinna með honum og kynnast honum betur upp úr því og hann var bakhjarl minn allan þann tíma sem hann lifði," segir Matthías. „Við Hanna urðum heimilisvinir hjá þeim Sigríði og við ferðuðumst mikið saman og dvöldum saman á Þingvöllum."

Matthías segir brunann á Þingvöllum hafa haft mikil áhrif á sig. „Ég frétti þetta strax því hingað var hringt um hánótt og við spurð hvort við vissum eitthvað frekar um ferðir þeirra hjóna, og hver hefði verið með þeim. Ég held að íslenska þjóðin sé ekki búin að ná sér af þessum harmleik ennþá. Upp úr þessu hófst viss upplausn, því þótt Bjarni væri náttúrlega markaðshyggjumaður og vildi frelsi á þeim sviðum eins og öðrum, þá var hann ekki peningamaður eða auðhyggjumaður fyrir sjálfan sig."



MATTHÍAS JOHANNESSEN

## ENN Í MÍNUM HUGA

Matthías Á. Mathiesen var samherji Bjarna í Sjálfstæðisflokknum og samtíða honum á þingi um margra ára skeið. „Bjarni er enn í mínum huga og er að mínu viti einn vitrasti stjórnmálamaður sem þjóðin hefur alið," segir Matthías. „Það var mjög gott að leita til hans þegar ég steig mín fyrstu skref á þingi og hann studdi mig mjög vel."

Matthías ritaði í greinasafn um Bjarna sem kom út árið 1983. Þar segir hann:

„Fáir menn munu hafa tekið sæti á Alþingi með jafnmikla þekkingu á sögu þess og störfum og Bjarni Benediktsson né verið jafnljóst hversu mikilvæg stofnun þjóðkjörið þing er í lýðræðisskipulagi."

Þá segir Matthías frá því er hann hélt jómfrúarræðu sína. Til þess hafði hann til umráða fimm mínútur sem ekki nægðu honum. Bjarni var forseti Alþingis og eftir að hafa slegið einu sinni á bjölluna leyfði hann Matthíasi að klára ræðuna; hann hefur eflaust skilið mikilvægi stundarinnar fyrir hinn unga þingmann.



MATTHÍAS Á. MATHIESEN



FRÉTTASKÝRING
KOLBEINN ÓTTARSSON PROPPÉ
kolbeinn@frettabladid.is



# Vönduð hjól fyrir alla fjölskylduna

**OPIÐ til 20 alla daga**

## RALEIGH aftur á Íslandi eftir 20 ár

Raleigh hjólin hafa verið framleidd frá 1887 og í dag er Raleigh stærsta reiðhjólafyrirtæki í heimi
- Tvöfaldar álgjarðir
- Kenda gæðadekk
- Bremsur með vatnsraufum

RALEIGH
**Crystal Girl / Crystal Boy**
- Stærð: 24"
- Gírar: 21 gír, Shimano Revo Gripshift
- Bremsur: Alloy V-brakes
- Gaffall: Með dempara
- Álgjarðir með tvöföldum ramma, dempari í stelli, glitauga að framan og í pedölum, standari

**27.999kr**



RALEIGH
**Tibet Man / Tibet Lady**
- Stærð: 26"
- Gírar: 21 gír, Shimano Revo Gripshift
- Bremsur: Alloy V–brakes
- Gaffall: Með dempara
- Álgjarðir með tvöföldum ramma, glitauga að framan og í pedölum, standari

**29.999kr**



RALEIGH
**Butterfly / Patrol**
- Stærð: 20"
- Gírar: 6 gírar, Shimano Revo Gripshift
- Bremsur: Alloy V–brakes
- Gaffall: Með dempara
- Álgjarðir með tvöföldum ramma, glitauga að framan og í pedölum, standari

**24.999kr**





RALEIGH
**Sidney Cruiser**
- Stærð: 26"
- Gírar: 3 gírar, Shimano Nexus Gripshift
- Bremsur: Fótbremsur að aftan, handbremsa að framan
- Litaðar álgjarðir með tvöföldum ramma, bretti að aftan og framan, keðjuhlíf, glitauga að framan og í pedölum, standari

**27.999kr**

## CROSS gæða merki í hjólum

www.crosscycle.com

Cross hjólin eru nútímaleg hönnun og framleidd í Evrópu undir ströngu gæðaeftirliti
- Tvöfaldar álgjarðir
- Kenda gæðadekk
- Bremsur með vatnsraufum
- Álstell með innbrenndum lit

CROSS
**Speedster**
- Stærð: 20"
- Gírar: 21 gír, Shimano RD–TX31 Gripshift
- Bremsur: Promax TX115C
- Gaffall: HL CH–327E með dempara
- Álstell, glitauga að framan, aftan og í pedölum, standari, bögglaberi, bretti að aftan og framan

**27.999kr**

CROSS
**Impulse**
- Stærð: 20"
- Gírar: 6 gírar, Shimano RD–TX31 Gripshift
- Bremsur: Promax TX115C
- Gaffall: HL CH–327E með dempara
- Álstell, glitauga að framan, aftan og í pedölum, standari, bögglaberi, bretti að aftan og framan, keðjuhlíf

**27.999kr**



CROSS
**Impulse**
- Stærð: 24"
- Gírar: 21 gír, Shimano RD–TX31 Gripshift
- Bremsur: Promax TX115C
- Gaffall: HL CH–327E með dempara
- Álstell, glitauga að framan, aftan og í pedölum, standari, bögglaberi, bretti að aftan og framan

**29.999kr**

CROSS
**Speedster**
- Stærð: 24"
- Gírar: 6 gírar, Shimano RD–TX31 Gripshift
- Bremsur: Promax TX115C
- Gaffall: HL CH–327E með dempara
- Álstell, glitauga að framan og í pedölum, standari

**29.999kr**



CROSS
**Arina / Arrow**
- Stærð: 28"
- Gírar: 21 gír, Shimano TX31 Gripshift
- Bremsur: Promax Alloy V – TX115C
- Gaffall: HL CL–T130 með dempara
- Álstell, bögglaberi, bretti að aftan og framan, keðjuhlíf, rafdrifin lugt að aftan og framan, standari, dempari í sætisstöng, stillanlegt stýri, bjalla

**37.999kr**





CROSS
**Enduro**
- Stærð: 26" með dempara
- Gírar: 24 gír, Shimano Altus Gripshift
- Bremsur: Promax DSK–400 diskabremsur að framan og aftan
- Gaffall: HL ZHR Magnesium gaffall með dempara
- Álstell, standari, breið grófmynstruð dekk, litaðar álgjarðir með tvöföldum ramma, Svartir Aero teinar

**49.999kr**

Gildir til 01. maí eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*




**Samofin saga Íslands og Land Rover**

Hvort sem rætt er við bændur sem stunduðu fjárbúskap á Íslandi upp úr miðri seinustu öld eða útrásarvíkingana, sem í dag stunda annars konar fjárbúskap, þá er svarið eitt og hið sama – Land Rover hefur þjónað þeim vel.

Velflestir Íslendingar hafa einhvern tíma velst um aftan í gömlum Land Rover. Fyrsti bíllinn kom hingað til lands árið 1948, sama ár og Land Rover hóf framleiðslu sína í Bretlandi. Ef til vill er það reynslan af því að alast upp með þessum þarfasta þjóni í áratugi sem veldur því að Land Rover er, enn þann dag í dag, ein eftirsóttasta jeppategundin á Íslandi.


B&L
Með bílinn handa þér
TIL HAMINGJU ÍSLENDINGAR
LAND ROVER 60 ÁRA
Traustur þjónn íslensku þjóðarinnar í gegnum tímana tvenna
1948–2008
A I753
Laugardaginn 3. maí – risa afmælisveisla í B&L – Grjóthjálsi 1 – Kl. 12:00–16:00
– Pylsur og gos.
– Blöðrur og andlitsmálun.
– Sýning og prufuakstur á eldri gerðum Land Rover bifreiða.
– Kennsla og reynsluakstur á Range Rover, Range Rover Sport, Discovery G4 og Freelander í sérstökum akstursrhing. Sérfræðingar Íslandrover-klúbbsins sýna hvernig stilla á bílnum upp í torfærum.
HÓPAKSTUR: Kl. 16:15 leggja Land Rover eigendur upp í hópakstur um borgina sem endar í Laugardalnum. Öllum velkomið að slást í hópinn.
60 YRS
LAND ROVER
GO BEYOND

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Konur verða að halda launakröfum á lofti.

## Launaþróun á hraða snigilsins

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Sömu laun fyrir sömu vinnu var ein af meginkröfum kvenna sem börðust fyrir jafnrétti kynjanna á áttunda áratugnum. Krafan þótti upphaflega ekki sjálfsögð en afraksturinn varð þó að nú má lögum samkvæmt ekki mismuna fólki í launum vegna kynferðis.

Bjartsýnar konur, og ugglaust karlar líka, töldu að með þeirri lagasetningu yrði eftirleikurinn kannski ekki auðveldur en að minnsta kosti á þann veg að þegar einhver tími væri liðinn; ár, áratugir eða tveir, væru laun kvenna að minnsta kosti komin í námunda við laun karla.

Langur vegur er þó frá því nú meira en þremur áratugum síðar. Laun kvenna hafa að vísu hækkað hlutfallslega meira en laun karla sem út af fyrir sig eru ágæt tíðindi. Gamanið kárnar hins vegar verulega þegar í ljós kemur að þrátt fyrir þetta er launamunur kynjanna gríðarlegur og konur hafa enn hvergi nærri tærnar þar sem karlar hafa hælana í launamálum. Ástæðurnar eru nokkrar.

Í fyrsta lagi uppskera karlar enn hærri laun en konur fyrir sambærilega vinnu, ekki með mismunun í launatöxtum heldur eftir annars konar leiðum. Laun umfram taxta eru nú mun algengari en fyrir nokkrum áratugum og njóta karlar þess umfram konur. Einnig njóta þeir í meira mæli ýmissa fríðinda sem telja má til kjarabóta.

Í öðru lagi vinna karlar meira en konur sem nærtækast er að skýra með því að enn er óralangt í land að jafnrétti náist inni á heimilum. Þar er vinnuframlag kvenna enn til muna meira en karla og meðan svo er liggur beint við að atvinnuþátttaka þeirra utan heimilis verður ekki eins mikil og karla.

Í þriðja lagi, sem skiptir þó ekki minnstu máli, þá eru störf sem konur sækja frekar í en karlar iðulega verr metin til launa en störf sem karlar sækja fremur í, jafnvel þótt að baki liggi sambærileg menntun og ábyrgðin sé síst minni í „kvennastörfunum“. Þarna nægir að nefna dæmi eins og hjúkrunarfræðinga og kennara.

Það kann til dæmis að hljóma ágætlega að fá um fjórðungs launahækkun eins og kennarar voru að semja um, og það í kjarasamningi sem rennur út að um það bil ári liðnu. Þegar raunverulegt dæmi er skoðað kemur í ljós að ungi kennarinn, sem hefur haft 210 þúsund í mánaðarlaun, fer upp í um 265 þúsund. Líklega myndi til dæmis ungur maður með BS-próf í verkfræði seint taka vinnu á þessum kjörum.

Á morgun er fyrsti maí. Sumir kalla daginn hátíðisdag, aðrir baráttudag. Öllum er hollt að halda hátíð en baráttunni fyrir mannsæmandi kjörum verður þó að halda á lofti á þessum degi sem tileinkaður er launafólki.

Konur hafa alla tíð átt undir högg að sækja í launamálum. Það eiga þær enn í dag. Því er rétt að halda á lofti þegar fyrsti dagur maímánaðar rennur upp.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björgvin Guðmundsson og Björn Ingi Hrafnsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Skipt um skoðun

„Evrópumálin eru allri þjóðinni hugleikin en aðild að Evrópusambandinu er ekki á dagskrá á næstu árum. Við þurfum fyrst að ná varanlegum styrkleika og stöðugleika til þess að við getum metið það, sem frjáls þjóð, hvað sé mesta gæfusporið fyrir landsmenn.“ Þetta sagði Jón Sigurðsson, þáverandi formaður Framsóknarflokksins, í samtali við Fréttablaðið í ágúst 2006. Nú er komið allt annað hljóð í strokkinn. Jón lýsir því yfir í grein í Morgunblaðinu í gær að Ísland eigi að sækja um inngöngu í ESB nú þegar. Og virðist nú kominn á þá skoðun að öðruvísi nái Ísland þeim varanlega styrkleika og stöðugleika, sem hann áður taldi forsendu fyrir inngöngu.



### Uppbyggingarstarfið

Greinarkorn Jóns er líklega ekki það innlegg sem Framsóknarflokkurinn þarf á að halda í uppbyggingarstarfi sínu; Evrópumál gætu jú orðið sá fleinn sem klýfur flokkinn endanlega í sundur. Grein Jóns er aftur á móti í meira flútti við skoðanir forvera hans, Halldórs Ásgrímssonar, sem spáði því fyrir tveimur árum að Ísland yrði gengið í ESB árið 2015.



### Almenningur rísi upp

Í Morgunblaðinu í gær var frétt um veggjakrot. Rætt var við Benedikt Lund hjá rannsóknardeild lögreglunnar sem segir „krotara“ vera plágu en ekkert muni gerast fyrr en almenningur rísi upp á móti og menn fari að skilja að um eignarspjöll sé að ræða en ekki list. Nú er vandinn varla sá að þorri manna líti á veggjakrot sem list – þá myndu jú fáir amast við því. Benedikt skýrir hins vegar ekki hvað hann á við með að almenningur verði að rísa upp á móti krotinu. Varla er lögreglumaðurinn að hvetja almenning til að taka lögin í eigin hendur til að sporna við óværunni?

bergsteinn@frettabladid.is

# Mývargur



EINAR MÁR JÓNSSON

**Í DAG** | Ófélagsleg hegðun

Í Frakklandi hefur frumrannsóknir í vísindum nokkuð borið á góma að undanförnu. Hafa vísindamenn við hina opinberu vísindastofnun CNRS risið upp og gagnrýnt stjórnvöld harðlega fyrir að láta þá iðju sitja á hakanum, en beina fjármagninu í staðinn að hagnýtum rannsóknum alls konar, kannske í samvinnu við fyrirtæki og samkvæmt óskum þeirra. Benda vísindamennirnir á að frumrannsóknir séu nauðsynlegur grundvöllur hagnýtra rannsókna og á þeim verði uppfinningamenn að byggja. Aldrei sé hægt að vita fyrirfram hvert þær kunni að leiða, það sýni sig oftsinnis að rannsóknir á sviðum sem virðast vera órafjarri dagsins önn leiði til uppfinninga á tækjum sem mikið hagnýtt gagn sé að.

Um þetta sýnir sagan mörg dæmi. Maður gæti t.d. haldið að rannsóknir á hátíðnihljóðum komi venjulegu mannlífi lítið við, því þetta eru hljóð sem hafa svo háa tíðni að ekkert mannseyra getur heyrt þau og haft af þeim nokkurt gagn þannig séð. Eigi að síður kom í ljós, strax og þessi hljóð höfðu verið uppgötvuð, að þau höfðu notagildi í meira lagi. Veiðiþjófar gátu nefnilega notfært sér þau til að búa til sérstaka blístru til að flauta á hunda sína, hún gaf frá sér hljóð sem seppahlustir námu glögglega en ekki nein eyru veiðivarða, hversu sperrt sem þau voru. Var þetta þjófunum vitanlega til mikilla hagsbóta.

**Unglingabrestur**

Kannske er þetta dæmi fjarri amstri venjulegs fólks nú á dögum. En nýlega notfærði uppfinningamaður í Wales sér þessi sömu hátíðnihljóð til að hanna tæki sem snertir líf almennings svo um munar, enda hefur það nú breiðst út um England, Holland, Belgíu og Sviss eins og logi yfir akur og heldur nú innreið sína í Frakkland.

Þetta tæki lætur lítið yfir sér, það er lítill kassi með hátalara, en trixið er þeim mun snjallara: úr hátalaranum koma nefnilega skruðningar sem fullorðnir menn geta ekki heyrt og hafa því engin óþægindi af, en særa eyru unglinga hins vegar á allróttækan hátt. Ef menn vilja af einhverjum ástæðum losa sig við unglinga úr nágrenninu er tækið því hið þarfasta þing til að stugga rækilega við þeim. Á ensku er það kallað „mývargur“, en á íslensku köllum vér það „unglingabrest“, sbr. hrossabrest.

Þeir sem auglýsa tækið á netinu draga skýrt fram gagnsemi þess: „Á verslun þín í erfiðleikum vegna ófélagslegrar hegðunar unglinga? Verður þú fyrir óþægindum vegna unglinga sem hópast saman á götunni og gera þér lífið leitt? Mývargurinn leysir vandann.“

Þetta tæki byggir á þeirri líkamlegu staðreynd, að næmi manna á hátíðnihljóðum minnkar með aldrinum. Börn geta heyrt hljóð sem eru 20.000 hertz, um tvítugt fer þetta næmi mjög að minnka, og fullorðinn maður heyrir ekki hljóð sem eru hærri en 8.000 hertz. Tækið gefur frá sér hljóð sem eru 16.000 hertz, og trufla þau engan fullorðinn mann sem getur rabbað við náungann, lesið í blaði eða fengið sér blund alveg óáreittur.

Öðru máli gegnir um unglinga. Uppfinningamaðurinn velski gerði tilraun með tækið til að sýna blaðamönnum fram á ágæti þess. Hann valdi þrjár þrettán ára stúlkur og setti þær í tveggja metra fjarlægð frá hátalaranum. Eftir fimm mínútur fóru þær að gretta sig og önsuðu ekki lengur ef á þær var yrt (það sannar svo sem ekki neitt), og eftir tíu mínútur sást í hæla þeirra. Blaðamennirnir gátu að sjálfsögðu ekki dæmt um tækið ex auditu, en þeim var sagt að í unglingaeyrum hljómaði það líkt og þjófabjalla í bifreið og væri jafn gersamlega óþolandi og sarg á rammfalska fiðlu eða vein í ketti sem togað er í skottið á.

**Furðuleg staðreynd**

Unglingabresturinn, sem færði höfundi sínum nóbelsverðlaun fyrir skoplegustu uppfinningu ársins árið 2006 (það er fullorðinnabrandari), kostar nálægt þúsund evrum, en eigi að síður hafa nú selst fjögur þúsund tæki af þessu tagi á Englandi einu. Víða hefur það þó komið af stað nokkrum umræðum, í Hollandi og Sviss vildu yfirvöldin banna það, en án árangurs, og nú er umræðan komin til Frakklands.

Nýlega spurði franska útvarpsstöðin „Evrópa I“ hlustendur álits og sýndist sitt hverjum. En það kom í ljós að mat manna á tækinu fór nokkuð eftir því á hvaða hæð þeir bjuggu, þeir sem voru á neðstu hæð litu svo á að það væri þarfaþing hið mesta, þeir sem voru á næstu hæð fyrir ofan voru tregir, þeir sem bjuggu þar fyrir ofan voru á móti, og þeir sem bjuggu næst fyrir neðan þakið fordæmdu það með hinum sterkustu orðum.

En í þessum umræðum í Frakklandi benti einhver á þá staðreynd sem ýmsum fannst furðuleg og nánast ótrúleg: nítíu og átta af hundraði unglinga eru ekki óknyttapésar.

# Kjúklingar framar jafnrétti?

**UMRÆÐAN**

Elías Jón Guðjónsson skrifar um skólagjöld



ELÍAS JÓN GUÐJÓNSSON

Það kemur á óvart að formaður Ungra jafnaðarmanna, Anna Pála Sverrisdóttir, skuli velja að kasta ryki í augun á fólki, og ekki síst sjálfri sér, í grein hér í Fréttablaðinu á dögunum í stað þess að krefja skólagjaldasinna innan Samfylkingarinnar svara.

Sem betur fer hefur Samfylkingin ekki öll gefist upp gagnvart þeirri stefnu að vilja tryggja öllum jafnrétti náms með því að standa gegn skólagjöldum við opinbera háskóla. Því hefur enginn haldið fram. Það sem margir hafa áhyggjur af er hversu margir fulltrúar Samfylkingarinnar eiga erfitt með að útiloka skólagjöld. Sjálf Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður flokksins, hefur ekki útilokað þau, ekki heldur viðskiptaráðherra, Björgvin G. Sigurðsson, og enn síður varaformaður menntamálanefndar Alþingis, Einar Már Sigurðarson. Að auki hefur einn af helstu forystumönnum flokksins, Stefán Jón Hafstein, beinlínis mælt fyrir því að skólagjöld verði tekin upp.

Þau eru ekki þau einu sem daðra við þá hugmynd að rétt sé að taka upp skólagjöld. Skoðanir þessa fólks, sem virðast njóta sívaxandi stuðnings á meðal forystufólks Samfylkingarinnar, hljóta að vera áhyggjuefni fyrir formann Ungra jafnaðarmanna og allt stuðningsfólk Samfylkingarinnar sem vill tryggja jafnrétti til náms.

Formaður Ungra jafnaðarmanna hefur engar áhyggjur af þessu og vill frekar snúa sér að því að lækka verð á hvítu kjöti, enda hafi formaður hennar lagt það til. Á ég að skilja þetta þannig að hún vilji frekar berjast fyrir einhverju sem formaðurinn hennar er sammála? Finnst henni mikilvægara að tryggja ódýrara kjúklingakjöt heldur en jafnrétti til náms? Ef svo er þá er henni og forystusveit Samfylkingarinnar velkomið að sjá um kjúklingakjötið – við Vinstri græn skulum sjá um að tryggja jafnrétti til náms og þiggjum alla mögulega aðstoð í þeirri baráttu enda ekki vanþörf á.

*Höfundur er varformaður Ungra vinstri grænna.*

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Gerðu matarinnkaupin í Bónus í dag miðvikudag!

# Verslanir Bónus lokaðar á morgun 1. mai á frídegi verkafólks

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: MIÐVIKUDAG 12.00-18.30.

# Meðalhóf

**UMRÆÐAN**

Ragnheiður Jónsdóttir skrifar um mótmæli vörubílstjóra



RAGNHEIÐUR JÓNSDÓTTIR

Þær voru ótrúlegar myndirnar sem runnu yfir skjáinn í fréttatímum sjónvarpsstöðvanna þann 23. apríl sl. Hópur svartklæddra íslenskra lögreglumanna, hrópandi „gas!“ „gas!“ að sprauta piparúða á hóp atvinnubílstjóra, sem mótmælti olíuverði með því að leggja flutningabílum sínum þvert yfir Suðurlandsveg og stöðvaði þar með umferð.

Það var eitthvað svo óraunverulegt að sjá lögreglu nota úðabrúsa, svipuðum þeim sem notaðir eru til að vökva blóm, til þess að spúa eitri á mótmælendur jafnt sem almenning, sem fylgdist með. En jafnframt skelfilegt og lamandi, sem valdbeiting alltaf er og jók það á vantrúnaðinn á því, sem birtist í sjónvarpinu. Hópur lögreglumanna, að veifa kylfum framan í atvinnubílstjórana, berjandi þá til hlýðni, snúandi þá niður, handjárnandi og handtakandi. Fólk með rauðþrútin augu eftir piparúðann, sem ekki fékk aðhlynningu, þegar því var haldið niðri. Síðan hvenær eru umferðarlagabrot, þ.e. stöðvun umferðar og það að hlýða ekki fyrirmælum lögreglu, leyst með slíku offorsi hérlendis? Slíka valdbeitingu þekkjum við, sem betur fer, aðeins úr sögubókum, erlendum fréttum eða bíómyndum. Flestir Íslendingar eru friðelskandi og vilja ekki að ríkið valti yfir þegna sína með þessum hætti.

### Sverð og skjöldur

Lögreglan á að vera sverð og skjöldur almennings. Hún á að standa vörð um það góða, breyta rétt og berjast gegn ranglindum. Til þess eru henni falin rúm völd, sem verður að fara vel með. Hún á hvorki að ota vopnum framan í hóp mótmælenda, hvað þá beita þeim né þurfa að nota skildi sér til varnar. Þegar svo er, er eitthvað að. Lögreglan á að vera til fyrirmyndar og það er erfitt hlutverk. Hvers konar fyrirmynd er það börnum okkar, framtíð landsins, að leysa deilur með valdbeitingu? Hvaða skilaboð gefur það „heimilisboxurum“, sem lögreglan þarf svo oft sjálf að fást við? Eða þeim stækkandi hópi „fastakúnna“ lögreglunnar, sem verður ofbeldisfyllri með hverju árinu sem líður?

### Ofbeldi gegn lögreglu

Ekki má gleyma að ofbeldi beinist oft gegn lögreglumönnum við skyldustörf, eins og hér, þar sem einn lögreglumaður slasaðist eftir að steini var kastað í hann og annar var nefbrotinn. Eitt af því sem ég var hvað stoltust af í starfi mínu sem saksóknari er að hafa fengið mann dæmdan fyrir að hafa í lífláts hótunum við lögreglumann. Það mál fór fyrir Hæstarétt og vannst þar líka. Ofbeldi gegn lögreglunni má ekki líðast. Ekki frekar en óhófleg valdbeiting hennar gegn almennum borgurum.

Ekki má heldur gleyma að lögreglan er lagskiptur hópur, þar sem goggunarröðin er almennur lögregluþjónn, varðstjóri, yfirlögregluþjónn, lögreglustjóri, dómsmálaráðherra. Almennir lögreglumenn sem vinna vanþakklátustu störfin eru þeir sem oftast verða fyrir starfstengdu ofbeldi. Oftast eru þeir bara að framfylgja fyrirmælum. Þeir sem fyrirmælin gefa bera ábyrgðina.

### Meðalhóf

Lögreglu, fremur en nokkurri annarri starfsstétt, er svo mikilvægt að hafa meðalhófsreglu í heiðri. Hún er í stuttu máli sú að þegar lögregla á val milli tveggja aðgerða, skuli velja þá aðgerðina sem er minnst íþyngjandi fyrir almenning. Aðferðir sem lögreglan viðhefur, til að ná tilteknu markmiði, verða að vera í réttu hlutfalli eða samræmi við mikilvægi markmiðsins. M.ö.o. lögreglan má ekki ganga lengra en þarf til þess að ná lögmætu markmiði sínu. Eins verður aðgerðin að vera nauðsynleg.

Stefán Már Stefánsson prófessor hefir skilgreint regluna svo: „Hún (hófsreglan) felur í sér að hóf verður að vera milli þess tilgangs, sem stefnt er að og þeirrar aðferðar, sem notuð er til að ná þeim tilgangi.“

Þýskir lögfræðingar vitna oft til orða Fritz Fleiner: „Lögreglan á ekki að skjóta spörfugla með fallbyssum.“ Meðalhófsregla mótaðist einmitt og var fyrst beitt í þýskum lögreglurétti á 19. öld, í málum þar sem lögreglan var talin hafa farið offari. Breskir lögfræðingar kalla meðalhófsregluna „hnotubrjótsregluna“, eftir frægri spurningu Lord Diplock: „Hví að nota loftpressu til að brjóta hnetu þegar hnotubrjótur nægir?“

Var nauðsynlegt að beita piparúða og kylfum til að fjarlægja mótmælendur? Dugðu ekki vægari aðgerðir, að sýna þolinmæði og ræða aðeins lengur við mótmælendur, sem af fréttaflutningi að dæma, voru hvort eð er að búa sig til brottferðar?

Allt er best í hófi. Sú hugsun er aðalsmerki Hávamála, sem forfeður okkar rituðu fyrir yfir 1000 árum: „When will we ever learn?“

*Höfundur er lögfræðingur.*

# Mikilvægt hlutverk

**UMRÆÐAN**

Ragnhildur Bjarnadóttir skrifar um hjúkrunarfræði



RAGNHILDUR BJARNADÓTTIR

Undanfarið hefur Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga unnið að því að bæta ímynd hjúkrunarfræðinga og kynna starf þeirra fyrir almenningi. Þetta hefur vakið mig til umhugsunar um hlutverk hjúkrunarfræðinga og hvers vegna okkur, sem sinnum þessum störfum, finnst alltaf jafn erfitt að segja öðrum frá því.

Hjúkrunarfræðingar blanda og gefa lyf sem læknir hefur gefið fyrirmæli um, meta virkni lyfjanna, meta þörf á lyfjum umfram fyrirmælin og meta þörf á lyfjabreytingum. Þeir þekkja aukaverkanir lyfja og einkenni þeirra og fylgjast með hvort þau komi fram. Hjúkrunarfræðingar fara yfir fyrirmæli með tilliti til skammtastærða, milliverkana við önnur lyf og mögulegs lyfjaofnæmis og eru þannig ásamt lækninum í stöðugu endurmati á lyfjunum.

Hjúkrunarfræðingar búa um sár, meta bestu sáraumbúðir og sárameðferð. Þeir skipta á sárum, meta sár með tilliti til sýkingareinkenna og meta sáragróanda. Hjúkrunarfræðingar meta verki sjúklinga sinna, meta þörf fyrir verkjalyf, gefa verkjalyf samkvæmt fyrirmælum læknis og vinna með lækni að stöðugu endurmati á fyrirmælunum. Þeir meta verkun verkjalyfja, beita óhefðbundnum verkjameðferðum þegar við á og meta árangur af þeim.

Hjúkrunarfræðingar meta andlega líðan sjúklinga og aðstandenda þeirra, veita stuðning, nærveru, virka hlustun, miðla bjartsýni, jákvæðni og von. Þeir meta þörf fyrir fjölskyldufundi, kalla til fjölskyldufunda og stjórna þeim. Einnig meta þeir þörf á frekari aðgerðum varðandi andlega líðan, svo sem sálfræðiaðstoð, þörf fyrir prest, geðlækni og fleira. Auk þess vinna hjúkrunarfræðingar að sjálfsögðu við rannsóknir á andlegri líðan sjúklinga og aðstandenda og ýmsar meðferðir við því.

Hjúkrunarfræðingar veita ráðgjöf varðandi allt sem viðkemur heilsu. Þeir vinna að rannsóknum um ofangreind atriði og fylgjast með rannsóknum á efninu til að tryggja að hjúkrunin sem þeir veita sé byggð á traustum grunni. Hjúkrunarfræðingar sjá um undirbúning fyrir útskrift af sjúkrahúsum eða öðrum heilbrigðisstofnunum, meta hvort sjúklingur sé tilbúinn fyrir útskrift, veita útskriftarleiðbeiningar og skipuleggja eftirfylgni. Hjúkrunarfræðingar eru að auki samhæfingaraðilar milli allra sem koma að meðferð sjúklingsins.

Ofantalin atriði eiga aðallega við um hjúkrunarfræðinga á sjúkrahúsum. Að sjálfsögðu gegna hjúkrunarfræðingar einnig mikilvægu hlutverki utan sjúkrahúsa, svo sem við heimahjúkrun, heilsugæslu hjá Lýðheilsustöð, við fjölbreytileg rannsóknarstörf og við kennslustörf og þjálfun nýrra hjúkrunarfræðinga. Þetta er alls ekki tæmandi listi yfir störf hjúkrunarfræðinga.

Ég mæli því eindregið með því að þú, lesandi góður, hafir augun opin fyrir því hvernig hjúkrunarfræðingur hefur komið að lífi þínu í dag!

*Höfundur er nemi við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands.*


LÚXUS

Glæsilegt úrval lúxusbíla

Komdu núna í **Bílaland B&L** og kynntu þér kostina



**BMW 325XI**

Nýskr: 07/2007, 2500cc, 4 dyra, sjálfskiptur, dökkgrár, ekinn 5.000.

**Verð 5.990.000**



**BMW 320I**

Nýskr: 02/2008, 2000cc, 4 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrár, Ekinn 1.007.

**Verð 4.950.000**



**BMW X5 Diesel**

Nýskr: 12/2006, 3000cc, 5 dyra, sjálfskiptur, ljósgrár, ekinn 17.000.

**Verð 7.100.000**



**LR RANGE ROVER SE**

Nýskr: 03/2004, 4400cc, 5 dyra, sjálfskiptur, ljósbrúnn, ekinn 79.000.

**Verð 6.200.000**

ALLIR INNFLUTTIR OG ÞJÓNUSTAÐIR AF UMBOÐI

Opið virka daga frá kl. 10 til 18 og á laugardögum frá kl. 12 til 16.
Bílaland B&L, Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1230 - luxusbilar@bilaland.is.

bílaland B&L notaðir bílar

bilaland.is

575 1230







Fagnaðarlætin sem brutust út í íþróttahöllinni voru vegna Pútíns en ekki íslensku glímukappanna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Sýndi glímu í Rússlandi

***Snær Seljan, nemi og glímukappi, hefur víða komið og meðal annars á staði sem flestir munu líklega aldrei koma á. Snær reynir að ferðast eins oft og hann getur, hvort sem það er hér heima eða erlendis.***

„Ég hef meðal annars farið til Rússlands, nánar tiltekið til borgarinnar Ufa þar sem við félagarnir í glímunni vorum boðnir á heimsmeistaramót í rússneskum fangbragðaíþróttum. Þessi viðburður er mjög vinsæll í Rússlandi og þar sýndum við íslenska glímu og kepptum við rússneska keppendur í fangbragðaíþrótt. Þar sem við erum óvanir þessari íþrótt áttu Rússarnir mjög auðvelt með að vinna okkur,“ segir Snær en bætir við að hann væri þó alveg til í að mæta Rússunum aftur. Hópurinn sem fór út sýndi íslenska glímu í stórri íþróttahöll sem var þétt setin. Fyrir utan voru tugir þúsunda her- og lögreglumanna vegna heimsóknar Pútíns á þennan íþróttaviðburð.

„Við vorum að sýna glímuna þegar skyndilega allir áhorfendur í íþróttahöllinni ærðust og við trúðum því varla að við værum að vekja svona mikla lukku. Annað kom í ljós en sjálfur Pútín var á sama augnabliki að ganga inn í salinn og var það ástæðan fyrir fagnaðarlátunum. Það hefði verið gaman að geta heilsað upp á Pútín en við fengum ekki færi á því,“ útskýrir Snær sem var að öllu leyti mjög sáttur við ferðina til Rússlands og vill glaður fara aftur. *mikael@frettabladid.is*









**Farangursgeymsla** bílsins fyllist oft af drasli yfir veturinn. Tæmið hana nú í næsta ruslagám svo nestistöskur og svefnpokar komist fyrir.

BÍLASTOÐ
réttingar & sprautun
TOYOTA & LEXUS þjónusta
GERUM VIÐ ALLAR TEGUNDIR BÍLA
Smiðjuvegur 38 rauð gata • Sími 564 0606 • Fax 564 0636
www.bilastod.is • bilastod@simnet.is

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942
rafstilling@rafstilling.is

Allt á einum stað
SUMARDEKK
HEILSÁRSDEKK
OLÍS SMURSTÖÐ
BÓN OG ÞVOTTUR
HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
RAFGEYMAÞJÓNUSTA
BREMSUKLOSSAR
ALLT Á EINUM STAÐ
SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTA
SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066

bfo.is
Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf
bfo@bfo.is
NISSAN SUBARU HONDA ISUZU OPEL
SMIÐJUVEGI 22 (GRÆN GATA) · 200 KÓPAVOGI · SÍMI: 567 7360

# Með blæjuna niðri

***Undanfarið hafa ekki margir blæjubílar sést þjóta opnir um göturnar hér á landi. En með hækkandi sól og hitastigi verður breyting þar á og blæjubílar koma fram í dagsljósið.***

Á góðviðrisdögum er hins vegar stundum eins og blæjubílar séu úti um allt enda hafa sumur hér á landi verið góð síðustu ár. Frábært er að geta tekið rúntinn á opnum bíl og notið veðurblíðunnar.

Mörg bílaumboð hér á landi eru með blæjubíla á sínum snærum og því kjörið tækifæri fyrir þá sem vilja sýna sig og sjá aðra í sumar að kynna sér úrvalið.

Svo er bara að vona að veðurguðirnir verði í stuði þetta sumarið og bjóði upp á sólskin svo bílarnir fái að njóta sem allra best.

*mikael@frettabladid.is*



Lexus SC 430 er blæjubíll með 4.3 lítra V8 VVT-i vél. SC 430 hefur ríkulegan staðalbúnað. Toppurinn er rafstýrður og fellur saman á mjög stuttum tíma.



BMW Z4 M Roadster er flottur tveggja sæta blæjubíll sem vekur athygli hvar sem er. Roadsterinn inniheldur 330 hestafla vél sem segir allt sem segja þarf.



Volvo C70 frá Brimborg er þægilegur og rúmgóður blæjubíll. Toppurinn er fljótur að falla saman sem er gott upp á snöggar veðurbreytingar. Ríkulegur staðalbúnaður er í bílnum.



Ford Mustang-blæjubíll með 4,6 lítra V8 vél sem skilar 300 hestöflum. Mustanginn inniheldur flott hljóðkerfi og með leðurinnréttingu. Mustang er klassík og hefur allt sem þarf.

.Meirapróf
ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD
Upplýsingar og innritun í síma 567 0300
Næsta námskeið byrjar 7. maí

Bremsuhlutir
í alla jeppa og pickupa
Diskar
Klossar
Dælur
Borðar
Ísetningarþjónusta
FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.
Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000
PRENTSNIÐ EHF.

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið



Volvo XC70 hentar vel fyrir rússneskar aðstæður.

# Bestur í Rússlandi

*Volvo XC70 var valinn bíll ársins í Rússlandi. Þetta er í annað sinn á þremur árum sem hann er valinn bíll ársins og mikill heiður fyrir Volvo.*

Rússar hafa valið Volvo XC70 bíl ársins 2008 en alls kusu hundrað og fimm þúsund manns um nítján ólíka bílahópa. Fyrir tveimur árum sigraði eldri gerðin af Volvo C70 í þessum flokki.

Svo virðist sem Rússar séu ánægðir með bílinn og hefur Volvo orðið vart við mikla söluaukningu í Rússlandi. Sem dæmi um það þá jókst salan á milli áranna 2006 og 2007 um 95 prósent og yfir tuttugu þúsund bílar voru seldir. Þessar tölur sína ótvírætt að Volvo nýtur mikilla vinsælda í Rússlandi.

*- mmr*


## Tjöruhreinsir

NÚ ÞEGAR VETUR KONUNGUR HEFUR HVATT ER TILVALIÐ AÐ KAUPA SÉR TJÖRUHREINSIR OG NÁ TJÖRUNNI AF BÍLNUM FYRIR SUMARIÐ.

Oft getur verið erfitt að ná tjörunni af lakkinu á bílnum. Tjöruhreinsir vinnur vel á fastri tjöru og því upplagt að nælar sér í brúsa og úða á svæðin sem þakin eru tjöru. Tjöruhreinsir fæst á öllum bensínstöðvum.






Rafbílar frá Renault.

# Rafbílar á göturnar

*Nú er mikið rætt um hvaða orkugjafi kemur til með að knýja bíla framtíðarinnar. Renault telur rafbíla það sem koma skal.*

Franski bílaframleiðandinn Renault telur að rafmagn eigi eftir að verða aðalorkugjafi bíla í framtíðinni. Rafbílar verða settir í öndvegi hjá Renault og með samstarfi við NEC-raftækjarisann frá Japan sem hefur hannað nýja gerð rafhlaðna.

Rafhlaða þessi mun leysa mörg vandamál þeirra rafbíla sem nú eru á markaðnum. Renault hefur gert sammning við dönsk yfirvöld sem felur í sér að Renault mun taka þátt í að byggja upp rafstöðvar víða um Danmörku.

Allir tollar og skattar verða lækkaðir mikið á rafbílum. Fyrstu rafbílarnir muna koma í gagnið í Danmörku árið 2011 ef allt gengur upp. Sömu akstureiginleikarnir verða í rafbílnum og eru í bensínvélum.

*- mmr*




Mælar frá Sika og Wika.
Margra ára reynsla hér á landi mælir með mælunum okkar. Hafið samband við sölumann 690-3953
www. sturlau-
Sími: 412-3000

Auglýsingasími
512 5050
- Mest lesið

FJAÐRIR OG GORMAR Í FLESTAR GERÐIR JEPPA
Japan/U.S.A.



FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.
Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000

www.alorka.is
Sumardekk – hjólbarðaþjónusta
Sumar- og heilsársdekk fyrir allar gerðir fólksbíla og jeppa.
Hagstætt verð og traust þjónusta.



BRIDGESTONE
Umboðsaðili fyrir Bridgestone hjólbarða
Við tökum vel á móti þér á þjónustustöðvum okkar!
Reykjavík
Tangarhöfða 15 : 587 5810
Vagnhöfða 6 : 577 3080
Akureyri
Réttarhvammi 1 : 464 7900
ALORKA
PIPAR • SÍA • 80753



THULE SWEDEN
Taktu hjólið með
- settu það á toppinn.



THULE ProRide 591
Einfaldar og stílhreinar hjólafestingar.
Auðveldar í notkun.



THULE OutRide 561
Fyrir þá sem eru vanir. Hjólið fest í framgaflinum.
Allar upplýsingar um THULE er að finna á vef Stillingar www.stilling.is

Stilling
www.stilling.is // stilling@stilling.is
Skeifan 11, 108 Reykjavík | Bíldshöfði 12, 110 Reykjavík | Smiðjuvegur 68, 200 Kópavogur
Dalshraun 13, 220 Hafnarfjörður | Draupnisgata 1, 600 Akureyri
Eyrarvegur 29, 800 Selfoss. | Sími: 520-8000

allt heimili
Alla fimmtudaga

**Flugferðir** í heimsreisum geta verið langdregnar. Stattu upp og rabbaðu við samferðamenn þína og þú gætir kynnst skemmtilegu fólki.


GISTING Í HÖRPUHÚSI
Kaupmannahöfn
http://surprizetravel.is/gistingdk.html
Nánari upplýsingar í síma 822-3890

Benidorm
28. maí
frá kr. 44.990
Frábært sértilboð
- Viña del Mar

Aðeins örfáar íbúðir í boði
Heimsferðir bjóða frábært tilboð til Benidorm 28. maí. Njóttu lífsins á þessum vinsæla áfangastað við góðan aðbúnað. Bjóðum örfáar íbúðir á Viña del Mar, einum af okkar vinsælustu gististöðum, með frábæra staðsetningu í hjarta Benidorm. Skelltu þér til Benidorm og njóttu lífsins á einum af vinsælustu gististöðum Heimsferða.
Verð kr. 44.990 Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í íbúð á Viña del Mar í viku.
Verð kr. 54.990 Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna í íbúð á Viña del Mar í viku.
Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.


Hans Kristján flaug yfir fjögur Nepölsk fjallaþorp, Græna vegginn og svokallaðan Sarankothrygg.


Elsta konan í Galam í eldhúsinu sínu að brugga einhverskonar landa sem Hans Kristján segir bara nokkuð góðan.

# Í hæstu fjöllum heimsins

***Langþráður draumur Hans Kristjáns Guðmundssonar framkvæmdastjóra rættist í vetur er hann heimsótti nokkur afskekkt og framandi þorp í Himalayafjöllum, ýmist fótgangandi eða fljúgandi á svifvæng.***

Hans Kristján lagði upp annan í jólum áleiðis til Pokhara í Nepal og hélt þaðan með hópi fólks til fjallaþorpsins Dikidanta með góðri leiðsögn. Verkefni fyrsta dags var að fljúga þaðan yfir í fjallgarðinn Græna vegginn, þræða hann endilangan þar til hæsta tindi var náð, klifra upp í skýjahæð og til baka til Pokhara. „Þetta var alveg geggjað,“ segir hann og brosir út að eyrum. „Við flugum yfir fjögur nepölsk fjallaþorp og yfir Græna veggnum heyrði maður öskrin í öpunum, sem sægur er af í skóginum. Til að ná aftur á lendingarsvæðið í Pokhara varð að komast yfir svokallaðan Sarankothrygg. Það var talsverð fyrirhöfn að fá nægilegt uppstreymi og aðeins tveir úr hópnum náðu því. Ég var annar þeirra. Hinir þurftu að lenda úti á víðavangi og húkka sér far til baka en þótti það bara gaman.“

Eftir flug í grennd við Pokhara næstu daga hélt Hans Kristján til þorpsins Galam. Þar kveðst hann hafa fundið sterkt fyrir jarðtengingu og krafti Himalaya og orðið snortinn af einstakri fegurð og fádæma gestrisni allra sem á vegi hópsins urðu. „Svifvængjaflugmenn hafa komið á þessar slóðir um árabil og þeim er alltaf tekið fagnandi af öllum þorpsbúum,“ segir hann og telur lífshætti eins einfalda og hægt sé að hugsa sér. „Þetta var eins og að fara 300 ár aftur í tímann og hér varð manni ljóst það mikla frelsi sem við Vesturlandabúar höfum til að ferðast um heiminn og upplifa ólíka menningu. Jafnhliða því sá maður hversu lífsglatt fólkið er á þessum slóðum, laust við allt nútímafár og tækni eins og rafmagn, sjónvarp, samgöngur og allt sem við lítum á sem sjálfsagða hluti. Annað kom þar líka á óvart. Það var að konur ráða ríkjum og taka allar ákvarðanir í þorpinu.“ Næst var haldið til Bandipur sem Hans Kristján segir gamalt verslunarþorp á milli Pokhara og Katmandu. „Þar gat að líta margar fallegar byggingar en víða er lágt til lofts. Ég var kominn með sigg á ennið eftir að hafa rekið höfuðið ítrekað upp í bita!“ segir hann hlæjandi og lýsir líka kvenkyns burðarmönnunum í Bandipur sem voru „engar smá valkyrjur“.


Öldungaráðið í Galam er skipað konum.

Á heimleið var haldið til Katmandu, þar sem ekið var um stórbrotið landslag Nepal. „Katmandu kynntist ég ekkert sérstaklega,“ segir Hans Kristján og bætir við. „Kannski hafði ég engan sérstakan áhuga á því eftir það sem ég hafði upplifað í sveitasælu Nepal.“

*gun@frettabladid.is*

Taktu tvöfalda vildarpunkta með þér í fríið

1000 Vildarpunktar
Bókaðu bílinn fyrir 1. maí á **www.hertz.is** og fáðu 1000 vildarpunkta hjá Vildarklúbbi Icelandair.
**Tilboðið gildir til 1. maí.**
Vildarklúbbur
Hertz hefur yfir 7600 afgreiðslustaði í 146 löndum.
SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA
Hertz Car Rental
Flugvallarvegi
101 Reykjavík, Iceland
hertz@hertz.is
Tel. +354 522 44 00
Fax. +354 522 44 01
Hertz
www.hertz.is

## Sæluvika

SÆLUVIKA SKAGFIRÐINGA STENDUR NÚ SEM HÆST. FJÖLMÖRG ATRIÐI ERU Á DAGSKRÁNNI SEM DREGUR TIL SÍN GESTI ÚR ÖLLUM ÁTTUM.

Menningarhátíðin Sæluvika Skagfirðinga á sér langa sögu og merka. Hún er jafnan haldin um það leyti sem vorið heldur innreið sína og dagurinn endist gestum til ferðalaga, jafnvel um langan veg. Meðal atriða á sæluvikunni nú má nefna leik- og söngdagskrána Ég lít í anda liðna tíð sem fjallar um ævi og störf tónskáldsins og læknisins Sigvalda Kaldalóns. Að henni standa Söngskóli Alexöndru Chernyshovu og Guðrún Ásmundsdóttir. Sýningar eru til dæmis klukkan 17 bæði í dag og á morgun í Villa Nova á Sauðárkróki. Fjölmörg fleiri atriði laða fólk í fjörðinn Skaga, eins og leikritið Viltu finna milljón í Bifröst, sýningin Enn mun reimt á Kili í Safnahúsinu, Tónleikar með KK á Mælifelli annað kvöld og Trúbbakvöld með Magna, að ógleymdu stuðinu með Geirmundi í íþróttahúsinu á föstudagskvöldið.


Alexandra Chernyshova er ein af driffjöðrum söngsins í Skagafirði.

*- gun*

allt heilsa
Alla þriðjudaga og fimmtudaga



**Laxinn** er helst að finna í ám á Suðurlandi og Norður- og Norðausturlandi. Hann hrygnir á haustin en seiðin eru um fjögur ár að ná fullum þroska.

# Kastnámskeið í sumar

***Stangveiði er skemmtilegt fjölskyldusport og fyrir þá sem vilja ná leikni í að kasta eru námskeið í boði.***



Ásgrímur Ari Jósefsson, sölumaður í stangveiðideild Ellingsen, segir mikinn áhuga á stangveiði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Í sumar verður haldið kastnámskeið á vegum Ellingsen en kennari á námskeiðinu verður Klaus Frimor. Á námskeiðinu verður meðal annars kenndur munurinn á hefðbundinni línu og svo rennilínu og skotlínu.

„Hefðbundin lína er heil lína en rennilína er mjórri en skotlína og léttari fyrir vikið. Það þarf ákveðna tækni við kastið en það er auðveldara að beita rennilínunni,“ útskýrir Ásgrímur Ari Jósefsson, sölumaður í stangveiðideild Ellingsen.

Námskeiðið er áætlað í júní en skráning er þegar hafin í versluninni Ellingsen. Ásgrímur Ari segir námskeiðið fyrir alla, bæði lengra og styttra komna, börn og fullorðna.

„Klaus Frimor er einn fremsti kastari í heimi. Hann kennir á ensku þannig að krakkarnir þurfa þá kannski einhvern með sér til að hjálpa sér með enskuna. Kennslan sem slík í kastinu útskýrir sig sjálf en það er helst munurinn á línunum og hvernig þær virka sem fólk þarf að skilja.“

Kennslan í kastinu mun fara fram annaðhvort á Klambratúni eða við Rauðavatn og verður farið yfir köst með einni hendi og báðum. Ellingsen hefur staðið fyrir kastnámskeiðum á hverju ári og áhuginn er mikill.

„Áhuginn á stangveiði hefur aukist mikið og sérstaklega á fluguveiði. Krakkarnir eru að verða yngri finnst mér og þetta er ekki lengur eingöngu sport þeirra sem eiga peninga,“ segir Ásgrímur Ari.

Hann segir stangveiði geta bæði verið dýra og ódýra. Laxveiði getur kostað skildinginn en silungsveiði er ódýr og fjölskylduvæn. „Fjölskyldufólk getur þá keypt veiðikortið, elt vötnin hringinn í kringum landið og veitt á ferðalagi. Reykjavík er að stækka og fólk vill komast út í náttúruna og þetta er góð leið til þess,“ segir Ásgrímur Ari að lokum.

Nánari upplýsingar um skráningu á námskeiðið fást í síma 867-0839.

*heida@frettabladid.is*












**Sandalar** með bleikum blómum koma öllum í sumarskap. Lakkaðu neglurnar í sama lit og tiplaðu svo eftir ís með dýfu.

Euro-4 umhverfisvottun
Umhverfisvæna fólksflutningafyrirtækið
Við erum til fyrirmyndar!

Euro-4 no pollution certified
The environmentally friendly bus company
We lead by example!

Euro-4 Abgasnorm zertifiziert
Das umweltfreundliche Busunternehmen
Wir gehen mit Beispiel voran!

Héraðsprent



BUS
Austfjarðaleið
Óseyri 1, 730 Reyðarfjörður - Iceland
Sími/Tel. +354 477 1713 - Email: aust@austfjardaleid.is

Auglýsingasími
512 50 50
Mest lesið



Hringadróttinssaga veitir Guðmundi Emil og vinum hans, Mikael Harðarsyni og Gylfa Styrmissyni, innblástur við ýmsa leiki.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Ævintýralegir útileikir

***Guðmundur Emil Jóhannsson og félagar hans eru hugmyndaríkir strákar í Vesturbænum. Á leikvellinum við Grandaskóla er gaman að leika sér.***

Á sumrin er mikið leikið úti í alls kyns leikjum og fær þá ímyndunaraflið aldeilis notið sín. Guðmundur Emil og félagar hans halda mikið upp á Hringadróttinssögu og hafa oft horft á bíómyndina. Strákunum finnst gaman að skylmast og lifa sig inn í ævintýraheim þar sem fjallað er um baráttu góðs og ills. Stundum bregða þeir yfir sig skikkjum og höttum og fara í hlutverk vonda eða góða karlsins. Þeir skylmast hver við annan og við ósýnilega karla líka að sögn Guðmundar. Sjóræningjamyndirnar Svarta perlan og Dauðs manns kista þykja líka spennandi og eru þær því einnig uppspretta ýmissa leikja.

Feluleikur eins og Ein króna er líka vinsæll leikur á sumrin. Þá stendur einn við staurinn og hinir hlaupa í burtu og fela sig. Hlaupa síðan úr felum og reyna að snerta staurinn án þess að sá sem á að leita sjái.

*- vg*



Ekta íslenskur matur í íslenskri náttúru



Verið hjartanlega velkomin á Gullfosskaffi
Gullfosskaffi er hlýr og heimilislegur veitingastaður í aðeins nokkra skrefa fjarlægð frá hinum kyngimagnaða fossi Gullfoss, um það bil 120 km fjarlægð frá Reykjavík. Opið er frá kl. 9 til 6 alla daga, allt árið um kring.

Við bjóðum upp á ekta íslenska kjötsúpu, samlokur, heimabakaðar kökur, frábæra espresso kaffidrykki og frískandi salat.



Gullfosskaffi er einnig með minjagripaverslun með gott úrval af ullarvörum, hágæða útivistarklæðnað frá Cintamani og 66°N og íslenskt handverk.

Gullfoss KAFFI

801 Bláskógabyggð · Tel: (+354) 486 6500 · Mobile: (+354) 899 3014 · www.gullfoss.is · gullfoss@gullfoss.is

ettt - auglýsingastofa

**Pensil** þarf í alla málningarvinnu því ekki dugar rúllan á allt. Notið pensilinn í kverkar og horn og meðfram dyrakörmum og gluggum.



# Endurbætur eldri húsa

***Á Árbæjarsafni má nú finna allar helstu upplýsingar um endurbætur eldri húsa og fá ráðgjöf sérfræðinga.***

Ýmissa grasa kennir á Árbæjarsafni. Á síðasta ári var þar opnuð Fræðslustofa um endurbætur eldri húsa. Þar má finna fjölbreytt efni fyrir þá sem standa í viðhaldi og endurbótum á gömlum húsum.

„Upphafið má rekja til sýningar um sögu byggingartækninnar, sem komið var á laggirnar árið 2000 í Kjöthúsinu. Árið 2006 endurgerðum við sýninguna og gerðum nýja sem kallast „Húsagerð höfuðstaðar. Saga byggingartækninnar í Reykjavík 1840-1940“. Menntafélag byggingariðnaðarins og Minjasafn Reykjavíkur stóðu að báðum sýningunum. Í framhaldi af því ákváðum við að búa til sérstaka fræðslustofu,“ segir Dagný Guðmundsdóttir, safnvörður á Árbæjarsafni.

Mikil aðsókn hefur verið frá því Fræðslustofan opnaði og segir Dagný að fólk sé alltaf að leita að efni og upplýsingum. „Við opnuðum í júní í fyrra en það er fyrst núna sem við erum með ráðgjöf. Það er mikil þörf fyrir þessa þjónustu og fengum við strax góðar viðtökur. Fólk sem er að hugsa um þetta þyrstir í upplýsingar og stundum heldur það að hlutirnir séu flóknari en þeir eru.“

Að Fræðslustofunni standa Húsafriðunarnefnd ríkisins, Iðan fræðslusetur og Minjasafn Reykjavíkur. Á miðvikudögum eru sérfræðingar á vegum Húsafriðunarnefndar ríkisins og Minjasafns Reykjavíkur með viðtalstíma frá fjögur til sex þar sem þeir taka á móti fólki og leiðbeina. Ráðgjöf er veitt á sama tíma í síma 411-6333.

„Fólk getur líka komið og skoðað. Við erum með alls konar upplýsingar og búið er að safna nýjum hlutum sem passa inn í gömlu húsin. Það eru þá nýir hlutir sem framleiddir eru í gömlum stíl og þá reynum við að segja hvaða stíl það tilheyrir, frá hvaða tímabili og hvar sé hægt að nálgast þá. Síðan eru upplýsingar um styrki sem í boði eru,“ segir Dagný og bætir við að í raun sé fólki sýnt hvernig hugsa þarf verkið. „Þetta er allt frá þekkingu á húsverndarmálum yfir í að leita sér að réttum hurðarhúnum, flísum eða litum. Það er jafnvel einn bæklingur um garða frá mismunandi tímum. Hægt er að fara með þetta alla leið og við erum sífellt að reyna að auka við þekkinguna.“ Ráðgjöfin er ókeypis og ætluð öllum og brátt má finna ýmsa gagnlega tengla á heimasíðu safnsins.

*hrefna@frettabladid.is*



Dagný hvetur alla sem hafa áhuga á viðhaldi og endurbótum gamalla húsa til að líta inn á Fræðslustofuna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Rúllar yfir blettina

***Nadia Banine er landsmönnum kunn sem þúsundþjalasmiður þegar kemur að því að fríska upp á heimilið.***

„Ég veggfóðraði núna síðast einn vegg inni í svefnherbergi hjá mér,“ segir Nadia um síðustu breytingarnar heima hjá sér.

„Það gekk bara ágætlega, það rifnaði reyndar einn renningurinn svo ég þarf að skipta um hann. Þá leigi ég mér bara gufutæki til að losa þann renning en ég komst reyndar ekki strax í það svo nú er límið örugglega búið að taka sig vel,“ bætir hún við hlæjandi.

Fyrir nokkru keypti Nadia sér veglegan sex arma kertastjaka sem varð kveikjan að því að hún fékk sér ljóst veggfóður með upphleyptu flúruðu munstri. Hún segist dugleg að taka til hendinni heima og breyta. „Þetta kemur svona í skorpum, húsið er síðan 1950 svo það er alltaf eitthvert viðhald. Nú er ég að reyna að finna nýjan lit á eldhúsið hjá mér en það er skærgrænt.“

Nadia lumar líka á húsráði til að losna við vorhreingerningar. „Ég er dugleg að eiga fötu inni í skáp með málningunni sem er á veggjunum og svo rúlla ég bara reglulega yfir bletti og annað á veggjunum. Þetta er alveg jafn lítið mál og að þrífa.“

*- rat*



Nadia Banine valdi ljóst veggfóður með flúruðu munstri í svefnherberginu. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR






Mjög góður Pajero '93 bensin. Ek. 170 þús. v. 290 þús. Uppl. í s. 822 7262.



Til sölu GAZ 69 árg. '66, þarfnast endurbóta. Verðhugm. 250 þ. S. 861 1056.



Opel Vectra '98, ek. 140 þ. Ssk. 2L, 16v. Vetrar og sumardekk. Verð 350 þ. Uppl. í s. 659 3459.



MMC Lancer '98, ek. 130þ. sk.'08, 4wd áfelgur, ssk. Tilboð óskast. S. 616 2597.



Nissan Almera '98 ek. 130 þ. Tilboð óskast. Uppl. í s. 616 2597.



Lincoln Mark LT '07. Innfl. nýr. Mikið af aukab. Glæsilegur bíll á góðu verði. S. 895 0927, Ólafur Helgi.



**200,000 í afslátt.**
Subaru Impreza '00. 2,0 bsk. ek. 161 þús. listaverð 600 þús. Okkar verð 400 þús. stgr. Uppl. í s. 770 7501.



**Lækkað verð!!! 3.990 þús.**
Benz E320 4matic árg. '05, ek. 69 þ. Einn með öllu. Frábær kaup. S. 869 5336.

Renault Kangoo árg08/06, ek.20þús, vsk bíll, rekstleiga 18 mán eftir. fæst gegn yfirtöku samnings afb. 33þús á mán. Kjartan 821 3494

Reno Kango árg '99. Þarfnast lagfæringa. Verð 30 þús. S. 897 8070

Renault Clio '99 ek. 90 þús. Yfirtaka á láni, engin útborgun. Uppl. í s. 690 5261.

Ford F250 Lariat 2004, 6L dísel m/öllu. Ek. 70 þ míl. 35", álf. Góður bíll. Áhv. ca 1800 þús. Afb. 45 þús. Ásett 2.5 millj. Bein sala eða skipti á ódýrari fjölskyldubíl. S. 862 5563.

## 0-250 þús.



Til sölu Dodge Ram 1998 5.2L LCD,DVD,Ferðabíll fyrir sumarið. Verð:1250þ s:8970679



Til sölu hjólakerra. Uppl. í síma 899 0304.



**Verð aðeins 150 þús.**
WV Polo árg. '96 1.4 3 dyra. Ek. 155 þ. S. 691 9374.

MAZDA 323 „92 ek143þ 5dyra V.110þ s.8664163 Heiko

Vitara V6, biluð kúpling, ek. 217 þús., sk.'09. Selst ódýrt. S. 894 7198.

Mitsubishi Lancer '97. V. 200.000. Traustur bíll og ódýr. Sk. 09/'08. S. 849 4208.

Stór útsala!! Opel Astra st ek. 130 þ. heill mjög góður bíll nýsk. S. 844 6609.

Nissan Terrano 2, tilboð160 þ. ISK, vel farinn, árg. 1995, skoðað. Simi 868 6725.

## 250-499 þús.



Honda Civic '96. 1400 vél. sjálfsk. ekin 167 þús. verð 290 þús. uppl í s:8654658



Gott eintak, Toyota Xli special series '97 ekinn aðeins 87 þús. km 100% viðhald, skoðaður '09, dráttarkrókur. Verð 350 þús. S. 822 7024.

Til sölu Subaru Impreza árg. '99 ek. 106 þ.km. Verð 350 þ. Uppl. í s. 898 2035.

## 500-999 þús.

Vel meðfarinn Kia Picanto silfurgrár samlitaður. Ekinn 29 þ. Verð 760 þ. Uppl. i s. 697 3629.

## 1-2 milljónir



Til sölu Buick Roadmaster 1996 5.7L LT1. Hlaðin,konukeyrður og vel til hafður fyrir næsta eiganda. S:8970679



Jeep Grand Cherokee LTD árg. '00 ekinn 174 þ.km. Hlaðinn bíll. Ásett verð 1.390 sumartilboð 1.090. Uppl. í s. 898 8011.

## 2 milljónir +




Skiptu í Hybrid og sparaðu hundruði þúsunda í eldsneyti. 40% minna eldsneyti, meiri kraftur og lægra verð. Hybrid er framtíðin sem leysir af hendi eyðslufreka og mengandi benzín og dísel bíla. Pantaðu Hybrid reynsluakstur Reykjavík eða Akureyri í síma 552 2000. Kynntu þér úrval Hybrid jeppa og fólksbíla frá Toyota, Ford, Chevrolet og öðrum helstu framleiðendum á www.islandus.com



Til sölu LMC Favorit 520 RHD hjólhýsi. Eitt með öllu! Uppl. í síma 899 0304.

## Bílar óskast

Óska eftir ódýrum bíl sem þarfnast viðgerðar, má vera ónýtur. Á verðbilinu 0-50 þús. s. 6615256

Vantar vel með farinn bsk. dieseljeppa eða pickup, ekki eldri en árg. 2001, ek. max 150 þ. km, hámarkseyðsla 10 - 12l/100 km. Alt að 1.200.000 í boða stgr. S. 897 3015.

## Jeppar




Nýjir og nýlegir bílar frá öllum helstu framleiðendum allt að 30% lægra verð. T.d. 2007/2008 Ford Explorer frá 2790 þús., Dodge Durango frá 2790 þús., Jeep Grand Cherokee frá 2590 þús., Toyota Highlander frá 3100 þús., Landrover LR3 Discovery frá 5690 þús., Benz ML350 frá 5350 þús., Audi Q7 frá 5750 þús., VW Touareg frá 4750 þús. Sími 552 2000. www.islandus.com




Skiptu í HybridD og sparaðu hundruði þúsunda í eldsneyti. 40% minna eldsneyti, meiri kraftur og lægra verð. Hybrid er framtíðin sem leysir af hendi eyðslufreka og mengandi benzín og dísel bíla. Pantaðu Hybrid reynsluakstur Reykjavík eða Akureyri í síma 552 2000. Kynntu þér úrval Hybrid jeppa og fólksbíla frá Toyota, Ford, Chevrolet og öðrum helstu framleiðendum á www.islandus.com



BMW X5 3,0 I,mars 08,ek.200 km. Fullbúinn bíll t.d. xenon, panorama glerlúga, rafm. Sæti m.memory. Steingrár/svart leður og svartur/beige leður Verð 7.990.000 kr. Kostar nýr hjá B&L 9,4. Uppl. í s. 898 5202 .



Landrover Discovery SE diesel, feb.'07, ek. 19.000 km. Xenon, snertiskjár, Harmon Kardon hljóðkerfi, spil ofl. Verð 6,4 millj. Uppl. í s. 898 5202.



Pajero Sport President '01 sk. '09 diesel. Leður, topplúga, ný dekk ofl. Lúxus eintak. V. 1100 þ. stgr. S. 696 1397.



M. Benz ML 350, árgerð 2006, leður, sóllúga, 7 diska CD, nýyfirfarinn. Upplýsingar hjá Litlu bílasölunni S. 587 7777.



Land Rover LR3 SE árg. '06 ekinn 39 þ.km, hlaðinn bíll, loftpúðafjöðrun, 3 topplúgur og leðurinnrétting ásett 5.290 þús sumartilboð 4.390. Uppl. í s. 898 8011.



Patrol '01 Elegans diesel ek. 115 þús. Mjög góð þónustubók. Góður stgr. afsl. S. 699 0018.

## Pallbílar




Nýjir og nýlegir bílar frá öllum helstu framleiðendum allt að 30% lægra verð. T.d. 2007/2008. Ford CREW F150 frá 2450 þús., Ford F350 diesel frá 3390 þús., Dodge RAM 1500 frá 2300 þús., Dodge RAM diesel frá 3290 þús., Toyota Tacoma frá 2990 þús., Toyota Tundra frá 3090 þús. Sími 552 2000. www.islandus.com

VW LT, 28d, árg '87, sléttur pallur. Verð 40 þús. Þarfnast lagfæringa. S. 897 8070.

## Vörubílar



Man 35 371 8x8 árg. '92 með Hiab 550 árg. '96 6 í glussa + jib 3 í glussa 2 hand. Nánari uppl. s. 690 3191.

## Húsbílar




**Til sölu gott úrval Pallhýsa.**
Ný og notuð á flestar gerðir pallbíla. Sendum hvert á land sem er. Uppl í síma 421-7922 eða Ágúst 864-0982, Jóhannes 896-2317 www.pallhysi.is JS Campers ehf.

**Húsbílar til leigu.**
caravan.is Tilboð í maí! Upplýsingar í s. 899 4161 & 822 1920.

## Hjólhýsi



Til sölu Nýtt Tabbert da vinci 540 hjólhýsi, kojuhús með 3 hæða koju, klósett, sturta, 2x vaskar, ísskápur og allt sem þarf. Verð 3.300.000. Uppl í s. 860 1998.

## Fellihýsi

Til sölu fellihýsi A-hús Chalet Altine árg. '06 Uppl. í s. 892 6046.

## Vinnuvélar



Vantar þig traktorsgröfu í lítil eða stór verk. Hringdu í 861 5940.

## Bátar

**GRÁSLEPPUNET**
Grásleppunet, færatóg, baujur, flotteinar, blýteinar og margt fl. Heimavík ehf. S. 892 8655.

Til sölu 2 stk. DNG 6000i með grænum fronti, 4 stk sænskar færa rúllur. S. 898 3902.

**Bílamarkaðurinn**
**Sími 567-1800**




Nissan Armada 7manna
DVD-Leður-rafm í öllu-ofl
Ýmis skipti koma til greina




CITROEN C4 ´05 ek21
1 eig, s/v dekk, sjálfsk,
100% þjónusta




Toyota Rav 4WD 02/01
Sjálfskiptur, góður bíll
Verð 1.490 þ.kr Gott lán




M. Benz C230 K/P ´05
moli m/öllu - gott verð
Gott verð á góðum bíl




VW Passat Comfortline 02/02
Skipti koma til greina
ek 98þ.km V.1.490þ.kr




Opel Astra GL ECO´03
ek 96 þkm. 5 gíra
Næstum 100% lán




VW POLO 02/00
490 þkr. lítil eyðsla

Verið velkomin




Það er gott að kaupa bíl í Kópavogi.......
Bílamarkaðurinn
Smiðjuvegi 46e-gul gata
s: 567-1800
Líklega stærsta bílaskráin á netinu
www.bbv.is
Bílamarkaðurinn

TIL SÖLU




**3205 S**
THULE
Innanmál: 204x142x35 cm
Heildarþyngd: 750 kg
Burðargeta: 600 kg
Dekk: 13"
Verð kr. 149.000,-



Lyfta.is - 421 4037 - www.thuletrailers.is - thule@thuletrailers.is

**Yfirmatreiðslumaður óskast til starfa,**
góð laun og góður vinnutími í boði.

Umsóknir sendist á box@frett.is
- merkt "Yfirmatreiðslumaður"

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

# Smiðir

Erum með vana smiði sem óska eftir mikilli vinnu.

Upplýsingar í síma 840 1616

**Kraftafl ehf**

**Reykjavíkurborg**
Skipulags- og byggingarsvið

## Auglýsing um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík

**Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, eru hér með auglýstar tillögur að breytingum á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.**

### Grensásvegur 1

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Skeifuna/Fenin vegna Grensásvegar 1. Í breytingunni felst m.a. að bílastæðum neðanjarðar er fjölgað úr 390 í 430. Nýtingarhlutfall ofanjarðar helst óbreytt en byggingarmagn ofan- og neðanjarðar eykst. Byggingareit fyrir tæknirými er bætt inn á uppdrátt. Einnig eru hámarkshæðir skilgreindar.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Póshússtrætisreitur, 1.140.5

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi reits 1.140.5, Kvosin vegna Pósthússtrætisreits. Tillagan byggir á niðurstöðu úr samkeppni "Hugmyndaleit í Kvos" frá ágúst 2007 sem efnt var til í kjölfar bruna í Austurstræti/Lækjargötu. Leitast er við að efla sérkenni svæðisins sem felst í margbreytileika húsa af ólíkri gerð. Jafnframt er tillaga í samræmi við markmið Þróunaráætlun miðborgar um að taka fullt tillit til varðveislu götumynda og húsa.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Vallarstræti, Ingólfstorg suðurhluti

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnar vegna suðurhluta Ingólfstorgs. Tillagan gerir ráð fyrir m.a. að lóðirnar að Thorvaldsenstræti 2, Vallarstræti 4 og Aðalstræti 7 verði sameinaðar og göngukvöð milli Ingólfstorgs og Fógetagarðs gerð að sameiginlegri aðkomu aðliggjandi húsa. Hæðir nýbygginga yrðu að hámarki þær sömu og brunagafl hússins að Aðalstræti 9. Gert er ráð fyrir hótelstarfsemi á efri hæðum bygginga og meginhluta fyrstu hæðar og leyfð yrði verslun, veitingahús og önnur miðbæjarstarfsemi á fyrstu hæð. Einnig verða leyfðar íbúðir á efstu hæð. Geymslur, þjónusturými og bílageymslur verða í kjallara.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar að Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, **frá 30. apríl 2007 til og með 11. júní 2008**. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega eða á netfangið *skipulag@rvk.is*, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 11. júní 2008. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.** Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 25. apríl 2008
Skipulagsstjóri Reykjavíkurr

BORGARTÚN 3 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 3000 - MYNDSENDIR 411 3090

Sveitarfélagið ÁRBORG

## Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg.

*Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr.73/1997 með síðari breytingum, auglýsir bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar tillögu að breyttu deiliskipulagi á lóðinni Stekkholti 22 Selfossi.*

Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir að á lóðinni muni Skátafélagið Fossbúar vera með starfssemi sína einnig er heimilt að staðsetja leiktæki á lóðinni. Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir að heimilt verði að flytja á lóðina 155 fm hús á reit b . Húsið er gamalt skólahúsnæði sem stendur á lóð Sandvíkurskóla við Bankaveg. Á reit c er áætlað að koma fyrir 14 fm gám (20m fet) sem grafin verður inní hól sem notaður verður sem geymsla.

Teikning og greinargerð mun liggja frammi á skrifstofu framkvæmda - og veitusviðs Árborgar að Austurvegi 67 á Selfossi frá og með 30. apríl til og með 28. maí 2008.

Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út 11. júní 2007 og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa á skrifstofu framkvæmda- og veitusviðs Austurvegi 67, 800 Selfossi.

**Á sama tíma er teikning og greinagerð til kynningar á heimasíðu Árborgar http://www.arborg.is þar sem hægt er að skoða hana og senda athugasemdir til skipulags-
og byggingarfulltrúa í netfangi skipulag@arborg.is.**

**Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna innan ofangreinds frests, teljast samþykkja hana.**

**Selfossi, 28. apríl 2007.**

**Bárður Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi Árborgar.**

# Múrarar

Erum með vana múrara sem óska eftir mikilli vinnu.

Upplýsingar í síma 840 1616.
**Kraftafl ehf**

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

## Framhaldsskólakennarar

Við **Menntaskólann í Kópavogi** eru laus til umsóknar störf framhaldsskólakennara í eftirfarandi greinum fyrir næsta skólaár:

**Matreiðslu 1 staða**
**Þýsku 1/2 staða**

Þá er auglýst vegna afleysingar:

**Stærðfræði 1 staða**
**Ensku 1 staða á haustönn**
**Íslenska 1 staða á haustönn**

Ráðið er í störfin frá 1. ágúst 2008 og fara launakjör eftir kjarasamningi framhaldsskólakennara og stofnanasamningi MK. Nauðsynlegt er að hafa annað hvort háskólapróf í viðkomandi kennslugrein eða meistararéttindi í faggrein og kennsluréttindi á framhaldsskólastigi.

Umsóknarfrestur er til 14. maí. Ekki þarf að sækja um á sérstöku umsóknareyðublaði en umsókn þarf að fylgja afrit af prófskírteini auk yfirlits um fyrri störf. Umsóknir skal senda til skólameistara.

Upplýsingar um skólann eru á heimasíðu www.mk.is . Frekari upplýsingar um störfin veita skólameistari, Margrét Friðriksdóttir og aðstoðarskólameistari Helgi Kristjánsson í síma 594 4000.

**Skólameistari**

## Garðyrkjustjóri – Norðurþings
**-með aðsetur á Húsavík.**

Norðurþing auglýsir laust til umsóknar starf garðyrkjustjóra. Um er að ræða krefjandi en jafnframt spennandi starf í nýju sveitarfélagi.

**Starfssvið**
- umsjón með útivistarsvæðum
- umsjón með Skrúðgarði
- umsjón með vinnuflokkum
- umsjón með verkefnum sem tengjast

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- við leitum að menntuðum garðyrkufræðingi.
- jákvæðum einstaklingi með góða samskiptahæfileika.
- hugmyndaríkum og framtakssömum.
- sjálfstæðum og með mikla skipulagshæfileika.

**Umsóknarfrestur er til 14. maí 2008**
Nánari upplýsingar um starfið veitir, framkvæmda- og þjónustufulltrúi Norðurþings í síma 464-6100 eða á netfangið tryggvij@nordurthing.is

## Meiraprófsbifreiðastjóri -Sumarafleysingar

Sláturfélag Suðurlands óskar eftir að ráða bifreiðastjóra í sumarafleysingar við útkeyrslu í verslanir á höfuðborgarsvæðinu.

Við leitum að stundvísum og duglegum einstaklingi sem getur unnið sjálfstætt.

Umsóknir berist SS, Fosshálsi 1,110 Reykavík.
Einnig er hægt að sækja um starfið á heimasíðu fyrirtækisins www.ss.is
Nánari upplýsingar gefur Bjarni Stefánsson, starfsmannastjóri í síma 575-6000

Sláturfélag Suðurlands er leiðandi matvælafyrirtæki með starfsstöðvar í Reykjavík, á Selfossi og á Hvolsvelli.
Hjá félaginu starfa um 330 starfsmenn.
Upplýsingar um SS er að finna á heimasíðu fyrirtækisins

# SÓL OG SUMAR

## 25%
afsláttur af allri viðarvörn og útimálningu*

*Gildir ekki með öðrum tilboðum

**3.990**

Vnr. 89410150-2650

### Viðavörn
PINOTEX CLASSIC viðarvörn, svört, tekk og pine, 6 l.

**3.990**

Vnr. 89436375-394

### Pallaolía
PINOTEX pallaolía glær, græn, brún eða pine, 5 l.

**3.290**

Vnr. 86332040-9040

### Viðarvörn
KJÖRVARI 14 gagnsæ viðarvörn, margir litir, 4 l.

**3.490**

Vnr. 86363040-550

### Pallaolía
KJÖRVARI pallaolía, glær, græn, hnota, fura rauð fura eða rauðviður.



Vnr. 0291920-2

### Barnahús
Barnahús, með hurð og opnanlegum glugga með gleri.
Stærð: 1.80x1.80 m =3.24 m².
Mesta hæð: 190 cm.

**119.900**

ÓDÝRT

Verð frá **95** kr./lm.

### Pallaefni

| | | |
|---|---|---|
| Vnr. 0058272 | Fura, alheflað, 27x45mm, A-gagnvarið. | 95 kr./lm |
| Vnr. 0058273 | Fura, alheflað 27x70 mm, A-gtagnvarið. | 140 kr./lm |
| Vnr. 0058324 | Fura, alheflað 27x95 mm, A-gagnvarið. | 197 kr./lm |
| Vnr. 0058325 | Fura, alheflað 27x120 mm, A-gagnvarið. | 229 kr./lm |
| Vnr. 0058504 | Fura, alheflað 45x95 mm, A-gagnvarið. | 264 kr./lm |
| Vnr. 0058506 | Fura, alheflað 45x145 mm, A-gagnvarið. | 392 kr./lm |
| Vnr. 0059954 | Fura, alheflað 95x95 mm, A-gagnvarið. | 498 kr./lm |

Vnr. 55600226

### Laufhrífa
GROUW laufhrífa, plast.

**790**

Vnr. 55600220

### Stungugaffall
GROUW stungugaffall.

**2.490**

Vnr. 55600221

### Stunguskófla
GROUW stunguskófla.

**2.490**

Vnr. 55600223

### Garðhrífa
GROUW garðhrífa.

ÓDÝRT

**1.290**

Vnr. 55600224

### Kantskeri
GROUW kantskeri.

**1.990**

Fullt verð: 2.390

**Þar sem fagmennirnir versla er þér óhætt!**




**890**

Vnr. 55095001
### Graskorn
Graskorn, 5 kg.




**1.190**

Vnr. 55090005
### Kalk
Turbokalk, 12,5 kg.




Verð frá **990**

Vnr. 55095007/107-8
### Blákorn
Blákorn 5,10 eða 40 kg.



**BOSCH**
Vnr. 74897860
### Hekkklippur
BOSCH hekk- og grasklippur ISIO, lithium rafhlaða, aðeins 0,6 kg.
**11.900**



**BOSCH**
Vnr. 74890004
### Hekkklippur
BOSCH hekkklippur AHS 4-16. Sverðlengd 42 cm, 390W.
**6.490**



GLEÐILEGT SUMAR



**17.900**

ÓDÝRT

**BOSCH**
Vnr. 74890010
### Mosatætari
BOSCH ARM 32F, mosatætari, 400W, 27l, lasso, sláttubreidd 32 cm.

EXPO



Vnr. 79291067
### Hjólbörur
HÖRBY hjólbörur, 90 l.
**4.990**



Vnr. 79290005
### Hjólbörur
Barna hjólbörur.
**1.490**

**ALLAR TEIKNINGAR GERÐAR Í ÞRÍVÍDD!**



# Palla- og garðaráðgjöf sumarið 2008

Í ár eins og undanfarin ár mun BYKO veita viðskiptavinum sínum ráðgjöf og faglegar ráðleggingar vegna fyrirhugaðra framkvæmda í garðinum.

Bjarnheiður Erlendsdóttir garðahönnuður mun sjá um ráðgjöf fyrir viðskiptavini BYKO í sumar. Hún hefur áratuga reynslu í hönnun og vinnslu á görðum, bæði nýjum og gömlum.

Ráðgjöfin felst aðallega í því að koma fólki af stað í framkvæmdum á pöllum og girðingum. Skráning fer fram hjá Halldóru í BYKO í síma 515 4134 á milli kl. 10 og 16 virka daga.

Hver viðskiptavinur fær hálftíma ráðgjöf sem kostar kr. 9.900, en þær fást endurgreiddar við kaup á palla- og girðingaefni hjá BYKO.

Til þess að ráðgjöfin nýtist viðskiptavinum okkar sem best eru þeir beðnir um að koma með eftirfarandi gögn þegar þeir mæta í ráðgjöfina:
- Grunnmynd af húsi og lóð í kvarðanum 1:100 (ekki smækkað afrit)
- Útlitsteikningu af húsinu
- Afstöðumynd lóðar í kvarðanum 1:500 (er oft á sömu teikningu og grunnmyndin)
- Ljósmyndir ef til eru sem sýna lóð og hús. Afrit af teikningum er hægt að fá hjá byggingafulltrúa hvers sveitafélags.




BYKO blaðið er komið út stútfullt af frábærum tilboðum



Vnr. 53323042
### Keðjusög **24.900**
PARTNER keðjusög 1,3 KW, sverðlengd 46 cm.

BYKO

**LARS VON TRIER KVIKMYNDALEIKSTJÓRI 52 ÁRA.**

*„Í hverri kvikmynd reyni ég nýja hluti sem ég hef aldrei reynt fyrr.“*



***Lars Von Trier hefur gert margar eftirtektarverðar kvikmyndir á borð við Dancer in the Dark með Björk í aðalhlutverki, Breaking the Waves og Idioterne.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 30. APRÍL 1907

## *Honolulu fær borgarréttindi*



Honolulu er höfuðborg Hawaii og þýðir á frummálinu Staður í leyni. Hún liggur á suðausturströnd Oahu-eyju sem tilheyrir Honolulusýslu. Íbúafjöldi er tæplega 400.000 þúsund.

Ekki er vitað með vissu hvenær byggð myndaðist í Honolulu. Þó eru sögusagnir um landnema á þrettándu öld. Fyrsti útlendingurinn sem sótti heim eyjuna var breskur sjókapteinn að nafni Brown og var það árið 1794. Í kjölfarið fylgdu önnur erlend skip og Honoluluhöfn varð vinsælt stopp fyrir flutningsskip milli Norður-Ameríku og Asíu.

Hawaii var konungsríki áður en Bandaríkjamenn fengu eyjuna í sitt ríkjasamband. Kamehameha III konungur sem ríkti á nítjándu öld og arftaki hans breyttu ríkinu í nútímasamfélag en á nítjándu og tuttugustu öld voru miklar óeirðir í landinu sem að lokum leiddu til falls konungsríkisins. Það milda veðurfar sem einkennir borgina stuðlar ekki bara að blómlegum ferðamannaiðnaði heldur líka að heilsurækt heimamanna. Nýlega kom í ljós að vegna blíðunnar eru íbúar í mjög góðu formi miðað við aðra borgarbúa Bandaríkjanna.

Borgin er ein fárra, af þessari stærð, í Bandaríkjunum sem gefa út fleiri en eitt dagblað en þar koma út tvö dagblöð, The Honolulu Advertiser og the Honolulu Star-Bulletin.

### MERKISATBURÐIR

**711** Sveitir Mára lentu við Gíbraltar og hófu innrás sína á Spáni.

**1789** Fyrsti forseti Bandaríkjanna, George Washington, sver embættiseið.

**1838** Níkaragúa sagði sig úr Ríkjasambandi Mið-Ameríku og lýsir yfir sjálfstæði.

**1939** Franklin D. Roosevelt kemur fram í sjónvarpi, fyrstur bandarískra forseta.

**1966** Hótel Loftleiðir er opnað í Reykjavík, 16 mánuðum eftir að framkvæmdir hófust.

**1991** Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks undir forsæti Davíðs Oddssonar tekur við völdum.

**1999** Kambódía gengur í Samband Suðaustur-Asíuríkja.



**HLÁTURINN LENGIR LÍFIÐ** Alþjóðlegur hláturjógadagur fer fram næstkomandi sunnudag bæði í Reykjavík og á Suðurnesjunum.

# Alþjóðlegur hláturdagur

Alþjóðlegi hláturdagurinn verður samkvæmt venju haldinn hátðíðlegur um allan heim fyrsta sunnudaginn í maí. Þetta er í sjötta sinn sem haldið er upp á hláturdaginn á Íslandi.

Upphafsmaður hláturjógaaðferðarinnar, indverski læknirinn Dr Madan Kataria sem stofnaði sinn fyrsta hláturklúbb árið 1995 eftir að hafa rannsakað heilsubætandi áhrif þess að hlæja. Dagurinn verður haldinn hátíðlegur bæði í Reykjavík og á Suðurnesjum að þessu sinni, en það er í fyrsta sinn sem Suðurnesjamenn taka þátt. Í ávarpi dr. Madan Kataria í tilefni dagsins segir meðal annars:

„Við búum við meiri velmegun nú en fyrir 50 árum. Samt hefur streita, depurð, einmanaleiki og þunglyndi margfaldast hjá þeim sem búa í velmegunarlöndum. Þunglyndi er algengast sjúkdóma en streita er aðalorsök allra sjúkdóma. Krabbameins- og hjartasjúklingum fjölgar ört. Samkvæmt læknisfræðilegum rannsóknum er súrefnisskortur í frumum líkamans rótin að flestum sjúkdómum. Hláturjóga er áhrifamikil aðferð sem eykur súrefnisupptöku líkamans, veitir fullkomna vellíðan, bæði huglæga, félagslega og andlega því hún dregur samstundis úr streitu. Aðferðin flytur meira súrefni til frumnanna, styrkir ónæmiskerfið, ræðst gegn þunglyndi og hefur yngjandi áhrif á líkamann.“

Í Reykjavík verður verður haldið upp á daginn með hláturgöngu um Laugardalinn. Farið verður frá gömlu þvottalaugunum kl. 13.00 og gengið inn í dalinn. Skemmtilegar hláturjógaæfingar verða teknar á leiðinni og allir komi með nestisböggul.

Ásta Valdimarsdóttir, hláturjógakennari og Kristján Helgason hláturjógaleiðbeinandi stjórna.

Hláturdagurinn verður einnig haldinn í Reykjaneshöllinni klukkan 14.00. Þar mun Marta í Púlsinum, hláturjógaleiðbeinandi, leyfa gestum að prófa hláturjógaæfingar sem kalla fram hlátur og gleði.

Allar nánari upplýsingar um hláturjóga og daginn er að finna á heimasíðunum: http://laughteryoganews.org/ http://www.laughteryoga.org/drkataria/ http://www.hlatur.com



**EINSTAKT FRELSI** Samtök útivistarfélaga eru í nánu samstarfi við stjórnvöld þegar kemur að umhverfismálum. Ofarlega á baugi þessa dagana eru skipulagsmál á Lakasvæðinu, segir Skúli H. Skúlason framkvæmdastjóri.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**SAMTÖK ÚTIVISTARFÉLAGA:** FAGNA TÍU ÁRA AFMÆLI Í ÁR

# Frelsi náttúrunnar mikilvægt

Samtök útivistarfélaga, eða SAMÚT, eru samtök sextán útivistarfélaga með samtals 30.000 félagsmenn.

Samtökin voru stofnuð 1998 með það að markmiði að vinna að sameiginlegum hagsmunum þeirra sem stunda útivist og ferðalög um Ísland. „Hlutverk og tilgangur samtakanna er einkum tvíþættur. Að standa vörð um rétt almennings til að umgangast náttúruna og vera málsvari aðildarfélaga gagnvart stjórnvöldum og í öðrum sameiginlegum hagsmunamálum,“ segir Skúli H. Skúlason, framkvæmdastjóri SAMÚT, en hann er einnig framkvæmdastjóri Útivistar. „Ólafur Örn Haraldsson, forseti Ferðafélags Íslands, átti sinn þátt í stofnun SAMÚT. Hann var þá á þingi og þá kom í ljós að það vantaði sameiginlegan málsvara fyrir útivistarfólk. Í kjölfarið var SAMÚT stofnað,“ segir Skúli sem telur mikilvægt að útivistarfólk hvers konar hafi sameiginlega rödd og vettvang. „Stjórnvöld leita til okkar með ýmis mál og það er mikilvægt að geta komið fram sem ein heild. Við erum áheyrnaraðili á ýmsum stöðum þar sem stjórnvöld ræða útivist og náttúru og eigum fulltrúa víða þar sem okkar hagsmuna er að gæta,“ segir Skúli og nefnir störf SAMÚT í samvinnunefnd um miðhálendi Íslands og fulltrúa í svæðisstjórn um Vatnajökulsþjóðgarð og áheyrnarfulltrúa í yfirstjórn Vatnajökulsþjóðgarðs.

„Við höfum einnig verið í samvinnu við umhverfisráðuneytið og fáum til umsagnar þau frumvörp sem snúa að útivistarmálum. Þarna fundum við reglulega auk ýmissa náttúruverndarsamtaka,“ segir Skúli sem segir fundi SAMÚT vera nokkra árlega. „Við hittumst ekki endilega reglulega heldur frekar þegar þarf að taka einhver mál fyrir. Það eru þá oftast mál sem snúa að stjórnvaldsaðgerðum sem tengjast útivist og náttúru Íslands. En líka ef aðildarfélög koma með mál sem þarf að finna lausn á sín á milli,“ útskýrir Skúli og nefnir sem nýlegt dæmi skipulagstillögur á Lakasvæðinu. „Við viljum gjarnan fylgjast með skipulagningu og framkvæmdum stjórnvalda í náttúrunni almennt.“ Skúli segir breytingar hafa verið miklar á síðastliðnum árum og þá helst af hálfu stjórnvalda. „Það má segja að ákveðið traust sé komið á milli stjórnvalda og útivistarfólks. Okkur hefur tekist á síðastliðnum árum að fá okkar sjónarmið í gegn og við viljum gjarnan fræða stjórnvöld og leyfa þeim að hafa af okkur gagn,“segir Skúli sem segir markmiðin í dag snúast mikið um hálendi Íslands. „Skipulag á hálendinu er í töluverðri umfjöllun. Við þurfum að fylgjast vel með þessari umræðu og reyna að koma okkar sjónarmiðum að. Sameiginleg sjónarmið SAMÚT er að það sé sjálfsagt að hafa skipulagsmál í lagi. Enda viljum við ekki sjá neina kaós né óreiðu á hálendinu. Hins vegar er svo sérstakt að hafa þetta frelsi í náttúrunni sem við höfum á Íslandi að það er mikilvægt að halda því. Forðast boð og bönn svo framarlega sem náttúrunni sé ekki ógnað og halda áfram að deila náttúrunni með mismunandi hópum og njóta hennar saman,“ segir Skúli.

**rh@frettabladid.is**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Bára Valdís Pálsdóttir**

lengst af til heimilis á Sunnubraut 16, Akranesi,

lést sunnudaginn 27. apríl á dvalarheimilinu Höfða á Akranesi. Jarðarförin auglýst síðar.

| | |
|---|---|
| **Margrét Valtýsdóttir** | **Arnar Halldórsson** |
| | **Ármann Sigurðsson** |
| **Díana Bergmann Valtýsdóttir** | **Viktor Björnsson** |
| **Benedikt Valtýsson** | **Jóna Sigurðardóttir** |
| **Kristrún Valtýsdóttir** | **Erlingur Þ. Guðmundsson** |

**ömmubörn, langömmubörn og langalangömmubörn.**



*Okkar ágæta*

**Þorbjörg Finnbogadóttir**

húsmæðrakennari, Víðilundi 20, Akureyri,

er látin. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 5. maí kl. 13.30.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Jónas Finnbogason.**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Regína L. Rist**

lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ mánudaginn 28. apríl sl.

| | |
|---|---|
| **Óttar Guðmundsson** | **Gíslunn Jóhannsdóttir** |
| **Kristín G. Ísfeld** | **Haukur Ísfeld** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**

## AFMÆLI



**KIRSTEN DUNST LEIKKONA**
er 26 ára.



**JANE CAMPION KVIKMYNDALEIKSTJÓRI**
er 54 ára.



**KARL GÚSTAF SVÍAKONUNGUR**
er 62 ára.



**WILLIE NELSON TÓNLISTARMAÐUR**
er 75 ára.



**BLAÐBERI MÁNAÐARINS:** BJARKI SÖRENS MADSEN

# *Fínasta heilsurækt*

**Nafn:** Bjarki Sörens Madsen
**Aldur:** 18 ára
**Skóli:** Verslunarskóli Íslands
**Hverfi sem borið er út í:** Heiðargerði, virka daga og um helgar
**Hver er maðurinn?** Íþróttastrákur sem spilar á gítar og hlustar á tónlist.
**Lestu Fréttablaðið?** Já á hverjum degi.
**Ertu í þessu fyrir hreyfinguna eða launin?** Hvorutveggja
**Ertu einn að bera út eða ertu með aðstoðarmenn?** Mamma hjálpar mér stundum
**Hver voru viðbrögð þín þegar þér var tilkynnt um vinninginn?** Stoltur
**Hvað er það skemmtilegasta við blaðberastarfið?** Einu sinni brá mér svakalega við það að sjá mann í glugga vera að gretta sig …
**Hefur þú áður hlotið verðlaun fyrir útburðinn?** Já ég hef unnið bíómiða og fengið jólagjafir frá Pósthúsinu.
**Áhugamálin þín:** Tónlist og íþróttir.
Pósthúsið þakkar Bjarka fyrir ánægjulegt og gott samstarf í gegnum árin, en Bjarki hefur starfað hjá Póshúsinu í 6 ár, og óskum við honum til hamingju með nafnbótina Blaðberi mánaðarins hjá Pósthúsinu.

# Koma svo – allir með!

Árleg hreinsunarvika á Seltjarnarnesi undir slagorðunum: Koma svo – Allir með! hefst föstudaginn 2.maí næstkomandi.

Þessa vikuna eru bæjarbúar hvattir til að láta hendur standa fram úr ermum og huga að sínu nánasta umhverfi og opnum svæðum. Allt telur, hvort um er ræða að sópa, spúla, mála, klippa – allt virkar þetta sem hvatning á nágrannana. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá Seltjarnarnesbæ.

Vaskir starfmenn áhaldahúss Seltjarnarness munu í hreinsunarvikunni fjarlægja garðaúrgang og afklippur í knippum sem settar hafa verið við lóðamörk. Einnig kemur fram að einungis verður fjarlægt það sem áður er upptalið, en ekki almennt rusl og úr sér gengin tæki. Þeim sem þurfa að farga slíku er bent á næstu móttökustöð Sorpu. Í vikunni verður svo borinn í hús umhverfisvæn sumarglaðningur frá umhverfisnefnd Seltjarnarness.

Nánari upplýsingar má sjá á: www.seltjarnarnes.is.



**HREINT OG FÍNT** Árleg hreinsunarvika á Seltjarnarnesi hefst næstkomandi föstudag.

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Auður Guðjónsdóttir**
Lyngholti 14e, Akureyri,

lést að kvöldi sunnudagsins 27. apríl á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju miðvikudaginn 7. maí kl. 13.30.

| | |
|---|---|
| Valborg María Stefánsdóttir | Gunnlaugur Konráðsson |
| Guðrún Stefánsdóttir | Anton Pétursson |
| Sigrún Svava Stefánsdóttir | Hjörtur Sigurðsson |
| Stefán Auðunn Stefánsson | Hugrún Stefánsdóttir |
| Hugrún Stefánsdóttir | Evert Sveinbjörn Magnússon |
| Guðjón Stefánsson | Edda Friðfinnsdóttir |
| Garðar Hólm Stefánsson | Guðrún Ágústa Ágústsdóttir |

barnabörn og barnabarnabörn.

---



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Hjalti Þórarinsson**
fyrrverandi yfirlæknir og prófessor,
Laugarásvegi 36, Reykjavík,

andaðist á Hjúkrunarheimilinu Sóltúni að kvöldi dags 23. apríl. Verður jarðsunginn frá Langholtskirkju, mánudaginn 5. maí klukkan 15.00.

Alma Anna Þórarinsson (Thorarensen)

| | |
|---|---|
| Þórarinn Hjaltason | Halla Halldórsdóttir |
| Oddur Carl Hjaltason | Ingibjörg Jakobsdóttir |
| Sigríður Hjaltadóttir | Þórir Ragnarsson |
| Gunnlaug Hjaltadóttir | |
| Hrólfur Hjaltason | |

barnabörn og barnabarnabörn.

---



*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sigríður Ingimarsdóttir**

lést á gjörgæsludeild LSH í Fossvogi aðfaranótt mánudagsins 28. apríl. Jarðarförin fer fram frá Langholtskirkju mánudaginn 5. maí kl. 13.00.

| | |
|---|---|
| Guðrún Vilhjálmsdóttir | Pétur Björnsson |
| Árni Vilhjálmsson | |
| Guðbjörg Vilhjálmsdóttir | Torfi Tulinius |
| Arinbjörn Vilhjálmsson | Margrét Þorsteinsdóttir |
| Þórhallur Vilhjálmsson | Glenn Barkan |

börn og barnabörn.

---



*Okkar ástkæri*

**Jósef Halldórsson**
byggingarmeistari, Dvalarheimilinu Sunnuhlíð, Kópavogi,

andaðist mánudaginn 28. apríl 2008. Jarðarförin auglýst síðar.

Börn, stjúpbörn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.

---



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur hlýju og vinarhug við andlát og útför elskulegrar móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Brynhildar Haraldsdóttur**
Mýrargötu 20, Neskaupstað.

| | |
|---|---|
| María Hjálmarsdóttir | |
| Konráð Hjálmarsson | Arndís Kristinsdóttir |
| Ragnhildur Hjálmarsdóttir | Benedikt Sigurðsson |

börn og barnabörn.

---



*Þökkum innilega öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Hólmars Finnbogasonar**
Frostafold 44, Reykjavík,

sem lést 6. apríl. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki líknardeildar Landspítalans í Kópavogi og hjúkrunarþjónustu Karitas ehf. fyrir kærleiksríka umönnun og hlýhug.

| | |
|---|---|
| Karitas Magný Guðmundsdóttir | |
| Íris Hildigunn Hólmarsdóttir | Gerald Leonard |
| Rut Hólmarsdóttir | Morten Wenneberg |
| Halla Björk Hólmarsdóttir | Ríkharður Örn Ríkharðsson |
| Jóna Brynja Hólmarsdóttir | |
| Heimir Örn Hólmarsson | Þórunn Karólína Pétursdóttir |

barnabörn og barnabarnabörn.

---



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Steinunn Jósefsdóttir**
Dvalarheimilinu Höfða, Akranesi, áður Deildartúni 5,

andaðist þriðjudaginn 22. mars. Útförin fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 2. maí kl. 14.00.

| | |
|---|---|
| Adda Ingvarsdóttir | Viðar Karlsson |
| Elsa Ingvarsdóttir | Böðvar Jóhannesson |
| Ellert Ingvarsson | Svanhildur Kristjánsdóttir |

og ömmubörn.

---



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Bryndís Ingibjörg Einarsdóttir**
áður til heimilis að Vesturbrún 28,

sem andaðist á Hjúkrunarheimilinu Skjóli þann 25. apríl sl. verður jarðsungin frá Áskirkju föstudaginn 2. maí kl. 11.00.

| | |
|---|---|
| Sigríður Þorsteinsdóttir | Eggert Ó. Antonsson |
| Þórunn Guðrún Þorsteinsdóttir | Eiríkur Hreinsson |
| Valdimar Friðrik Þorsteinsson | Sesselja Jónsdóttir |

og barnabörn.

---



*Elskulegur faðir minn, tengdafaðir, afi, fósturfaðir, fv. sambýlismaður, mágur og bróðir,*

**Sturla Björnsson**
Kyrkegårdsvägen 81, Enskede Stockholm,

lést á sjúkrahúsinu Dalen Stockholm fimmtudaginn 24. apríl.

| | |
|---|---|
| Björn Halldór Sturluson | Hannah Linderoth |
| Ina My Esther Björnsdóttir | |
| Birgir Leifur Jónsson | |
| Ægir Sigurbjörn Jónsson | |
| Carlotta Björk Leifsdóttir | |
| Hreinn Björnsson | Sigríður Sigtryggsdóttir |
| Þorsteinn Björnsson | Guðrún Halldórsdóttir |
| Sveinbjörn Björnsson | Ólína Geirsdóttir |

---


**Legsteinar**
í miklu úrvali



REIN
Steinsmiðja
• Viðarhöfða 1
• 110 Reykjavík
• ☎ 566 7878
• Netfang: rein@rein.is







## STUÐ MILLI STRÍÐA Líf annarra

**MIKAEL MARINÓ RIVERA** SKRIFAR UM AÐ FLÆKJAST INN Í LÍF ANNARRA



Allir geta flækst inn í líf ókunnugra. Hvar og hvenær sem er getur maður dottið inn í samræður manna sem koma manni ekkert við en það er ekkert annað í boði en að þurfa að hlusta. Biðraðir eru vettvangur þar sem hvað auðveldast er að lenda í þessu kringumstæðum.

Nýlega stóð ég í langri röð í matvöruverslun og aðeins einn starfsmaður var að sinna þeim stóra hópi sem var í röðinni. Skyndilega snýr maður sér við framar í röðinni og kallar: „Nei, Siggi minn, blessaður og sæll,“ og allan tímann horfir hann á mig eins og við ættum að þekkjast. En svo heyrist svarað fyrir aftan mig: „Nei, sæll Jói minn, hvað er að frétta?“ Áfram halda vinirnir að spjalla um daginn og veginn og á milli þeirra stend ég ráðalaus og hugsa hvernig ég geti komið mér burt frá samræðunum.

Ég móttek það að Siggi vonaðist til að geta selt íbúðina sína fljótlega og að Jói sé á kafi í prófum og vildi mest af öllu ná að útskrifast. Mig langaði að hvetja Jóa til þess að gefast ekki upp í prófunum og gefa í og segja Sigga að ef hann lækkaði verðið á íbúðinni myndi hann auðveldlega selja hana. Áfram héldu félagarnir Siggi og Jói að spjalla og ég uppfræddist alltaf meira og meira um líf þeirra sem þeir deildu svo skemmtilega með mér. Ég ákvað bara að halda kjafti og segja ekki neitt, brosti bara vinalega og bað til Guðs að þeir færu nú að hætta þessu. Loks fékk Jói afgreiðslu og annar starfsmaður kom hlaupandi og opnaði næsta kassa sem ég hljóp að. Þeir félagar kvöddust með handabandi og mig langaði að kveðja þá, en fannst það óviðeigandi. Ég sem vissi svo mikið um þá félaga gat ekki annað en hugsað til þess og vonað að Siggi næði að selja íbúðina sem fyrst og að Jói útskrifist með stæl í maí úr skólanum.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Kjölturakkar** — Eftir Patrick McDonnell




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






CHANEL DAGAR Í HAGKAUPUM 1.- 7. MAÍ
Kringlunni, Holtagörðum og Smáralind

HAGKAUP
Ein ferð betra verð




**1.070** kr/kg. áður 1.783 kr/kg.
Goða grísakótilettur - bakki




**999** kr/kg.
Goða lambalæri sagað - frosið




**69** kr/ltr. áður 119 kr/ltr.
Vitan safar




**99** kr/pk. áður 198 kr/pk.
Nettó samlokurauð




**99** kr/ltr.
Kjörís - vanillu og súkkulaði

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda 30. apríl til 4. maí eða á meðan birgðir endast
www.netto.is




## Úrval af indverskum vörum frá Patakas




**365** kr/kg. áður 729 kr/kg.
Ísfugl lausfrystir leggir

netto
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

# Íslenskar og ítalskar aríur

Fjórðu tónleikar ársins í hádegistónleikaröð Hafnarborgar, menningar- og listastofnunar Hafnarfjarðar, fara fram á morgun á slaginu kl. 12. Þar koma fram þau Antónía Hevesi píanóleikari og Kolbeinn J. Ketilsson tenór og flytja nokkrar vel valdar íslenskar og ítalskar aríur.

Hádegistónleikar í Hafnarborg hafa verið reglulegur viðburður í menningarlífi Hafnarfjarðar síðan árið 2003 og eru hugsaðir sem tækifæri fyrir fólk sem vinnur í bænum til að njóta tónlistar í hádegishléi sínu. Sú hugmynd á varla við á morgun, á sjálfum frídegi verkalýðsins, en það er að sjálfsögðu alveg tilvalið að hlýða á fagra tóna í flutningi Kolbeins og Antoníu áður en þrammað er af stað í kröfugöngu. Tónleikarnir eru í boði Hafnarborgar og því er aðgangur að þeim ókeypis og öllum opinn á meðan húsrúm leyfir.

Frá upphafi hefur píanóleikarinn Antonía Hevesi verið listrænn stjórnandi hádegistónleikaraðarinnar og hefur sem slíkur haft frjálsar hendur við val á þeim listamönnum sem fram koma á tónleikunum.



**KOLBEINN KETILSSON OG ANTONÍA HEVESI** Flytja íslenskar og ítalskar aríur í Hafnarborg á morgun.

Óperuunnendur ættu að taka þessu tækifæri til að hlýða á Kolbein fagnandi, enda er það ekki á hverjum degi sem hann kemur fram hérlendis. Hann tók þó þátt í uppfærslu Íslensku óperunnar á Ariadne auf Naxos eftir Richard Strauss nú í haust og vakti þar mikla lukku í hlutverki Bacchusar. - vþ

# Listamenn taka lögreglustöð

Ansi hreint áhugaverð myndlistarsýning verður opnuð í kvöld kl. 20 í gömlu lögreglustöðinni að Auðbrekku 10 í Kópavogi. Hópurinn sem stendur að sýningunni kallar sig Art 11 og hefur sýningin hlotið hið fremur róttæka nafn Hústaka.

Sýningin, ásamt opinni vinnustofu Art 11, er bæði liður í Kópavogsdögum, sem standa yfir nú um helgina, sem og Sjónlistadegi SÍM sem er á morgun, 1. maí.

Hústakan verður sett upp sem fjögur verkefni. Á þriðju hæð verða átta aðskildar einkasýningar í gömlum skrifstofum hússins. Á annarri hæð verður samsýning fimm kvenna þar sem unnið verður með hálfniðurrifin húsakynni. Á jarðhæð býður Art 11 þeim Bjarna Þór Péturssyni og Bjarna Sigurbjörnssyni að vinna með sitt hvort verkið í aðskildum rýmum með lauslegri tengingu. Bjarni Sigurbjörnsson setur upp endurvinnslu á verkinu Skíramyrkri sem hann vann í samvinnu við Harald Karlsson myndlistarmann árið 2005 og sýnt var í Hafnarborg. Við endurvinnsluna varð Skíramyrkur að Niðabirtu sem er heiti sýningar hans.

Sýningin Hústaka og opin vinnustofa Art 11 verða aðgengilegar almenningi á milli kl. 14 og 17 dagana 1.- 4. maí. - vþ



**HÚSTÖKUFÓLK** Nokkrar þeirra myndlistarkvenna sem standa að Art 11 hópnum.


KRINGLU KRÁIN
Upplyfting í kvöld
Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is
Þjóðleikhúsið um hel(l)gina



Ástin er diskó, lífið er pönk e. Hallgrím Helgason
frumsýn. fim. 1/5 uppselt
sýn. fös. 2/5 uppselt
Sá ljóti e. Marius von Mayenburg
sýn. fös. 2/5 örfá sæti laus
Sólarferð e. Guðmund Steinsson
sýn. lau. 3/5 örfá sæti laus. Síðasta sýning!
Engisprettur e. Biljana Srbljanovic
sýn. sun 4/5 örfá sæti laus. Síðustu sýningar
Vígaguðinn e. Yasminu Reza
sýn. lau. 3/5 örfá sæti laus. Síðasta sýning!



Stofnaður 1952
Skólaárið 2008 – 2009
Inntökupróf
Listdansskóli Íslands hefur viðurkenningu menntamálaráðuneytisins sem einkaskóli á framhaldsskólastigi.
Nám við Listdansskóla Íslands er samkvæmt aðalnámskrá á grunn- og framhaldsstigi
Skólinn er rekinn af Dansmennt ehf, sem er í eigu Listaháskóla Íslands

Listdansskóli Íslands
Grunnskóladeild nemar fæddir 1999: Laugardaginn 3. maí, kl 15:00
Eldri nemendur mega mæta í prufutíma 25. ágúst – 15. september 2008
Forskóli nemar fæddir 2000 – 2003 Skráning hefst 1. september
Ath. Ekki eru teknir inn nýjir grunnskólanemendur eftir 15. september
Staður: Engjateigur 1 105 Reykjavík
Nánari upplýsingar: www.listdans.is 588 91 88

# „HEILMIKIÐ FYRIR PENINGINN"

– M.K. MBL

# HVER$ VIRÐI €R ÉG?

## NÝ OG FÁRÁNLEGA SKEMMTILEG SÝNING UM FJÁRMÁL ÍSLENDINGA!

Fyrst var það Hellisbúinn, síðan Pabbinn og nú er það **HVERS VIRÐI ER ÉG?** Óborganlega fyndin sýning Bjarna Hauks Þórssonar um fjármál Íslendinga. Frábær sýning í leikstjórn Sigurðar Sigurjónssonar.

★★★★ „Frábær sýning. Bjarni fer á kostum í vel pældum sprettum"
– **Logi Ólafsson**

„Fyndinn maður um fjármál"
– **P.B.B. Fréttablaðið**



DYNAMO REYKJAVIK

### SÝNINGAR

| Í SALNUM, KÓPAVOGI | | | |
|---|---|---|---|
| Fös | 2/5 | Örfá sæti laus | kl. 19 |
| Fös | 2/5 | Örfá sæti laus | kl. 21 |
| Lau | 3/5 | Örfá sæti laus | kl. 20 |
| Lau | 3/5 | | kl. 22 |
| Fös | 16/5 | | kl. 19 |
| Fös | 16/5 | | kl. 21 |
| Lau | 17/5 | Örfá sæti laus | kl. 19 |
| Lau | 17/5 | | kl. 21 |
| **LEIKFÉLAG AKUREYRAR** | | | |
| Fös | 23/5 | | kl. 19 |
| Lau | 24/5 | | kl. 21 |

Auktu ánægju þína með **fjárhagslegri heilsu**

**Fjárhagsleg heilsa**

„Þetta er ein skemmtilegasta sýning sem við hjónin höfum séð í mörg ár, við ætluðum aldrei að geta hætt að hlæja af atriðinu þegar Bjarni gerði grín að... ".
**– Gulli Helga.**

„Bráðfyndinn sparnaðarboðskapur og hressandi sýn á fjármálin"
**– Magnús Árni Skúlason,** hagfræðingur.

„...sýning fyrir alla aldurshópa"
**– P.B.B.** Fréttablaðið

## Sýnt í Salnum Kópavogi og hjá Leikfélagi Akureyrar

**Miðasala** hjá Salnum í síma **5700 400**, Leikfélagi Akureyrar í síma **4600 200** og á **midi.is.** Miðaverð **2.000 kr.** Viðskiptavinir Byrs fá **50% afslátt** á allt að 5 miðum ef keypt er í miðasölunni í Salnum eða hjá Leikfélagi Akureyrar.

**ATH!** Takmarkaður sýningafjöldi. **Komdu og sjáðu allt um fjármálin í nýju ljósi.**

TP THORSSON PRODUCTIONS

BYR SPARISJÓÐUR

> GÓÐIR VINIR



Victoria Beckham hefur fengið tilboð frá góðvini sínum Tom Cruise um að sjá um búninga fyrir hann sjálfan og Ben Stiller í væntanlegri Hardy Boys-kvikmynd þeirra. Frú Beckham, sem ræður að því öllum árum að verða stórt nafn í tískuheiminum, ku vera afar spennt fyrir tilboðinu, enda yrði nafns hennar getið á kreditlista kvikmyndarinnar.

# Fólk

folk@frettabla[did.is]

# Ítalskir segja Yosoy jaðra við grótesku

Skáldsagan Yosoy eftir Guðrúnu Evu Mínervudóttur kom nýverið út á ítölsku hjá forlaginu Scritturapura. Hafa þegar birst dómar um bókina, uppfullir lofi og prísi, samkvæmt upplýsingum frá Forlaginu, útgefanda Guðrúnar Evu. Yosoy er nýjasta skáldsaga Guðrúnar Evu. Hún kom út árið 2005 og hlaut Menningarverðlaun DV það árið. Forlagið hefur haft vakandi auga með viðtökunum ytra en víða hefur verið fjallað um bókina í fjölmiðlum: Bókmenntasíðan www.puralanadivetro.com telur að þarna sé á ferðinni „margslungin saga sem jaðri við hið gróteska“. World Press vitnaði jafnframt í einn lesanda sinn sem líkti bókinni við verk Coetzee og Lowry í umfjöllun sinni um mannlega þjáningu. Gagnrýnandi Tifeo telur bókina „mjög metnaðarfullt verk, einstaklega vel skrifað, sem í fyrstu gæti virst torlesið en vald höfundar á textanum sé í raun slíkt að flókin hugtök skili sér til lesandans áreynslulaust í gegnum orðfagra og blæbrigðaríka frásögn“.

Yosoy hefur verið seld til Danmerkur og eru fjölmargir útgefendur að skoða verk hennar. Þá kom út þýðing á smásagnasafni Guðrúnar Evu, Á meðan hann horfir á þig ertu María mey, hjá Zulma-útgáfunni í Frakklandi.

- jbg



**GUÐRÚN EVA** Bók hennar Yosoy vekur athygli meðal ítalskra gagnrýnenda.

# Bosníumenn átu hænuna

Söngkonan Severina lenti í 13. sæti í Eurovision-keppninni árið 2006. Nú hefur hún snúið aftur með nýtt lag sem ætti að höfða til okkar Íslendinga því það heitir „Gas, gas“. Lagið verður á stórri plötu sem kemur út í maí. „Gas, gas“ er eftir Íslandsvininn Goran Bregovic eins og önnur lög á plötunni. Króatar taka þátt í keppninni í 16. skipti í ár og tefla fram gömlum körlum með huggulegt og þjóðlegt popp. Besti árangur Króata er fjórða sæti, því náðu þeir árin 1996 og 1999. Króatar eru í okkar riðli, 22. maí.

Í okkar riðli er einnig söngkonan Ani Lorak sem syngur „Shady Lady“ fyrir Úkraínu. Lagið þykir all sigurstranglegt, er í fimmta sæti í kosningu júrónörda og því sjötta hjá veðbönkunum. Ani er mikil díva og ferðast nú um Evrópu til að kynna lagið. Hún segir það feminískan óð um sterka konu sem vill ekki standa í skugga karlmanna.

Á fyrra úrslitakvöldinu tefla Bosníumenn fram stórskrítnu lagi. Það er flutt af söngvaranum Laka og upphaflega stóð til að lifandi hæna yrði á sviðinu. Reglur keppninnar banna það og hænan hefur nú verið étin. Laka segist ekki hafa verið mikill Eurovision-maður hingað til. „Maður slökkti nú bara á hljóðinu þegar þetta kom í sjónvarpið og setti Radiohead á,“ segir hann. „En eftir Lordi hefur allt breyst. Eftir 11. september og Lordi hefur allt breyst. Í heiminum og Eurovision.“



**BÚIN AÐ ÉTA HÆNUNA** Hinn bosníski Laka með Mirelu sem syngur með honum.

Eurovision **22 DAGAR TIL STEFNU**



**ÓSÁTT Í MIÐBORGINNI** Elín G. Gunnlaugsdóttir og Guðmundur Halldórsson krefjast aðgerða. Íbúar í miðborginni búa við hávaða, slagsmál, skemmdir og sóðaskap við heimili sín um helgar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Úttaugaðir íbúar miðborgarinnar

**Skiptar skoðanir eru um opnunartíma skemmtistaða í miðborginni. Elín G. Gunnlaugsdóttir býr í miðbænum og vill stytta opnunartímann.**

„Við höfum verið að tala okkur saman, íbúar á svæðinu, og viljum taka á þessum málum. Enda erum við í sjálfheldu og getum varla sofið á næturnar,“ segir Elín G. Gunnlaugsdóttir arkitekt.

Fréttablaðið greindi frá áhyggjum Kormáks Geirharðssonar, veitingamanns á Ölstofunni, fyrir skömmu en hann telur borgaryfirvöld og lögreglu vinna að því leynt og ljóst að stytta opnunartíma veitingastaða. Hann og fleiri vertar veitingastaða í miðborginni eru nú að keyra á bráðabirgðaleyfi. Kormákur telur einsýnt að eftir bann við reykingum inni á knæpum hafi ástandi í miðborginni hrakað til mikilla muna. Kormákur telur það hæpna lausn mála að vilja stytta opnunartíma – eða muna menn ekki hvernig staða mála var áður en opnunartími var rýmkaður?

Elín er hins vegar ein þeirra íbúa miðborgarinnar sem eru búnir að fá alveg nóg af látum þeim sem fylgja næturlífi Reykjavíkurborgar. Áhyggjur þeirra lúta að því hvernig opnunartíma er háttað. Þeir segja ástandið einfaldlega orðið algerlega óþolandi og við það verði ekki búið lengur. Íbúar sjá jafnframt fram á að ástandið muni versna til mikilla muna með hlýnandi veðri. Elín segir að eftir að reykingabannið komst á sé fólk úti langt fram eftir nóttu. Íbúum þykir skjóta skökku við að samkvæmt reglum má ekki vera úti með veitingar eftir klukkan tíu á kvöldin né eftir miðnætti um helgar. En veitingastaðirnir brjóti, eðli málsins samkvæmt, þessa reglu. Allar dyr standi þar opnar og fólk rápi inn og út með viðeigandi skvaldri og hávaðinn af tónlist berst þannig auðveldlega út. Og sannarlega er frásögn Elínar líkt og úr hryllingsmynd.

„Fyrir utan sóðaskapinn, en það er pissað fyrir utan dyrnar hjá okkur (og í undirgangi) og brotnar flöskur eru við hús okkar á hverjum einasta morgni og um helgar, þá hafa bílar, sem standa bak við húsið, verið skemmdir þegar slagsmál hafa brotist út. Þegar opnunartíminn er þetta langur, eða til 6.30, er fólk oft orðið illa ölvað og er sjálfu sér og öðrum hættulegt. Þetta er algjört ófremdarástand. Við höfum fengið menn frá umhverfissviði Reykjavíkurborgar til að hávaðamæla og samkvæmt niðurstöðum þeirra mælinga þá fer hávaðinn yfir öll leyfileg mörk. Þetta er eins og að vera staddur á miðri útihátíð. Bassabylgja frá einum staðanna fer í gegnum húsin þannig að ekki er nokkur leið að sofa,“ segir Elín. Hún talar um átthagafjötra. Vilji fólk selja eignir sínar verði það að taka á sig mikla verðrýrnun á húsum sínum og íbúðum því ekki er leynt að fasteigninni fylgir mikill hávaði. „Íbúar vilja að farið sé að settum reglum er varða hávaðamengun og að sú starfsemi sem nú er þegar til staðar sé í sátt við umhverfi sitt. Því er mikilvægt að breyta opnunartíma umræddra skemmtistaða. Það sé réttur þeirra íbúa sem búa í miðbænum að lífsgæði þeirra verði ekki skert og að eignir rýrni ekki í verði vegna breyttra umhverfisþátta eins og raunin er orðin.“

jakob@frettabladid.is


VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK




Miele

Miele S381 Tango Plus 1800W mótor

**Meðal fáanlegra fylgihluta:**
Hepafilter: Hreinsar loftið af ofnæmisvaldandi efnum.
Kolafilter: Hreinsar óæskilega lykt. Góður fyrir gæludýraeigendur.
Parketbursti: Skilar parketinu glansandi.

**Miele ryksugur**

Miele ryksugurnar eru traustar og kraftmiklar. Þær eru með stillanlegu röri og úrval fylgihluta er innbyggt í vélina.

**TILBOÐ kr.: 18.900**

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Baldursnes 6, Akureyri | Sími 588 0200 www.eirvik.is

vilborga@centrum.is


BÍLDSHÖFÐI
SKIPHOLT
TRYGGVAGATA
HAFNARFJÖRÐUR
KÓPAVOGUR
STOFA 53
HEAVY SPECIAL
AMERICAN STYLE
Með beikon, osti, gúrku,
lauk, papriku, iceberg,
sósu, frönskum og Coke

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| MADE OF HONOUR | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | |
| MADE OF HONOUR LÚXUS | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | |
| IRON MAN | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| STREET KINGS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| BUBBI BYGGIR Í VILLTA VESTRINU | kl. 4 | |
| 21 | kl. 10 | 12 |
| SUPERHERO MOVIE | kl. 4 - 6 - 8 | 7 |
| HORTON | kl. 3.45 ÍSLENSKT TAL | |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| MADE OF HONOUR | kl. 6 - 8.20 - 10.35 | |
| THE RUINS | kl. 8 - 10 | 16 |
| TROPA DE ELITE | kl. 5.30 - 8 - 10.20 ENSKUR T | 16 |
| FORGETTING SARA MARSHALL | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 ENSKUR TEXTI | 7 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| MADE OF HONOUR | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | |
| STREET KINGS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| AWAKE | kl. 10 | 16 |
| 21 | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 - 8 ÍSLENSKUR TEXTI | 7 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| MADE OF HONOUR | kl. 8 - 10 | |
| STREET KINGS | kl. 10 | 16 |
| FORGETTING SARA MARSHALL | kl. 8 | 12 |
| BUBBI BYGGIR Í VILLTA VESTRINU | kl. 6 | |
| SUPERHERO MOVIE | kl. 6 | 7 |

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI — AUKAKRÓNUR


# Hiti í hipphoppheimum

**Það ríkja ekki miklir kærleikar í íslenska rappheiminum um þessar mundir. Poetrix og Móri hafa sagt Rottweiler hundléleg sellát. Þótt Móri sé sammála Poetrix um gæði Rottweiler segir hann Poetrix vera fífl fyrir að setja kannabis í sama flokk og hörð fíkniefni. Móri er sem kunnugt er stuðningsmaður þess að kannabis sé lögleitt og rak á tímabili síðuna cannab.is.**





**STORMUR Í VATNSGLASI**
Skot ganga nú á milli manna í rappheiminum í Reykjavík. Poetrix, uppi til vinstri, segir Rottweilerhunda vera sellát. Bent, til hægri, segir rappstríðið vera storm í vatnsglasi. Móri, niðri til vinstri, gagnrýnir bæði Rottweiler og Poetrix.

„Þetta er heimskuleg þröngsýni í honum og mér finnst þessi plata hans bara vera einn stór heilaþvottur frá AA-samtökunum," segir Móri um Poetrix. Móri er að gefa út lagið „Í kvöld" sem svarar boðskap Poetrix. Lagið er forsmekkurinn að annarri stóru plötu Móra sem væntanleg er fyrir jólin.

„Mér gæti ekki verið meira skítsama um það í hvaða flokk kannabisefni fara," segir Poetrix. „Ég er tónlistarmaður, ekki efnafræðingur. Annars alltaf gaman að heyra í honum Móra. Búinn að sakna hans. Ég er búinn að tala við Þórarin Tyrfings fyrir hann og redda honum plássi um leið og hann vill."

Móri vill meina að skot hans á Rottweilerhunda séu hluti af langvarandi gríni á milli hans og Erps. „Og ég verð að taka það fram að nýja lagið þeirra „Reykjavík Belfast" hittir beint í mark. Þeir eiga virðingu og lof skilið fyrir það," segir Móri, fullur sáttahugar.

Rottweilerhundurinn Bent segir meintan hita í hipphoppheimum storm í vatnsglasi. „Mér finnst steikt að menn þurfi bara að segja eitthvað slæmt um Rottweiler til að fá fleiri viðtöl við sig í blöðunum en selda diska," segir hann. „Ég meina, þetta eru artistar sem selja fimmtán diska og fá kannski tíu manns á útgáfutónleikana sína. Þetta minnir mig einna helst á það þegar Jójó, Johnny King og alls konar jólasveinar komust nýlega í fyrsta skipti í blöðin fyrir það eitt að níða skóinn af Bubba Morthens."

Poetrix vísar þessari gagnrýni á bug. „Platan mín er búin að vera á Topp 20 lista Skífunnar síðan hún kom út þannig að þetta er bara örvæntingarfull tilraun til að beina umræðunni frá því að þeir hafa ekki gert neitt nýtt og ferskt síðustu tíu árin nema að setja nafnið mitt í byrjunina á „Þér er ekki boðið". Þeir eru algjörar dramadrottningar. Fara bara að grenja í hvert skipti sem þeir eru gagnrýndir. Og þeir sem byrjuðu ferilinn á því að rífa kjaft."

Bent segir að nær væri að eyða plássi í nýja lagið „Reykjavík Belfast" í staðinn fyrir að eltast við raus í pirruðum röppurum. Hann segir lagið dæmi um þá vinnsluaðferð sem koma skal. „Netið drap plötuna og það meikar miklu meiri sens að henda út einu og einu lagi. Svo safnast þetta saman og þá getur alveg verið komin ástæða til þess að gefa út plötu." „Reykjavík Belfast" má nú sækja á Myspace-síðu Hundanna.

gunnarh@frettabladid.is


Nýtt í bíó — LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| IRON MAN - POWER | kl. 5.30, 8 og 10.30 | 12 |
| FORGETTING SARAH MARSHALL | kl. 8 og 10.15 | 12 |
| BUBBI BYGGIR Í VILLTA VESTRINU | kl. 6 - 550 kr. | L |
| DEFINITELY, MAYBE | kl. 8 og 10.15 | L |
| SPIDERWICK CHRONICLES | kl. 6 | 7 |


# Járnmaður í baráttuhug



**KVIKMYNDIR**

**Iron Man**

Leikstjóri: Jon Favreau. Aðalhlutverk: Robert Downey Jr., Jeff Bridges.

★★★★

Frábærlega heppnuð Marvel-ofurhetjumynd. Robert Downey Jr. er frábær í aðalhlutverkinu og myndin gefur góð fyrirheit um bíósumarið.

Vellauðugur og heimsfrægur vopnaframleiðandi, Tony Stark, er tekinn í gíslingu af hryðjuverkamönnum í Mið-Austurlöndum og neyddur til að framleiða vopn fyrir þá. Stark, sem hefur yfirburðakunnáttu og þekkingu á vopnasmíði býr sér í stað þess til búning til að sleppa úr haldi þeirra.

Iron Man kemur úr hugarheimi myndasögugoðsins Stan Lee og félaga hjá útgáfurisanum Marvel. Iron Man er kannski ekki þekktasta Marvel-ofurhetjan en engu að síður hefur Iron Man-kvikmyndarinnar verið beðið með mikill eftirvæntingu. Síðastliðin ár hafa ofurhetjumyndir komið á færibandi frá draumasmiðjunni og hafa þá einna helst Spider-Man 2, X2 og Batman Begins staðið upp úr flórunni. Menn eru að ná betri og betri tökum á því hvernig skuli þróa persónu/r og söguuppbyggingu ofurhetjumynda svo hægt sé að gera vel lukkaða framhaldsmynd.

Í Iron Man fer mikill tími í að byggja upp persónuna og hans hvatningu til dáða, en líkt og Batman er Tony Stark eða Iron Man ekki gæddur neinum ofurhetjukröftum. Stark er afar djúp persóna og er tekið á ýmsum af hans mannlegu göllum, þ.á.m. kvenfyrirlitningu og alkóhólisma. Það þvælist oft fyrir handritshöfundum ofurhetjumynda hvort skuli hafa tvo eða þrjá skúrka, en höfundar Iron Man eru lausir við slíkt hér þar sem einungis einn skúrkur er í myndinni. Þeim tekst vel til við að gera myndina einfalda, hnitmiðaða og fyndna, sem gerir hana afar auðmelta og betri „poppkornsmynd".

Leikstjóri Iron Man er Jon Favreau, sem leikstýrði síðast hinni ágætu Zathura og þar áður Elf, en hann hefur meira vakið sem leikari en leikstjóri. Stíll Favreau er afar góður og missir hann aldrei sjónar af mannlegu hlið myndarinnar eins og oft á tíðum gerist með svona myndir.

Iron Man er svo sannarlega stjörnum prýdd og leiðir Robert Downey Jr. góðan hóp leikara. Downey Jr. kom sterkur inn í Kiss Kiss, Bang Bang og Zodiac og er hér þrusuflottur í hlutverki Starks, og lifir sig vel inn í hlutverkið. Allir töffarataktar og sjálfsánægja Starks mætti halda að væru Downey Jr. meðfædd. Jeff Bridges leikur læriföður Starks, Obadiah Stane, sem er jafnframt óþokki myndarinnar. Bridges er afar trúverðugur og nýtur sín vel í hlutverkinu, þótt stutt sé. Terrence Howard og Gwyneth Paltrow eru einnig góð í minni hlutverkum. Favreau kemur fram í hlutverki bílstjóra/lífvarðar Starks.

Iron Man sver sig í ætt við myndir á borð við Batman Begins, V for Vendetta og X2 sem bestu myndir byggðar á myndasögum, og verður áhugavert að fylgjast með hvort hin væntanlega The Dark Knight (framhaldsmynd Batman Begins) eigi eftir að slá þessari við í sumar. Það má allavega segja að Iron Man opni spennandi og áhugavert bíósumar, og það með stæl.

Vignir Jón Vignisson - Topp5.is





SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| IRON MAN DIGITAL | kl. 5:30D - 8D - 10:40D | 12 |
| IRON MAN | kl. 5:30 - 8 - 10:40 | VIP |
| MAID OF HONOR | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | L |
| DRILLBIT TAYLOR | kl. 5:40 - 8 | 10 |
| IN THE VALLEY OF ELAH | kl. 8 - 10:40 | 16 |
| FORGETTING SARAH... | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| SHINE A LIGHT | kl. 10:40 | L |
| FOOL´S GOLD | kl. 5:40 | 7 |
| UNDRAHUNDURINN M/- ÍSL TAL | kl. 5:40 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| IRON MAN DIGITAL | kl. 6D - ( 9D POWER )-10D | 12 |
| OVER HER DEAD BODY | kl. 5:50 - 8 | 7 |
| P2 | kl. 10:10 | 16 |
| STÓRA PLANIÐ DIGITAL | kl. 6D - 8D | 10 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| IRON MAN | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| FORGETTING SARAH... | kl. 8 | 12 |
| 21 | kl. 10:30 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| IRON MAN | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | 12 |
| DRILLBIT TAYLOR | kl. 6 | L |
| OVER HER DEAD BODY | kl. 8 | 7 |
| THE RUINS | kl. 10 | 16 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| IRON MAN | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| SUPERHERO MOVIE | kl. 8 | L |
| P2 | kl. 10 | 16 |

SparBíó 550kr Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU



SparBíó 550kr miðvikudag og fimmtudag — SAMbio.is SAMBÍÓIN REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS



IRON MAN KL. 5:30 Í ÁLFAB. KL. 6 Í KRINGL. OG KL. 5:40 Á AK

OVER HER DEAD BODY KL. 5:50 Í KRINGLUNNI

MADE OF HONOUR KL. 5:40 Í ÁLFABAKKA

DRILLBIT TAYLOR KL. 5:40 Í ÁLFABAKKA OG KL. 6 Á AKUREYRI

UNDRAHUNDURINN M/ÍSL TALI KL. 5:40 Í ÁLFABAKKA

FOOL´S GOLD KL. 5:40 Í ÁLFABAKKA


Náttúrulega
góði safinn
er kominn í nýjar
umbúðir
Trópí®
NÁTTÚRULEGA HREINN SAFI
Nýjar
umbúðir sem
varðveita
gæðin
betur

**FRÉTTABLAÐIÐ SPÁIR HK 11. SÆTINU Í LANDSBANKADEILD KARLA 2008** — 8. sæti / 12. sæti

**> LYKILMAÐURINN**



**Gunnleifur Gunnleifsson** átti frábært sumar í fyrra og var maðurinn á bak við góðan árangur liðsins á sínu fyrsta ári í efstu deild. Gunnleifur varði flest skot allra markvarða í deildinni og endaði í þriðja sæti í einkunnagjöf Fréttablaðsins. HK þarf á öðru eins tímabili að halda hjá fyrirliða sínum í sumar ef liðið ætlar að ná að halda sér í deildinni.

# Nýr dagur runninn upp

HK var spútniklið síðasta sumars en nú er runninn upp nýr dagur og nýjabrumið er farið af öllu. HK-liðið setti skemmtilegan svip á Landsbankadeildina í fyrra enda leikgleði og baráttuandinn hvergi meiri en hjá HK. Liðið fékk nokkra stóra skelli inn á milli á útivöllum en lifði á góðum árangri á heimavelli sínum þar sem liðið fékk 94 prósent stiga sinna (15 af 16) og skoraði 82 prósent marka sinna (14 af 17).

Jón Þorgrímur Stefánsson skoraði flest mikilvægustu mörkin fyrir HK-liðið í fyrra, en hann hefur nú yfirgefið Kópavogsliðið og spilar með Fram í sumar. Það eru fleiri forföll í liðinu því annað árið í röð missir HK efnilegasta leikmann sinn skömmu fyrir mót. Í fyrra var það Kolbeinn Sigþórsson en nú er Hólmar Örn Eyjólfsson á förum frá liðinu.

HK-ingar hafa styrkt lið sitt mun meira en þeir gerðu fyrir tímabilið í fyrra þegar flestum spekingum þótti forráðamenn liðsins vera kaldir að stökkva út í djúpu laugina með óreynt og ungt lið.

Sá bjartsýni trúir því að HK-liðið ná að byggja ofan á síðasta sumar og fóta sig betur í deildinni. Liðið á að hans mati að geta forðast fallið og nálgast miðja deild ef nýir útlendingar falla vel að leik liðsins.

Sá svartsýni sér ekkert nema fall í spilunum. Annað árið er alltaf mjög erfitt og HK þarf nú að finna sér nýjan mann til þess að skora stóru mörkin í sumar fyrst að Jón Þorgrímur er á bak og burt.



**> X-FAKTORINN**

**Annað árið** hefur oftar en ekki reynst liðum erfitt. Fimm af síðustu sex félögum sem hafa komist upp í úrvalsdeildina í fyrsta sinn hafa fallið niður töfluna á sínu öðru ári og þrjú þeirra hafa fallið úr deildinni.

**HK AÐRIR LYKILMENN**


ÁSGRÍMUR ALBERTSSON


FINNBOGI LLORENS


FINNUR ÓLAFSSON

**GENGI Á VORMÓTUNUM** ■ Sigrar ■ Jafntefli ■ Töp




**GENGI SÍÐUSTU ÁRA** | **2007** 9. Sæti | **2006** 2. Sæti í B-deild | **2005** 7. Sæti í B-deild | **2004** 3. Sæti í B-deild | **2003** 8. Sæti í B-deild | **2002** 1. Sæti í C-deild



**HEIMIR ÖRN** Gæti spilað með ungu og efnilegu FH-liði næsta vetur.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Heimir Örn Árnason:

## Íhugar tilboð frá FH-ingum

**HANDBOLTI** Heimir Örn Árnason liggur enn undir feldi og íhugar framtíð sína. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa nýliðar FH í N1-deildinni gert Heimi freistandi tilboð. Heimir staðfesti það við Fréttablaðið í gær.

„Tilboðið frá FH-ingum var mjög gott. Ég er samt ekkert búinn að ákveða að fara þangað,“ sagði Heimir. Fjöldi félaga hefur haft samband við hann á síðustu dögum en Stjarnan hefur gefið honum leyfi til að tala við önnur lið.

„Ég vil taka mér tíma í þetta og vanda valið. Þetta verður líklega minn síðasti samningur enda sé ég ekki fram á að spila handbolta lengur en í tvö ár í viðbót,“ sagði Heimir Örn. **- hbg**



**Á FÖRUM** Samkvæmt heimildum BBC Sport verður Eriksson rekinn frá City eftir tímabilið. NORDIC PHOTOS/GETTY

Enska úrvalsdeildin:

## Eriksson verður rekinn frá City

**FÓTBOLTI** Samkvæmt heimildum BBC Sport mun Sven-Göran Eriksson, knattspyrnustjóri Manchester City, verða rekinn frá félaginu í lok yfirstandandi keppnistímabils. Thaksin Shinawatra, eigandi City, mun vera óánægður með gengi liðs síns á þessu ári og er sagður hafa tjáð Eriksson á fundi eftir 2-3 tapleik gegn Fulham á Borgarleikvanginum í Manchester um helgina að hann væri ekki rétti maðurinn í starfið.

Eriksson tók við City fimm vikum fyrir fyrsta leik í deildinni, náði frábærum árangri til að byrja með og félagið var til að mynda í þriðja sæti deildarinnar í nóvember, en eftir jól hefur City aðeins unnið fjóra af síðustu fimmtán leikjum og er sem stendur í níunda sæti. **- óþ**

# Scholes skaut United til Moskvu

**Mark Paul Scholes á 14. mínútu nægði Manchester United til sigurs í einvígi sínu gegn Eiði Smára og félögum í Barcelona. Í kvöld ræðst hvort Chelsea eða Liverpool mætir United í úrslitaleiknum í Moskvu 21. maí.**

**FÓTBOLTI** Manchester United sigraði Barcelona 1-0 í seinni leik liðanna á Old Trafford í gærkvöld og tryggði sér þar með farseðilinn í úrslitaleikinn í Moskvu. Í kvöld ræðst hvort mótherji United verður Chelsea eða Liverpool.

Búist var við því að bæði liðin myndu nálgast leikinn af varkárni á Old Trafford í gærkvöld en allt annað var upp á teningnum. Hraðinn var gríðarlega mikill allt frá byrjun þar sem gestirnir í Barcelona náðu að koma United úr jafnvægi á upphafsmínútunum með vel skipulagðri hápressu þar sem Lionel Messi virkaði hættulegur í hvert sinn sem hann fékk boltann. Englandsmeistararnir voru þó ekki lengi að ná takti í leik sinn og þá gerast hlutirnir yfirleitt fljótt fyrir sig á þeim bænum. Eftir tæpan stundarfjórðung braust Cristiano Ronaldo upp vinstri kantinn en mátti ekki við margnum í baráttunni við varnarmenn Barcelona sem náðu þó ekki koma boltanum lengra en beint í lappirnar á Paul Scholes. Refurinn Scholes fékk boltann í sinni uppáhaldsstöðu rétt fyrir utan vítateiginn og var ekki lengi að afgreiða hann upp í hægra markhornið, án þess að Victor Valdes kæmi nokkrum vörnum við.



**HETJAN** Gamli refurinn Paul Scholes stal senunni á Old Trafford í gærkvöld.
NORDIC PHOTOS/GETTY



**SÆLA OG SORG** Leikmenn United fögnuðu dátt í leikslok á Old Trafford í gærkvöld en Eiður Smári sést labba niðurlútur í bakgrunninum.
NORDIC PHOTOS/GETTY

Leikmenn Barcelona voru smá tíma að jafna sig á markinu en eftir það komu ágæt marktækifæri á báða bóga. Deco ógnaði marki United í tvígang með stuttu millibili og Luis Nani var svo nálægt því að bæta við marki fyrir heimamenn en skalli hans rétt missti marks og staðan var 1-0 í hálfleik.

Í upphafi síðari hálfleiks gerði United sig líklegra til þess að bæta við marki heldur en Barcelona að jafna leikinn. Tíminn var að vinna með United sem fór eðlilega að leggja allt kapp á varnarleikinn þegar líða tók á leikinn.

Frank Rijkaard, knattspyrnustjóri Barcelona, reyndi að lífga upp á sóknarleik sinna manna með því að skipta þeim Thierry Henry og Bojan Krkic inn á, en vörn United var föst fyrir.

Eiður Smári Guðjohnsen var svo kynntur til leiks á 88. mínútu og á lokakafla leiksins var boltinn meira en minna inni á vallarhelmingi United þar sem Börsungur reyndu hvað þeir gátu til þess að jafna leikinn og tryggja sér þar með í úrslitaleikinn.

United hélt hins vegar velli og lokatölur urðu 1-0 og í raun vel við hæfi að enginn annar en Scholes hafi skorað sigurmarkið í sínum 100. leik í Meistaradeildinni.

Sigur United er ennfremur tólfti sigur félagsins í röð á heimavelli í Meistaradeildinni sem er met.

Owen Hargreaves, leikmaður United, fór engu að síður fögrum orðum um Barcelona í leikslok.

„Barcelona er frábært lið sem er gaman að horfa á en taktísklega séð vorum við sterkari og leikskipulag okkar í leikjunum tveimur gekk 100% upp,“ sagði Hargreaves. **omar@frettabladid.is**

**Man. Utd-Barcelona 1-0 (1-0)**

1-0 Paul Scholes (14.).

**Lið Man. Utd:** Edwin Van der Sar, Rio Ferdinand, Wes Brown, Patrice Evra (92. Mikael Silvestre), Owen Hargreaves, Paul Scholes (77., Darren Fletcher), Michael Carrick, Luis Nani (77., Ryan Giggs), Cristiano Ronaldo, Ji-Sung Park, Carlos Tevez.

**Lið Barcelona:** Victor Valdes, Gianluca Zambrotta, Carles Puyol, Gabriel Milito, Eric Abidal, Yaya Toure (88., Eiður Smári Guðjohnsen), Lionel Messi, Xavi, Deco, Andres Iniesta (60., Thierry Henry), Samuel Eto'o (72., Bojan Krkic).

Chelsea og Liverpool mætast í seinni leik undanúrslita Meistaradeildarinnar á Stamford Bridge í kvöld:

# Ekki skorað í átta leikjum á Brúnni

**FÓTBOLTI** Chelsea og Liverpool mætast á Stamford Bridge í kvöld í seinni leik liðanna í undanúrslitum Meistaradeildar Evrópu. Fyrri leik liðanna lauk eins og kunnugt er með 1-1 jafntefli á Anfield þar sem John Arne Riise skoraði sjálfsmark á 95. mínútu.

Sjálfsmark Norðmannsins gæti reynst Liverpool dýrkeypt þar sem félaginu hefur gengið einstaklega illa að skora gegn Chelsea á Brúnni eftir að Rafa Benitez tók við sem knattspyrnustjóri og ekki skorað þar í átta leikjum undir stjórn Spánverjans. Málin hafa reyndar þróast þannig að sökudólgurinn Riise gæti fengið uppreisn æru og verður að öllum líkindum í byrjunarliðinu að þessu sinni á kostnað Fabio Aurelio, sem meiddist í fyrri leik liðanna. Benitez gæti reyndar einnig kosið að færa Jamie Carragher í hægri bakvörðinn og vera með Sami Hyypiä og Martin Skrtel sem miðverði og Alvaro Arbeloa í vinstri bakverðinum.

Steven Gerrard, fyrirliði Liverpool, viðurkennir að staða Chelsea sé vænlegri fyrir leikinn í kvöld en hann sé þó engu að síður bjartsýnn.

„Ef ég á að vera raunhæfur viðurkenni ég að Chelsea standur betur að vígi þar sem liðinu hefur vegnað vel á heimavelli sínum undanfarið. Á móti kemur að við höfum sýnt í Meistaradeildinni að við getum unnið hvaða lið sem er á útivelli,“ sagði Gerrard.



**SÖKUDÓLGURINN** Riise fær líklega tækifæri í byrjunarliði Liverpool til þess að bæta fyrir sjálfsmarkið í fyrri leik liðanna. NORDIC PHOTOS/GETTY

Þrátt fyrir gott gengi Chelsea gegn Liverpool á Stamford Bridge er sagan ekki á bandi Lundúnaliðsins þegar komið er í Meistaradeildina þar sem Liverpool hefur slegið Chelsea tvisvar sinnum út í undanúrslitum á síðustu þremur árum og Chelsea hefur aldrei í sögu félagsins komist í úrslitaleikinn.

Það eru hins vegar góðar fréttir fyrir Chelsea að miðjumaðurinn Frank Lampard verður að öllum líkindum með liðinu á ný eftir að hafa misst af leiknum gegn Manchester United um helgina vegna dauða móður sinnar. Þá verður Michael Essien með í kvöld en hann missti af leiknum á Anfield vegna leikbanns. **- óþ**


KOMIN Í VERSLANIR HAGKAUPA
Á BLU-REY OG DVD
WIDESCREEN
NICOLE KIDMAN
SAM ELLIOTT
EVA GREEN
DAKOTA BLUE RICHARDS
AND
DANIEL CRAIG
THE GOLDEN COMPASS
SÉRSTÖK 2 DISKA ÚTGÁFA
THE GOLDEN COMPASS
DVD: 2299 KR.
BLU-REY: 3299 KR
MYNDFORM
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## > Brooke Shields

Leikkonan Brooke Shields á að baki gráðu í frönskum bókmenntum frá Princeton-háskóla. Í frítímum sínum segist hún helst vilja slaka á og semja ljóð. Shields leikur í þáttunum Lipstick Jungle sem Skjár einn sýnir í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: FREYR GÍGJA GUNNARSSON ER DOFINN

# Austurrísk hryllingsmynd

Sakamálaþættir hafa alltaf verið ofarlega í sjónvarps-forgangsröðinni, eða frá því að faðir minn fékk sér kríu á föstudagskvöldum yfir Morse. Það er svo sem skiljanlegt enda Morse það rólegur og yfirvegaður að hann færi létt með að svæfa fíl. Morse fékkst yfirleitt við „hefðbundin“ bresk sakamál þar sem enginn var myrtur á grimmdarlegan hátt, heldur var skotvopni kannski beitt á ótrúan eiginmann eða leynilega frillu hans. Varla sást blóð né marblettir, heldur einungis Morse að dreypa á öllara eða gömlu viskíi.

Ef illskan hefði yfirbugað sakborninginn hefði Morse einfaldlega kallað á Taggart sem var öllu vanur og þoldi vel að sjá illa útleikna líkama og blóði drifna slóð. Enda sofnaði pabbi aldrei yfir Taggart þótt hann hafi alltaf haldið því fram að Morse væri mun betri. Sennilega er það þó vegna þess að Morse gat alltaf svæft hann eftir erfiða vinnuviku.



**JOSEF FRITZL** Hryllingurinn í Austurríki hefur vakið óhug og er mest lesna fréttin um gjörvalla Vestur-Evrópu.

Hinir bresku, miðaldra lögreglumenn hafa nú fengið að víkja fyrir amerískum glamúrgæjum með troðfullt skottið af hvers kyns tækjum og tólum. Auk þess hafa þeir þessa frábæru röntgensjón sem getur numið og greint óhreinindi, blóðblett og jafnvel eitt hár á stangli í stóru svefnherbergi. Grissom og Caine fara þar fremstir í flokki, þykjast vera voðalega töff og röff þegar þeir klöngrast yfir dauðar bikinífyrirsætur sem detta niður dauðar eins og flugur í Ameríku.

Sennilega hefur þó handritshöfundum, leikurum og leikstjórum sakamálaþátta fallist hendur þegar austurríska lögreglan opnaði viðbjóðsveröld Josef Fritzl, og hafa eflaust hugsað með sjálfum sér að jafnvel þótt þeir hefðu grafið djúpt í skúmaskot skuggaveraldarinnar hefði þeim aldrei tekist að matreiða slíkan óhugnað ofan í áhorfendur sína. Þess vegna er eflaust besta sakamálaserían um þessar mundir sýnd á fréttarásum Sky og BBC, þótt okkur hugnist eflaust best að vera svæfð yfir rólegu og skáldlegu bresku sveitamorði.

## EKKI MISSA AF



▶ **20.10 Top Chef - Nýtt** SKJÁR EINN



▶ **20.20 Tískuráð Tim Gunns** STÖÐ 2



▶ **20.55 Gatan** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.30 Chappelle's Show** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **22.00 Eulogy** STÖÐ 2 BÍÓ

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Kappflugið í himingeimnum**
**17.55 Alda og Bára**
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Alvöru dreki**
**18.23 Sígildar teiknimyndir**
**18.30 Nýi skólinn keisarans**
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Fæðingarheimilið** (3:9) (Private Practice) Addison Montgomery læknir í Grey's Anatomy-þáttunum heimsækir gömul skólasystkini sín til Kaliforníu.
▶**20.55 Gatan** (6:6) (The Street II) Breskur myndaflokkur um hversdagsævintýri nágranna í götu í bæ á Norður Englandi. Fyrri syrpan úr þessum flokki hlaut bæði BAFTA- og alþjóðlegu Emmy-verðlaunin.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Kiljan** Bókmenntaþáttur í umsjón Egils Helgasonar. Kolbrún Bergþórsdóttir og Páll Baldvin Baldvinsson eru álitsgjafar þáttarins.
**23.10 Veisla á hvíta tjaldinu** (Le cinéma passe é table) Frönsk heimildamynd um mat og matarveislur í bíómyndum. Fjallað er um viðfangsefnið vítt og breitt og sýnt úr fjölda mynda þar sem krásir ber á góma.
**00.15 Sá stóri** (Big Fish)
**02.15 Kastljós**
**02.45 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 North Country**
**08.05 Pelle Politibil**
**10.00 Blue Sky**
**12.00 Home for the Holidays**
**14.00 Pelle Politibil**
**16.00 Blue Sky**
**18.00 Home for the Holidays**
**20.00 North Country**
▶**22.05 Eulogy** Kolsvört gamanmynd með Hank Azaria, Ray Romano og Kelly Preston í aðalhlutverkum.
**00.00 Psycho**
**02.00 Coach Carter**
**04.15 Eulogy**

## STÖÐ 2

**07.00 Justice League Unlimited**
**07.25 Ofurhundurinn Krypto**
**07.50 Kalli kanína og félagar**
**08.10 Oprah** (Faces Of Autism)
**08.50 Í fínu formi**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.25 La Fea Más Bella**
**10.10 Standoff** (7:18)
**11.15 Extreme Makeover. HE** (26:32)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Neighbours** (Nágrannar)
**13.10 Sisters** (12:24)
**13.55 Phenomenon** (5:5)
**14.40 Wife Swap** (6:10)
**15.25 Friends** (Vinir)
**15.55 Skrímslaspilið** (Yu Gi Oh)
**16.18 Batman**
**16.43 Könnuðurinn Dóra**
**17.08 Ruff´s Patch**
**17.18 Tracey McBean**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Neighbours** (Nágrannar)
**18.18 Ísland í dag, Markaðurinn og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Ísland í dag og íþróttir**
**19.30 The Simpsons**
**19.55 Friends** (18:24) (Vinir)
▶**20.20 Tim Gunn´s Guide to Style** (4:8) Eins og nafnið gefur til kynna þá leggur Tim Gunn línurnar í stíl, hönnun og tísku í þessum nýja þætti sínum. Skemmst er frá að segja að þegar hann var frumsýndur fyrir skömmu vestanhafs, þá sló hann í gegn og er nú orðinn umtalaðasti og vinsælasti tískuþátturinn. Og nú er loksins komið að því að Tim Gunn ætlar að sýna okkur Íslendingum hvað virkar og hvað virkar ekki.
**21.10 Grey´s Anatomy-Sagan til þessa**
**21.55 Medium** (6:16)
**22.40 Oprah**
**23.25 Grey´s Anatomy** (16:36)
**00.10 Rome** (9:12)
**01.05 Rome** (10:12)
**01.55 Bones** (4:13)
**02.40 Consequence**
**04.15 Grey´s Anatomy-Sagan til þessa**
**05.00 The Simpsons**
**05.25 Fréttir og Ísland í dag**
**06.25 Tónlistarmyndbönd frá SkífanTV**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Meistaradeild Evrópu** (Man. Utd - Barcelona)
**08.40 Meistaradeildin** (Meistaramörk)
**14.35 PGA Tour 2008 - Hápunktar**
**15.30 Meistaradeild Evrópu** (Man. Utd - Barcelona)
**17.10 Meistaradeildin** (Meistaramörk)
**17.30 Gillette World Sport** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið yfir víðan völl. Farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum út í heimi og skyggnst á bakvið tjöldin.
**18.00 Meistaradeildin - upphitun** Hitað upp fyrir leiki kvöldsins í Meistaradeild Evrópu.
**18.30 Meistaradeild Evrópu** (Chelsea - Liverpool) Bein útsending frá leik í undanúrslitum Meistaradeildar Evrópu.
**20.40 Meistaradeildin** (Meistaramörk) Sparkspekingar fara yfir stórleik kvöldsins í Meistaradeildinni. Mörkin og öll umdeildu atvikin.
**21.00 F1. Við endamarkið**
**21.45 Inside Sport** (Michael Vaughan / Sir Henry Cooper and Joe Bugner)
**22.10 Meistaradeild Evrópu** (Chelsea - Liverpool)
**23.50 Meistaradeildin** (Meistaramörk)

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.50 Man. City - Fulham**
**18.30 Premier League World** (Heimur úrvalsdeildarinnar) Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.
**19.00 Coca Cola mörkin** Farið yfir öll mörkin og helstu atvikin í leikjum síðustu umferðar í Coca Cola deildinni en þar eiga Íslendingar nokkra fulltrúa.
**19.30 Ensku mörkin** Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.
**20.30 4 4 2**
**21.50 Leikur vikunnar**
**23.30 Chelsea - Man. Utd.**

## SKJÁREINN

**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**15.25 Vörutorg**
**16.25 Snocross** (e)
**16.55 World Cup of Pool 2007** (e)
**17.45 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Racheal Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
**18.30 Jay Leno** (e)
**19.20 Kid Nation** (e)
▶**20.10 Top Chef - NÝTT** Bandarísk raunveruleikasería þar sem efnilegir kokkar þurfa að sanna hæfni sína og getu í eldshúsinu. Í hverjum þætti þurfa kokkarnir að taka þátt í tveimur keppnum og í lok hvers þáttar er einn kokkur sendur heim þar til aðeins einn matreiðslusnillingur stendur uppi sem sigurvegari.
**21.00 America's Next Top Model** (10:13) Bandarísk raunveruleikasería þar sem Tyra Banks leitar að næstu ofurfyrirsætu. Fyrirsæturnar ferðast til Rómaborgar og eru æstar yfir nýja heimili sínu. Síðan þurfa þær að takast á við erfiðasta verkefni sitt til þessa, að leika í auglýsingu fyrir Cover Girl á ítölsku.
**21.50 Lipstick Jungle** (5:7) Glæný þáttaröð sem byggð er á metsölubók frá höfundi Sex and the City. Aðalsöguhetjurnar eru þrjár valdamiklar vinkonur í New York. Victory kemst að því að annar hönnuður er búinn að stela hugmyndum hennar og reynir að komast að því hvernig hann komst yfir hennar hönnun. Það hitnar í kolunum á ný hjá Nico og Kirby en hversu alvarlegt er sambandið orðið? Wendy reynir að koma eiginmanni sínum á framfæri.
**22.40 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
**23.30 Boston Legal** (e)
**00.20 Life** (e)
**01.10 C.S.I.**
**01.50 Vörutorg**
**02.50 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: BÍÓ BÍÓ EXTRA EXTRA AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.10

### Grey's Anatomy - Sagan til þessa

Einn vinsælasti þáttur í heimi, Grey's Anatomy, snýr úr verkfallsleyfi í næstu viku og því er ekki úr vegi að staldra við og rifja upp hvað drifið hefur á daga skurðlæknanna til þessa í fjórðu þáttaröðinni.



## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Chelsea - Liverpool

**Stöð 2 Sport kl. 18.30**

Eftir fádæma klaufalegt sjálfsmark John Arne Riise á lokamínútunni á Anfield stendur Chelsea með pálmann í höndunum. Sjálfstraustið hefur heldur ekki minnkað hjá Lundúnaliðinu eftir helgina, en þá sigruðu þeir meistarana frá Manchester. Liverpool hefur hins vegar alltaf toppað sig í Meistaradeildinni og er til alls líklegt.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**08.00** Morgunfréttir
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Brot af eilífðinni
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Tónar að nóni
**15.03** Útvarpssagan: Skugga-Baldur
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Stefnumót
**21.10** Út um græna grundu
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Í öðrum heimum – vísindaskáldskapur kvenna
**23.00** Gárur
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks**

**16.30 Hollyoaks**

**17.00Special Unit 2** (19:19)

**17.45 X-Files** (21:24) Fox Mulder trúir á meðan Dana Scully efast er þau rannsaka yfirnáttúruleg mál innan FBI. Leynileg öfl reyna að hindra leit þeirra að sannleikanum.

**18.30 Chappelle's Show**

**19.00 Hollyoaks**

**19.30 Hollyoaks**

**20.00 Special Unit 2** (19:19) Gamansamir bandarískir spennuþættir þar sem við fylgjumst með sérdeild sem rannsakar allra óvenjulegustu málin sem lögreglan þarf að hafa afskipti af, mál sem oftar en ekki eru af yfirnáttúrulegum toga.

**20.45 X-Files** (21:24)

▶**21.30 Chappelle's Show** Dave Chappelle er einn allra vinsælast OG umdeildasti grínistinn í Bandaríkjunum í dag. Hér er hann mættir ú þriðju þáttaröðinni og hefur aldrei verið meira krassandi.

**22.00 Hell's Kitchen** (6:11)

**22.45 Shark** (8:16) Stórleikarinn James Woods snýr aftur í hlutverki lögfræðingsins eitilharða Sebastian Stark. Við höldum áfram að fylgjast með Sebastian sækja erfiðustu málin fyrir saksóknaraembættið en oftar en ekki hittir hann fyrir harðsvíraða glæpamenn sem hann eitt sinn varði sjálfur.

**23.30 Extreme: Life Through a Lens** (12:13) Hér eru sagðar sögur stjarnanna í Hollywood í gegnum myndir sem hafa birst í stærstu fjölmiðlum og hafa haft áhrif á líf þeirra og feril.

**00.15 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Mér finnst...** Kolfinna Baldvinsdóttir og Ásdís Olsen eru umsjónarkonur. Elísabet Jökulsdóttir og Katrín Júlíusdóttir kíkja við ásamt leynigesti.

**21.00 Af lífi og sál** Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins, spjallar við áhorfendur ÍNN eins og honum einum er lagið.

**21.30 Fókus á framhaldsskóla** Nemendur frá Fjölbrautaskóla Snæfellinga kynna skólann og félagslífið.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**11.50** Ha' det godt **12.20** Elsker dig for evigt? **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Dawson's Creek **14.00** Pigerne mod drengene **14.30** Bernard **14.35** Svampebob Firkant **15.00** AMIGO 15.30 Shanes verden **15.55** Tjulahop - Cecillie **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Hvad er det værd? **18.00** S¢ren Ryge præsenterer **18.30** Danskernes Kr¢nike - Vores b¢rn **19.00** TV Avisen **19.25** SportNyt 19.30 Det er mig der snakker **21.05** Under huden **22.10** Onsdags Lotto **22.15** OBS **22.20** Seinfeld **22.45** Godt arbejde **23.15** Kom igen

## NRK 1

**12.00** Jan i naturen **12.15** Presidenten **13.00** Zombie hotell **13.30** Malena **14.05** Desperados **14.30** Fabrikken **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** Danske vidunder **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Nysgjerrige Nils **16.15** Dyrestien 64 **16.25** Todds verden **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Forbrukerinspekt¢rene **17.55** Veterinær på safari **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.40** Vikinglotto **19.45** Sporl¢st forsvunnet **20.30** Migrapolis **21.00** Kveldsnytt **21.15** Lydverket: Musikkbyen Reykjavik **21.45** The Wire **22.40** Viten om **23.10** Kulturnytt **23.20** Du skal h¢re mye jukeboks

## SVT 1

**11.50** Härligt förälskad **13.30** Andra Avenyn **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Naturnollorna **15.30** Krokodill **16.00** Bolibompa **16.10** Så orättvist **16.20** Lilla röda traktorn **16.30** Hjärnkontoret **16.55** Känsliga bitar **17.00** Bobster **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Valborg från Ulvön **19.00** Uppdrag Granskning **20.00** Barnmorskorna **20.30** Morgonsoffan **21.00** Big Love **21.50** Rapport **22.00** Kulturnyheterna **22.15** Sthlm **23.00** Var fan är mitt band?




# Nám samhliða starfi

- styrktu stöðu þína á vinnumarkaði

**Umsóknarfrestur er til 5. maí**

H:N markaðssamskipti / SÍA

## NÁM SAMHLIÐA STARFI

Rekstrar- og viðskiptanám
Mannauðsstjórnun
Þjónustustjórnun
Gæðastjórnun
Verkefnastjórnun - leiðtogaþjálfun

Nýtt Leiðsögunám á háskólastigi
Nýtt Markaðssamskipti - stefnumörkun og framkvæmd
Nýtt Þekkingarmiðuð þjónustustjórnun
Nýtt Nám í verðbréfaviðskiptum

ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Nánari upplýsingar og skráning:

sími 525 4444
endurmenntun.is

## MORGUNMATURINN



*„Ég er mikill morgunmaður og morgunmaturinn er mér því mikilvægur, en hann samanstendur af súrmjólk, múslí og banönum að ógleymdu rótsterku, svörtu kaffi sem ég drekk á meðan ég les blöðin.“*

Ari Kristinsson kvikmyndaleikstjóri.

# Sveitasælan bræðir Dagvaktarmenn

„Samstarfið hefur verið alveg frábært og það hefur allt gengið mjög vel. Ég hef ekkert undan þeim að kvarta,“ segir Árni Sigurpálsson, hótelstjóri á Hótel Bjarkarlundi. Undanfarnar vikur hefur Dagvaktin sölsað undir sig staðinn fyrir sjálfstætt framhald af hinni ofurvinsælu Næturvakt og Árni sér til þess að engan skorti eitt eða neitt, hvorki mat né drykk. „Það er nú bara hinn almenni heimilismatur sem er borinn á borð á hverjum degi og borgarbörnin hafa síður en svo fúlsað við honum. Þeir eru ekkert að biðja um pylsu og kók,“ segir Árni sem er daglega með um þrjátíu manns í mat á hverjum degi.

Þegar Fréttablaðið náði tali af honum höfðu staðið yfir tökur um nóttina og hópurinn því ekki mætt í hádegismat. En um kvöldið yrði boðið upp á saltfisk með rófum og hamsatólgi. Menn myndu síðan gera sér dagamun á frídegi verkalýðsins, 1. maí. „Þá verður einhver steik á boðstólum og ef það viðrar vel þá er aldrei að vita nema maður bara grilli,“ útskýrir Árni sem kýs íslenskt lamb ofar öllu á grillið sitt.

Eins og kom fram í Fréttablaðinu fyrir skömmu hefur Jón Gnarr haft það fyrir sið að umbreytast í Georg Bjarnfreðarson, hinn skapstygga og pirraða vaktstjóra, þegar tökuvélarnar byrja að rúlla. Og fór aldrei úr karakter á meðan Næturvaktin var gerð í miðborg Reykjavíkur. Hins vegar virðist sveitasælan fyrir vestan hafa brætt bæði Jón og Georg því leikarinn Gnarr hefur leikið við hvurn sinn fingur milla takna og er afar kurteis að sögn Árna. „Já, hann var víst Georg allan tímann síðast en núna er hann þeir báðir, Georg fyrir framan tökuvélarnar en Jón þess á milli.“ **- fgg**



**BLÍÐUR** Jón Gnarr sýnir sitt rétta andlit á milli takna. Hann hafði búist við að festast í hlutverki Georgs Bjarnfreðarsonar.



**NÆRIR DAGVAKTINA** Árni Sigurpálsson er potturinn og pannan á bak við matinn fyrir Dagvaktina. Hann segist bara elda venjulegan heimilismat nema þegar vel viðrar, þá er tendrað upp í grillinu.



**LÁRÉTT**
**2.** lítið **6.** frá **8.** átti heima **9.** yfirgaf **11.** málmur **12.** stoðgrind **14.** samfokin fönn 16. utan **17.** knæpa **18.** að **20.** bardagi **21.** blóðsuga.

**LÓÐRÉTT**
**1.** slitrótt tal **3.** í röð **4.** gutla **5.** tæki **7.** pedali **10.** segi upp **13.** draup **15.** setja **16.** erlendis **19.** tveir eins.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** lágt, **6.** af, **8.** bjó, **9.** fór, **11.** ál, **12.** stell, **14.** skafl, **16.** út, **17.** krá, **18.** til, **20.** at, **21.** igla.
**LÓÐRÉTT: 1.** tafs, **3.** áb, **4.** gjálfra, **5.** tól, **7.** fótstig, **10.** rek, **13.** lak, **15.** láta, **16.** úti, **19.** ll.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Grunnskólakennarar.
2. Matti Vanhanen.
3. Fúla bloggara.

**Hringdu í síma**
**512 50 60**
**ef blaðið berst ekki**




## GÍSLI ÖRN GARÐARSSON: SÁPUSTJÖRNUR Í BRESKRI ÚTGÁFU AF ÁST

# Afþakkaði Pussy Galore

„Maður verður bara að velja það sem er best fyrir sýninguna en ekki vera að hugsa um einhver nöfn,“ segir Gísli Örn Garðarsson. Gamla Bond-pían Honor Blackman hlaut ekki náð fyrir augum leikstjórans og verður því ekki hluti af enskri uppfærslu á söngleiknum Ást, sem frumsýndur verður þann 29. maí í Lyric Hammersmith-leikhúsinu. Fjöldi breskra leikara á besta aldri mætti í prufur fyrir söngleikinn fyrr á þessu ári, og þar var nafn Blackman hvað þekktast á þátttakendaskránni. Blackman fór með hlutverk Pussy Galore í Goldfinger, og þótt hlutverk Bondstelpnanna hafi oftar en ekki fallið í gleymskunnar dá er nafnið Pussy án efa eitt af þeim eftirminnilegri í sögu bálksins um breska leyniþjónustumanninn.

Enginn hörgull er hins vegar á þekktum breskum leikurum í sýningunni, þótt nöfn þeirra komi Íslendingum spánskt fyrir sjónir. Gísli segist reyndar lítið hafa kynnt sér feril þessara leikara en breskir leikhúsáhugamenn séu upprifnir yfir leikaravalinu og telji hann hafa komist í feitt. Meðal helstu leikara má nefna Dudley Sutton sem lék aðstoðarmann forngripasalans Lovejoy í samnefndum þáttum, en þeir nutu mikilla vinsælda á Bretlandseyjum. Auk þess hefur Dudley verið fastur gestur í hinum vinsælu sápum EastEnders og er feykilega virtur í breskum leikhúsheimi. Sutton er þó ekki eina breska sápustjarnan sem verður á sviði Lyric Hammersmith-leikhússins undir stjórn Gísla því Maria Charles, löngu fræg hjá tjöllum fyrir leik sinn í sápunni Coronation Street, verður einnig meðal leikenda. Auk þeirra Sutton og Charles verður Anna Calder-Marshall hluti af leikhópnum, en hún hefur verið heimilisvinur bresku þjóðarinnar í tæp fjörutíu ár í fjölbreyttum sjónvarpsmyndum og þáttum frá BBC. Ítarleg umfjöllun var um enska Ást í menningarkálfi Guardian á laugardaginn. Gísli segist merkja það að Vesturport eigi sér dygga fylgismenn innan breska leikhússlífsins, og grannt sé fylgst með hvað leikhópurinn taki sér fyrir hendur.

Að sögn Gísla hefur söngleikurinn verið aðlagaður að breskum raunveruleika og því hafa íslensku slagararnir verið látnir víkja fyrir enskri klassík. Meðal tónlistarmanna sem eiga lög í sýningunni eru Nick Cave, The Streets, Arctic Monkeys og Madness, auk þess sem tónlist sukkdrottningarinnar Amy Winehouse leikur víst stórt hlutverk. „Þetta er sennilega í fyrsta skipti þar sem ég veit hvað ég er að gera. Maður byrjar oft á byrjunarreit en veit aldrei hvar maður endar en núna er þetta svona tiltölulega skýrt,“ segir Gísli.

freyrgigja@frettabladid.is








**ÁST SETT UPP Í LONDON**

Dudley Sutton til vinstri, fer með hlutverk í söngleiknum Ást þegar hann verður settur upp í Bretlandi. Sutton er kunnur fyrir hlutverk sitt í Lovejoy. Bond-pían Honor Blackman, sem lék Pussy Galore, hlaut ekki náð fyrir augum Gísla Arnar Garðarssonar, sem er neðst til hægri.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Sú saga flýgur nú fyrir að vöðvatröllið í Merzedes Club, **Gaz-man**, vilji bæta sviðsframkomu sína. Með það fyrir augum er hann nýverið byrjaður að læra dans en engum sögum fer af hvernig það gengur – enn sem komið er.

Í kvöld munu vinnufélagar **Láru Ómarsdóttur**, fyrrum fréttamanns á Stöð 2, kveðja hana með tárum í kveðjusamsæti á veitingastað í miðborginni – enda Lára með afbrigðum vinsæl á sínum vinnustað. En Lára mun ekki vera lengi aðgerðarlaus, ýmsir hafa falast eftir kröftum hennar og mun hún tilkynna um nýjan vinnuveitanda sinn og vinnustað á föstudag.



**Atli Gíslason** alþingismaður er nú störfum hlaðinn upp fyrir haus því hann þarf nú að sinna sínu starfi aðstoðarmannslaus. **Heiða** er í Kína og spilar þar með hljómsveit sinni Hellvari.



Furðulegs misskilnings gætir um fortíð **Sturlu Jónssonar** vörubílstjóra. Fréttablaðið greindi frá því í gær að hann yrði næsta umfjöllunarefni **Jóns Ársæls** sjónvarpsstjörnu, og því að Jón ætlaði sérstaklega að inna hann eftir ærslaturflunum og því þegar hann var andsetinn. Líklega hefur komið á viðmælanda Jóns Ársæls við þær spurningar því það var alls ekki Sturla vörubílstjóri sem lenti í ærsladraugafyrirbærum heldur alnafni hans. Misskilningsins varð fyrst vart á síðu **Stefáns Pálssonar** sem reit færslu undir fyrirsögninni „Ærsladraugur á þjóðveginum“ og vísaði í grein á sigurfreyr.com. Nú er komið í ljós að um allt annan Sturlu var að ræða. **- jbg**







**Vor í Kaupmannahöfn!**

Come2 Scandinavia er með tvær íbúðir í miðborg Kaupmannahafnar. Einungis 15mín gangur að Ráðhústorgi. Þetta er frábær og ódýr lausn fyrir hópa og fjölskyldur sem vilja hafa það gott yfir helgi eða viku í Köben. Erum einnig með góð verð á bílaleigubílum.

**Nánari upplýsingar á www.come2scandinavia.com**

COME 2 SCANDINAVIA

**Sími:** +45 3325 6425 • **Netfang:** info@come2scandinavia.com

# Þjóðþekktir auglýsa á hvolfi

24 þjóðþekktir Íslendingar eru í aðalhlutverki í nýrri auglýsingaherferð Umferðarstofu, Reykjavíkurborgar og Eimskipa, Gott á haus, þar sem hvatt er til notkunar reiðhjólahjálma í umferðinni.

Á meðal þeirra eru Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Auðunn Blöndal, Logi Bergmann, Helga Braga, Ragnheiður Gröndal, Jói Fel, Sammi í Jagúar og Tryggvi Guðmundsson.

Auglýsingin, sem verður birt í dagblöðum, tímaritum og víðar á næstunni, er í óvenjulegri kantinum, því þátttakendur voru látnir snúa á haus til að sýna fram á hversu vel hjálmurinn passar. „Útkoman er stundum dálítið fyndin,“ segir Birgir Hákonarson hjá Umferðarstofu, og játar að hugmyndin sé ekki ósvipuð þeirri og var notuð við gerð smokkaplakatsins sem vakti mikla athygli á sínum tíma.

Hann segir að fullorðnir þurfi að vera börnunum sínum góð fyrirmynd í umferðinni. „Lögin segja að allir yngri en fimmtán ára þurfi að vera með hjálm. Maður hefur heyrt að fullorðna fólkinu finnist hallærislegt að vera með hjálm, en það verður að láta tískuna aðeins til hliðar því það hefur margsannað sig að hjálmar skipta sköpum í umferðinni,“ segir hann.

Umferðarstofa ætlar einnig að hleypa af stokkunum herferð fyrir aukinni hjólreiðanotkun. „Þetta er góður valkostur á tímum hækkandi bensínverðs og það sakar ekki að hjólin eru bæði umhverfisvæn og góð fyrir heilsuna. Reykjavíkurborg hefur lagt mikið á sig til að setja upp hjólreiðastíga og það er nánast hægt að komast hvert sem er innan borgarmarkanna á hjólum. Það vantar bara upp á tenginguna á milli sveitarfélaganna,“ segir Birgir. **- fb**



**SAMMI Í JAGÚAR** 24 þjóðþekktir Íslendingar hvetja til notkunar reiðhjólahjálma í nýrri auglýsingu Umferðarstofu.

# PERLURUGL!

## ÚTIVISTAR, TÍSKU OG SKÓMARKAÐURINN

# Í PERLUNNI

## STENDUR TIL 11. MAÍ

**- OPIÐ FRÁ 12:00 - 18:00 ALLA DAGA**

**HEFST Á MORGUN FIMMTUDAG 1.MAÍ**

### 66°Norður

| | |
|---|---|
| Jakkar............... | 2.000 – 4.500 kr. |
| Fleece............... | 2.000 – 3.000 kr. |
| Dúnúlpur........... | 7.000 kr. |
| Krakka flauelsbuxur........ | 1.000 kr. |
| Krakka jakkar..... | 2.000 kr. |
| Regnjakkar barna........ | 1.000 kr. |
| Krakka peysur............. | 1.000 kr. |
| Barna fleecebuxur........ | 1.500 kr. |
| Vinnu fleecepeysur............. | 500 kr. |
| Vinnuúlpur......... | [illegible] kr. |
| Vind-jakki........ | [illegible] kr. |
| Vind-buxur........ | [illegible] |

### Skór

| | |
|---|---|
| Herraskór frá....................... | 2000 kr. |
| Dömuskór frá....................... | 1000 kr. |
| Barnaskór frá....................... | 500 kr. |
| Ecco dömuskór frá. 5000 áður 11995 kr. | |
| Dömustígvél frá..... 3000 áður 14995 kr. | |

## GRÆJAÐU ÞIG UPP FYRIR SUMARIÐ

### Blend

| | |
|---|---|
| Jakkar frá........................ | 3000 kr. |
| Peysur frá........................ | 1500 kr. |
| Skyrtur frá........................ | 1500 kr. |
| [illegible]........................ | 1000 kr. |
| [illegible]........................ | 2000 kr. |
| Kjólar frá........................ | 1500 kr. |
| [illegible] frá........................ | 1500 kr. |



BLEND She

Kaupfélagið

66° NORÐUR

ecco

skór.is

BLEND

STEINAR WAAGE SKÓVERSLUN

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

„...fyrst á visir.is“

visir.is

...ég sá það á visir.is



**BAKÞANKAR**
Þórhildar Elínar Elínardóttur

# *Hressandi kreppa*

Þótt samúð með vörubílstjórum hafi runnið út í sandinn fer ekki hjá því að ópin um eldsneytishækkun hafi orðið bensín á dýrtíðarhræðsluna. Sniðugt, ekki satt? Hroðaleg verðbólga ekki lengur bara bráðum heldur núna. Kennarar semja hægt og hljótt um frekar vel heppnaða launahækkun þótt enginn myndi eftir því að þeir ættu í kjarabaráttu. Og á eftir fylgir svo skriðan. Alls kyns upphrópanir af ýmsum toga um yfirvofandi verðhækkanir á því sem við þurfum og verðlækkanir á því sem við eigum ýfa enn frekar upp framfærsluóttann sem allar kynslóðir á undan okkur þekktu mætavel. Áður fyrr kallaði hann á forsjálni og aðhaldssemi sem á okkar tímum heitir trúlega mótvægisaðgerðir.

**ÞAÐ** er sumsé hefð fyrir sparnaði undir ýmsum nöfnum. Skynsamt og vel gefið fólk er fyrir löngu byrjað að leggja fyrir eftir flóknum kerfum. Smá inn á höfuðstól húsnæðislánsins, prósentur af brúttótekjum inn á hina og þessa reikninga. Einn fyrir óvæntum útgjöldum, annan fyrir sumarfríið og þriðja fyrir blessuð börnin. Við hin rönkum við okkur þegar allt er komið í óefni. Vegna þess að ég er einföld sál gerðist það svona:

**FISKURINN** sem ég dró úr frystinum um morguninn (fékk smá forsjálni í arf) til að elda um kvöldið var keyptur í lágvöruverðsverslun (aðhaldssemin, sjáið til) og sérstaklega merktur stórum fjölskyldum. Magninnkaup henta vel þar sem mörg átvögl eru samankomin. Síðdegis innihélt pokinn hinsvegar ekki lengur kíló af ýsuflökum heldur bara 680 grömm samkvæmt vísindalegri vigtun á eldhúsborðinu og fullt af vatni. Framleiðandinn hafði á lúmskan hátt lagt sig fram um að svindla á okkur öllum.

**GAMLI** námsmaðurinn lifnaði úr dáinu á staðnum. Sá sem kreisti hverja krónu þar til hún skrækti, notaði öll sparnaðarráðin og fann sjálfur upp ný. Sá sem fór aldrei í verslun nema brýna nauðsyn bæri til nema ef búðin ætti afmæli og byði upp á grillaðar pylsur. Gleymdi veskinu heima. Fékk sér morgunkaffið í bankanum, bauð sér í mat til foreldranna, tók slátur og strætó, stoppaði í sokkana og verslaði í Góða hirðinum. Fairtrade latte, iPod, laptop og hugsunarlaust spreð er liðin tíð. Mótvægisaðgerðir heimilisins hafa gengið í endurnýjun lífdaga.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er miðvikudagurinn 30. apríl, 121. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 5.02 | 13.25 | 21.50 |
| Akureyri | 4.35 | 13.10 | 21.47 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

